HLÍN ÍRIS ARNÞÓRSDÓTTIR

Gefur uppskrift að marengsfjalli

Matur Ferðir

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

TÍSKA OG FEGURÐ

Litið í fataskápinn hjá Dr. Spock

Sérblað um tísku

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. febrúar 2008 — 59. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR

Eno á Listahátíð

Tónlistarmaðurinn Brian Eno er einn þátttakenda í opnunaratriði Listahátíðar í Reykjavík í maí.

FÓLK 38

Rífandi stemning fyrir Gettu betur

Lið Menntaskólans í Reykjavík og Verzlunarskóla Íslands mætast í Vetrargarðinum í kvöld.

FÓLK 38

Paradís framkvæmdavaldsins

„Á Íslandi er frumkvæði að lagasetningu horfið frá Alþingi yfir til ráðuneytanna“, skrifar Sverrir Jakobsson.

Í DAG 24

Betra vinnuumhverfi

Dagur Sigurðsson tekur líklega við landsliði Austurríkis á næstunni.

ÍÞRÓTTIR 42

VEÐRIÐ Í DAG



SNJÓKOMA EÐA ÉL Í dag verður hvöss norðaustanátt við Suðausturströndina og strekkingur á Vestfjörðum annars hægari. Víða él. Snjókoma í kvöld norðan og austan til en úrkomulítið syðra.

VEÐUR 4

IÐNÞING 2008
6. MARS

ÍSLAND OG EVRÓPA
MÓTUM EIGIN FRAMTÍÐ

SI
Samtök iðnaðarins

VETRARBOLTI Nokkrir piltar úr Menntaskólanum í Reykjavík létu snjó og kulda ekki á sig fá í gær og léku knattspyrnu á Tjörninni í Reykjavík þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. Menntaskólanemendur hafa stundað þennan leik um árabil. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mikil þörf á rými fyrir geðsjúka glæpamenn

Geðsjúkir glæpamenn hafa ítrekað þurft að afplána í fangelsum þar sem ekki eru nægilega mörg rými fyrir þá á sjúkrastofnunum. Á Sogni eru sjö pláss, en samkvæmt úttekt sem skilað var til heilbrigðisráðherra þurfa þau að vera tuttugu.

FANGELSISMÁL „Það er ekki að sjá annað en að þessum upplýsingum hafi bara verið stungið undir stól í heilbrigðisráðuneytinu,“ segir Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, um úttekt sem heilbrigðisráðuneytið lét gera fyrir tveimur árum um réttargeðdeildina á Sogni.

Í skýrslunni var lagt til að rýmum yrði fjölgað úr sjö í tuttugu því „löngu sé orðið tímabært að endurbæta [húsnæðið] og stækka“ eins og segir í skýrslunni en ekki hefur verið brugðist við niðurstöðum hennar á nokkurn hátt frá því henni var skilað.

Einnig er í skýrslunni bent á að frá aldamótum hafi fleiri sjúklingar legið á Sogni en gert var ráð fyrir. Á slíkri stofnun á þó alltaf að hafa tiltækt laust vistrými í ljósi þess hve skyndilega geta komið upp alvarleg atvik. Á síðustu árum hafa átta til níu manns verið vistaðir þar og því ekkert rými verið laust fyrir neyðartilfelli. Um ástandið segja skýrsluhöfundar: „Það er í raun mikil heppni að ekki hefur komið til alvarlegra vandræða af þeim sökum.“

> Það er mjög mikilvægt að fangelsisyfirvöld hafi greiðan aðgang að rýmum fyrir dómþola sem eru það veikir að ekki er unnt að vista þá í venjulegum fangelsum.
>
> **PÁLL WINKEL**
> FORSTJÓRI FANGELSISMÁLASTOFNUNAR

Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, segir að reglulega komi það fyrir að menn sem með réttu ætti að vista á sjúkrastofnun þurfi að vista í fangelsi sakir skorts á rýmum á Sogni. „Það er mjög mikilvægt að fangelsisyfirvöld hafi greiðan aðgang að rýmum fyrir dómþola sem eru það veikir að ekki er unnt að vista þá í venjulegum fangelsum. Misbrestur hefur verið á því,“ segir Páll.

Í nágrannalöndunum er gert ráð fyrir að sjö vistrými á réttargeðdeild séu á hverja 100 þúsund íbúa. Samkvæmt því þarf 21 rými á Íslandi.

Skýrsluhöfundar benda á að aukin vímuefnaneysla valdi aukningu á geðrænum vandamálum og glæpum. Viðvarandi aðstöðuleysi hafi háð stofnuninni frá upphafi. Þar eru mjög takmörkuð meðferðar- og endurhæfingarúrræði.

„Þetta er eitt af þeim verkefnum sem eru brýn í aðstöðumálum heilbrigðisþjónustunnar,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra.

- kdk

Plata Garðars Thors:

Tilnefnd til Brit-verðlauna

FÓLK Cortes, plata Garðars Thors Cortes, er meðal þeirra tíu sem tilnefndar eru í flokknum besta plata ársins hjá Classical Brits Awards. Verðlaunin þykja mikil viðurkenning fyrir Garðar en Sir Paul McCartney hlaut þessi verðlaun í fyrra. Úrslitin ráðast í maí en umslögin verða opnuð við hátíðlega athöfn í Royal Albert Hall fimmtudaginn 8. maí.

- fgg / sjá síðu 36

Stóri BÓKA MARKAÐURINN Perlunni

28. febrúar til 9. mars
Opið 10–18 alla daga

SPURNING DAGSINS

Þórir, voru brotalamir á brekkunum?

Ég veit ekki gjörla hvað skeði/þótt lífið lægi að veði./ Skíðaskolli stakk í mig kolli/ svo lá ég í drifhvítum beði.

Þórir Gunnarsson tvíbrotnaði í skíðaslysi í ítölsku Ölpunum.

Sex menn voru í Hæstarétti dæmdir í samtals rúmlega þrettán ára fangelsi:

Þungur dómur yfir sextán ára pilti

DÓMSMÁL Hæstiréttur dæmdi í gær sex unga síbrotamenn í samtals rúmlega þrettán ára fangelsi fyrir fjölda afbrota. Þrír hlutu lengri dóm en þrjú ár.

Sá sem þyngsta dóminn hlaut, fjögur ár, er einungis sextán ára og yngstur sexmenninganna. Hann hlaut tveggja og hálfs árs dóm í héraði. Hann var dæmdur fyrir líkamsárásir, rán, ránstilraunir, þjófnaði, fíkniefnabrot og fleira. Pilturinn var einungis fimmtán ára þegar brotin voru framin. Alvarlegasta brotið var árás á leigubílstjóra, sem pilturinn barði tvívegis í höfuðið með hamri. Höggið hefði hæglega getað dregið hann til dauða, að mati læknis. Sökum aldurs verður pilturinn ekki nafngreindur.

Davíð Þór Gunnarsson, 19 ára, var dæmdur í þriggja og hálfs árs fangelsi fyrir fjölda þjófnaða, fíkniefnabrot, brot gegn valdstjórninni, húsbrot og fleira.

Ívar Aron Hill Ævarsson, 21 árs, hlaut þriggja ára dóm fyrir þrjú rán, stórfelld eignaspjöll, fíkniefnabrot og þjófnaði. Mennirnir frömdu sum brotin í sameiningu.

Auk þeirra þriggja var 25 ára maður dæmdur í fjórtán mánaða fangelsi, 27 ára maður í hálfs árs fangelsi og annar jafngamall honum á árs skilorð. - sh

HÆSTIRÉTTUR Hæstiréttur þyngdi dóm héraðsdóms yfir yngsta piltinum um eitt og hálft ár.

Fíkniefni gerð upptæk:

Vopnuð lögregla á Bifröst

LÖGREGLUMÁL Fjölmennt lið lögreglu- og tollgæslumanna leitaði í þremur íbúðum nemenda á Bifröst í gærkvöldi. Kannabisefni, amfetamín og kókaín í neysluskömmtum fundust í íbúðunum. Einn var handtekinn grunaður um akstur undir áhrifum fíkniefna.

Lögreglan í Borgarfirði, fíkniefnadeild höfuðborgarlögreglunnar, sérsveit Ríkislögreglustjóra og tollgæslan tóku þátt í aðgerðinni; alls fimmtán manns. Sérsveitarmennirnir voru vopnaðir skammbyssum þar sem talið var að skotvopn væru í einni íbúðinni. Svo var ekki. - sh

Fyrirtækin fái að kasta krónu:

Vill alþjóðlega bókhaldsstaðla

VIÐSKIPTI Stjórnvöld eiga ekki að ákveða í hvaða mynt fyrirtæki gera upp bækur sínar og færa hlutafé í kjósi þau aðra mynt en krónur. Þetta segir Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Existu.

Á aðalfundi Existu í gær var samþykkt að veita stjórn fyrirtækisins heimild til þess að færa hlutabréf Existu í evrur telji stjórnin slíkt fýsilegt.

Lýður segir að íslensk fyrirtæki eigi sjálf að taka ákvörðun um þetta mál en ekki stjórnvöld. Það verði að vera innan marka alþjóðlegra bókhaldsstaðla líkt og tíðkist erlendis. - jab

Nýr dálkur hefur göngu sína:

Gunnar spottar í Fréttablaðinu

UMRÆÐA Nýr þáttur hóf göngu sína í Fréttablaðinu fyrir viku, skopmyndadálkurinn Spottið í umsjón Gunnars Karlssonar teiknara. Dálkurinn birtist vikulega á föstudögum og er innblásinn af málum sem eru ofarlega á baugi í þjóðfélagsumræðunni.

GUNNAR KARLSSON

Gunnar er þekktur fyrir teikningar sínar og teiknimyndir og hefur meðal annars unnið til verðlauna fyrir teiknimyndirnar Litla lirfan ljóta og Anna og skapsveiflurnar. Fréttablaðið býður Gunnar velkominn til leiks.

Sjá síðu 26

Umboðsmaður skoði lögmæti samrunans

Kennarafélag Iðnskólans hyggst beina þeim tilmælum til umboðsmanns Alþingis að hann kanni lögmæti samruna skólans við Fjöltækniskólann. Mikil óánægja er með vinnubrögð og margir kennarar íhuga að þiggja ekki starf við nýja skólann.

MENNTAMÁL Skrifað verður undir sameiningarsamning Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskóla Íslands í dag. Kennarar við Iðnskólann eru afar óánægðir með vinnubrögð við sameininguna og til stendur að kennarafélag skólans sendi umboðsmanni Alþingis bréf þar sem þeim tilmælum er beint til hans að hann kanni lögmæti hennar.

Á aðalfundi kennarafélagsins fyrir tveimur vikum lagði Haukur Ragnar Hauksson, kennari við skólann, fram tillögu um að senda umboðsmanni bréf vegna málsins. Tillagan var samþykkt samhljóða. Bréfið verður sent á næstunni, að sögn Reynis Vilhjálmssonar, formanns kennarafélagsins.

Óánægja hafði kraumað lengi í hópi kennara með það hvernig skólameistarinn Baldur Gíslason og aðrir höfðu staðið að undirbúningi sameiningarinnar. Upplýsingaflæði hafi verið af afar skornum skammti og ekkert samráð hafi verið haft við kennara áður en ákveðið var að sameina skólana. Það hafi alfarið verið ákvörðun skólameistara skólanna tveggja, sem síðan hefði hlotið blessun menntamálaráðherra.

Haukur setur meðal annars spurningarmerki við það að Iðnskólinn sé við sameininguna einkavæddur án opinbers útboðs. „Hvers vegna er verið að afhenda skóla sem er metinn á 1,7 milljarða án útboðs?“ spyr hann. Reynir segir fulltrúa menntamálaráðuneytisins, sem funduðu nýlega með kennurunum, hafa

VIÐBYGGING Í UPPNÁMI Til hefur staðið að byggja við Iðnskólann á Skólavörðuholti. Komi til sameiningarinnar eru þau áform í uppnámi. Menntamálaráðherra sagði í samtali við Fréttablaðið í lok janúar að ríkið myndi ólíklega standa undir kostnaði við að stækka byggingar einkaskóla.

HAUKUR RAGNAR HAUKSSON

þvertekið fyrir að útboðs væri þörf.

Öllum kennurum Iðnskólans verður sagt upp störfum og þeim boðin vinna í hinum nýja skóla. Vegna óvissunnar sem ríkir meðal þeirra um starfskjör og -skilyrði í nýja skólanum íhuga nú margir að nýta biðlaunarétt sinn og þiggja ef til vill ekki vinnu í hinum sameinaða skóla. Þetta staðfesta Haukur og Reynir. Haukur bætir við að svo virðist sem ekki hafi verið tekið tillit til þess við undirbúning að stofnun nýja skólans að mögulega fáist ekki nægt fólk til starfa.

Við sameininguna verður Iðnskólinn í Reykjavík formlega lagður niður. Haukur telur Baldur Gíslason skólameistara hafa brugðist Iðnskólanum. „Maður ræður sig ekki til starfa sem stjórnandi 100 ára gamallar glæsilegrar stofnunar til þess að leggja hana svo niður,“ segir hann. stigur@frettabladid.is

HARRY PRINS Gegnir herþjónustu í Afganistan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Harry Bretaprins:

Á vígstöðvum í Afganistan

BRETLAND, AP Harry prins, eldri sonur Díönu og Karls Bretaprins, hefur síðan í desember gegnt herþjónustu á fremstu vígstöðvum í sunnanverðu Afganistan.

Ástralskt tímarit og þýskt dagblaði skýrðu frá þessu í gær. Richard Dannett, yfirmaður í breska hernum, staðfesti þetta, en sagðist vera afar vonsvikinn vegna þess að fjölmiðlar hefðu komist að þessu.

„Framferði hans í hernaðaraðgerðum í Afganistan hefur verið til fyrirmyndar,“ sagði Dannett um prinsinn, sem er 23 ára og þriðji í erfðaröð bresku krúnunnar. - gb

HEILBRIGÐISMÁL

Nýr heilsugæsluforstjóri

Svanhvít Jakobsdóttir, sviðsstjóri fjármála og rekstrar, tekur tímabundið við starfi forstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Svanhvít tekur við starfinu tímabundið af Guðmundi Einarssyni. Hann verður starfsmaður ráðuneytisins næstu mánuðina til að taka þátt í undirbúningi nýrrar stofnunar um sjúkratryggingar.

STJÓRNMÁL

Fengu eiginhandaráritun

Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi heimsótti Fossvogsskóla í síðustu viku og ræddi við þrjár elstu bekkjardeildirnar um umhverfismál. Á heimasíðu skólans kemur fram að í lokin hafi hann gefið mörgum nemendum eiginhandaráritun.

Matsfyrirtækið Moody's endurmetur lánshæfiseinkunn viðskiptabankanna:

Einkunnir allra banka lækka

VIÐSKIPTI Langtíma lánshæfiseinkunn Kaupþings lækkar um einn flokk í nýju mati alþjóðlega matsfyrirtækisins Moody's, sem gert var opinbert í gær. Glitnir og Landsbankinn lækka um tvo flokka. Einkunn fyrir fjárhagslegan styrk bankanna lækkar hjá öllum um einn flokk.

Allir talsmenn bankanna sögðu jákvætt að óvissu um einkunn Moody's sé nú eytt og horfur stöðugar.

„Það kemur óneitanlega á óvart að bankinn lækki meira en Kaupþing,“ segir Brynjólfur Helgason, framkvæmdastjóri Alþjóðasviðs Landsbankans. „Landsbankinn fær sömu langtíma lánshæfiseinkunn og hann hafði fyrir ári síðan og við teljum lausafjárstöðu bankans góða.“

„Moody's segir ekki í niðurstöðu sinni í hverju munurinn á Kaupþingi og hinum bönkunum liggi en ætla má að þeir líti til þess að áhættugrunnur Kaupþings er öðruvísi saman settur en hinna bankanna. Áhættan er dreifðari enda meirihluti af tekjum okkar og eignum erlendis. Við erum því ekki eins háð aðstæðum á Íslandi. Einnig er Kaupþing mun stærri en hinir bankarnir. Það er það helsta sem við höfum umfram hina bankanna og getur skýrt þennan mun niðurstöðu Moody's,“ segir Guðni Aðalsteinsson framkvæmdastjóri fjárstýringar Kaupþings. Moody's hefur verið með Kaupþing í endurmati síðan í ágúst á síðasta ári og segir Guðni ágætt að óvissu sé eytt. Nú haldi menn bara áfram.

LÁRUS WELDING | GUÐNI AÐALSTEINSSON | BRYNJÓLFUR HELGASON

„Ég vona að hér eftir verði meiri stöðugleiki í mati Moody's en verið hefur undanfarið ár. Glitnir er metinn af þremur helstu lánshæfismatsfyrirtækjum heims, Fitch, S&P og Moody's og eru horfur fyrir Glitni stöðugar hjá öllum þremur,“ segir Lárus Welding, forstjóri Glitnis. - bg

www.toyota.is

28. FEBRÚAR – 2. MARS

TILBOÐSTÍMI

BETRI NOTAÐIR BÍLAR Á MÖGNUÐU AFSLÁTTARVERÐI

Dagana 28. febrúar til 2. mars stendur yfir Tilboðstími hjá Toyota – Betri notuðum bílum á Nýbýlaveginum. Nú er þinn tími kominn til að tryggja þér magnaðan afslátt og einstök fjármögnunarkjör á Úrvalsbílum og Gæðabílum.

+Frábært tilboðsverð
+Flugmiðar til Evrópu fyrir tvo fylgja fyrstu 100 bílunum*
+Allt að 100% fjármögnun
+Lengri afgreiðslutími dagana 28. feb. til 2. mars

Hvað er Gæðabíll?

Er ekki í verksmiðjuábyrgð. 3 mánaða viðbótarábyrgð:

- Vélbúnaðar
- Rafbúnaðar
- Drifbúnaðar
- Hemlakerfis
- Fjöðrunarbúnaðar
- Stýrisbúnaðar

Hvað er Úrvalsbíll?

Er í verksmiðjuábyrgð. 12 mánaða viðbótarábyrgð á ofangreindum atriðum.

- Ef bíllinn bilar sjáum við um að láta gera við hann
- Við lánum þér annan bíl á meðan
- 14 daga skiptiréttur
- Umframábyrgð á bremsuhlutum (sliti)
- Neyðarsími 570 5000

BNB - sölugreining

Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

01. MARS
Opið frá: 12-17

02. MARS
Opið frá: 12-17

29. FEB.
Opið frá: 9-20

28. FEB.
Opið frá: 9-20

Allt að 100% fjármögnun

LENGRI AFGREIÐSLUTÍMI >

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

ÍSLENSKA SÍAÍS TOY 41136 02/08

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

*Flugmiðar með Icelandair, gildir út árið 2008. Flugvallarskattur ekki innifalinn.

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

GENGIÐ 28.02.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	65,30	65,62
Sterlingspund	129,27	129,89
Evra	98,52	99,08
Dönsk króna	13,178	13,256
Norsk króna	12,526	12,600
Sænsk króna	10,523	10,585
Japanskt jen	0,6128	0,6164
SDR	104,58	105,20

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
128,8604
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Minnihlutinn ætlar að sækja sinn stjórnarmann úr atvinnulífinu:

Kjartan stjórnarformaður REI

ORKA Gengið var frá skipun nýrrar þriggja manna stjórnar REI í gær. Stjórnarformaður REI er Kjartan Magnússon, sem einnig er stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur. Með honum sitja Ásta Þorleifsdóttir, varaformaður Orkuveitunnar, og Hjörleifur B. Kvaran, forstjóri Orkuveitunnar.

Hjörleifur mun sitja í stjórninni þangað til minnihlutinn skipar sinn fulltrúa í hans stað. Sigrún Elsa Smáradóttir úr Samfylkingu segir að minnihlutinn ætli að velja mann úr atvinnulífinu sem fulltrúa sinn, en ekki var búið að ganga frá valinu í gærkvöldi.

„Það er ljóst að pólitískir vindar hafa leikið um þetta fyrirtæki og það er nátengt Orkuveitunni. Stefnumótun REI verður ekki síður innan hennar. Ég taldi því að best væri að tengslin þarna á milli væru mikil, að minnsta kosti til að byrja með. Svo sjáum við til hvað verður. Það var mjög mikilvægt að eyða óvissunni," segir Kjartan. Með þessu fyrirkomulagi sé umboð stjórnar REI afar skýrt.

KJARTAN MAGNÚSSON Er nýr stjórnarformaður REI. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sjálfstæðismenn gagnrýndu á sínum tíma áhættusama útrás í opinberri eigu. Kjartan segir að nú verði þess gætt að útrásin verði ekki áhættusöm, heldur hófleg. „En við höfum aldrei gagnrýnt útrásina sem slíka."

- kóþ

Jarðhræringar í Bretlandi:

Mesti skjálfti á Englandi í 25 ár

BRETLAND Óvenjusterkur jarðskjálfti varð á Englandi aðfaranótt miðvikudags. England er ekki á virku jarðskjálftasvæði, en það kemur fyrir af og til að hreyfing verður á jarðlögum.

Skjálftinn átti upptök sín í Lincolnskíri og mældist 5,2 á Richterskvarða. Fannst greinilega fyrir honum um allt norðanvert og Mið-England, auk mestalls Wales. Húsgögn fóru víða á hreyfingu og sprungur komu í byggingar. Nítján ára námsmaður í Wombwell í Suður-Jórvíkurskíri mjaðmarbrotnaði er skorsteinn hrundi. Ekki fréttist af öðrum skaða á fólki, að sögn fréttavefjar BBC. - aa

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar:

Innflytjandi tekur sæti

HAFNARFJÖRÐUR Amal Tamimi, varabæjarfulltrúi Samfylkingarinnar, tók sæti í bæjarstjórn Hafnarfjarðar á þriðjudaginn.

AMAL TAMIMI

Þetta er í fyrsta sinn sem innflytjandi tekur sæti í bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Amal segist hafa verið mjög stressuð en allir hafi tekið sér mjög vel og fundurinn gengið vel.

Á fundinum lagði Amal fram tillögu um að ráða sérfræðing til bæjarins til að sjá um málefni innflytjenda og hafa meiri samskipti við Alþjóðahús í Reykjavík. Þannig yrði til vísir að Alþjóðahúsi í Hafnarfirði. Tillögunni var vísað til bæjarráðs. - ghs

Utanríkisráðherra á Alþingi:

Fangaflug ekki rannsakað

ALÞINGI Ekkert tilefni hefur komið fram til að skipa rannsóknarnefnd til að fjalla um fangaflug bandarísku leyniþjónustunnar CIA, sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir á Alþingi í gær.

Ingibjörg ítrekaði það sem hún hefur áður sagt að vart sé mögulegt að sannreyna að vélar CIA hafi lent hér á landi með fanga, þegar hún svaraði fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar, formanns VG, um fangaflugið.

Steingrímur sagði þessi svör valda vonbrigðum. Hann hafi áður bent á einfalda leið til að rannsaka hvort fangar hafi verið um borð í vélum CIA með því að skoða hvaða kostur hafi verið tekinn um borð á Íslandi. - bj

Óvönduð stjórnsýsla við skipan Þorsteins

Skipan Þorsteins Davíðssonar í embætti héraðsdómara er einsdæmi á síðustu tíu árum, segir þingmaður VG. Fjármálaráðherra skipaði í stöðuna tveimur og hálfum sólarhring eftir að málið kom á hans borð, og aflaði ekki nýrra gagna.

STJÓRNSÝSLA „Þetta er mikil fljótaskrift, og mér sýnist þetta vera mjög óvönduð stjórnsýsla," segir Árni Þór Sigurðsson, þingmaður Vinstri grænna, um skipan Þorsteins Davíðssonar í embætti héraðsdómara.

Ákvörðun setts dómsmálaráðherra um að skipa Þorstein í embætti dómara er eina dæmið um að umsækjandi sem ekki var metinn mjög vel eða vel hæfur hafi verið skipaður héraðsdómari á síðustu tíu árum, þegar lög um skipan dómara breyttust.

Þetta kemur fram í skriflegu svari Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra við fyrirspurn Árna Þórs á Alþingi.

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra var settur dómsmálaráðherra í málinu, og gekk framhjá áliti dómnefndar, sem taldi aðra umsækjendur hæfari, við skipan Þorsteins. Fjármálaráðherra svaraði einnig fyrirspurn Árna Þórs um málið skriflega í gær.

Í svari hans kemur fram að hann hafi verið settur dómsmálaráðherra á ríkisstjórnarfundi 18. desember 2007, og tekið ákvörðun um að skipa Þorstein fyrir lok dags 20. desember, tveimur og hálfum vinnudegi síðar.

Ráðherra aflaði ekki nýrra gagna, né hafði hann samband við meðmælendur, „en skrifleg meðmæli sem fyrir lágu í málinu höfðu áhrif á ákvörðun ráðherrans", segir í svari Árna Mathiesen.

Árni Þór segir það vekja athygli að þessi umdeilda skipan dómara sé einsdæmi á síðasta áratug, þegar alls fimmtán dómarar hafi verið skipaðir við héraðsdóma landsins.

„Mér sýnist settur dómsmálaráðherra hafi sáralítið gert annað en að að taka ákvörðun um að skipa umræddan einstakling í þetta dómaraembætti," segir Árni Þór. Augljóslega hafi ráðherra ekki þurft að leggjast vandlega yfir málið áður en hann gerði upp hug sinn.

Árni Þór gagnrýnir enn fremur að tvær vikur hafi liðið frá því dómnefndin skilaði niðurstöðu sinni þar til umsækjendur fengu umsagnir í hendur, og fengu tækifæri til að svara þeim. Slíkt eigi að gerast tafarlaust eftir að nefndin skili niðurstöðu.

Mikilvægt er að umræða fari fram um þau vinnubrögð sem viðgangist við skipun dómara, segir Árni Þór.

MEÐMÆLI Fram kemur í svari Árna M. Mathiesen sem lagt var fram á Alþingi í gær að skrifleg meðmæli umsækjenda um embætti héraðsdómara hafi haft áhrif á ákvörðun Árna. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

„Þetta eru mjög viðkvæm störf, dómarar verða að njóta trausts og trúnaðar allrar þjóðarinnar. Það verður að vera hafið yfir vafa að það séu fagleg og hlutlaus sjónarmið sem ráða ferðinni."

Ekki náðist í Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra vegna málsins í gær. brjann@frettabladid.is

SÓTTIR Annar strætisvagn kom fljótlega til að sækja farþegana í vagninum. FRÉTTABLAÐIÐ/BRJÁNN

Strætisvagn í árekstri:

Lítið tjón og enginn slasaður

SLYS Engin slys urðu á fólki þegar strætisvagn lenti í þriggja bíla árekstri á mótum Skothúsvegar og Sóleyjargötu í hádeginu í gær.

Strætisvagninn var kyrrstæður á rauðu ljósi eins og jepplingur fyrir aftan hann. Fólksbíl var þá ekið aftan á jepplinginn, með þeim afleiðingum að hann kastaðist á strætisvagninn.

Samkvæmt upplýsingum frá Strætó varð ekki mikið tjón á vagninum, en sækja þurfti farþega á öðrum vagni til að halda áætlun. Hinir bílarnir skemmdust nokkuð. - bj

Sáttamiðlun í Kenía:

Samningurinn undirritaður

KENÍA, AP Mwai Kibaki, forseti Kenía, og Raila Odinga, einn helsti leiðtogi stjórnarandstöðunnar, undirrituðu í gær samning um að skipta með sér völdum.

Kofi Annan, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hefur vikum saman reynt að fá þá til að semja svo binda megi enda á átökin sem hófust eftir forsetakosningar í lok síðasta árs.

Bæði Kibaki og Odinga sögðust hafa sigrað í kosningunum. Ásakanir hafa verið um að opinberar niðurstöðutölur kosninganna hafi verið falsaðar. - gb

HEIMSENDINGARAPÓTEKIÐ
LYFJAVER APÓTEK
Lægsta verð í ASÍ könnunum síðan 2005
Eina apótekið á Íslandi með Apostore 3000 róbóta:
Fljótari afgreiðsla
Meira vöruúrval
Meira öryggi
Lægra verð
SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI: 533 6100 • BRÉFSÍMI: 533 6102
NETFANG: LYFJAVER@LYFJAVER.IS
WWW.LYFJAVER.IS
HUGTAK FEB.08

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

ÁFRAM SNJÓKOMA EÐA ÉL
Enda þótt víða megi búast við ofankomu erum við fyrst og fremst að tala um suðurströndina í dag og síðan Vestfirðina eftir hádegi. Í kvöld hins vegar verður úrkomulítið sunnan til en snjókoma eða él norðan til og austan. Vægt frost.
siggistormur@365.is



Á MORGUN
5-13 m/s víðast hvar hægastur syðra.

SUNNUDAGUR
Austan og norðaustan 8-18 m/s hvassast syðst.

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	8°
Billund	7°
Ósló	4°
Stokkhólmur	5°
Gautaborg	6°
London	12°
París	13°
Frankfurt	11°
Friedrichshafen	7°
Berlín	9°
Alicante	20°
Mallorca	16°
Basel	9°
Eindhoven	10°
Las Palmas	21°
New York	24°
Orlando	24°
San Francisco	16°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-0337

KONA HEFUR EKKI ENN ORÐIÐ FORSÆTIS-RÁÐHERRA

Tökum við námsumsóknum núna
www.hr.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

KJÖRKASSINN

Á að auglýsa allar ríkiseignir sem á að selja?

Já 94%

Nei 6%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að breyta reglum um skipan dómara?

Segðu skoðun þína á visir.is. VÍSIR

Skattyfirvöld hvetja þá sem eiga fé á reikningum í Liechtenstein til að gefa sig fram:

Biðja um þýsku leynigögnin

SKATTAMÁL „Við óskum eftir öllu sem tengist Íslendingum, hverju nafni sem það nefnist," segir Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri.

Hann hefur óskað eftir því við þýsk og dönsk skattyfirvöld að fá upplýsingar úr rannsókn þýskra skattyfirvalda á skattsvikum sem tengjast smáríkinu Liechtenstein og leynireikningum í bönkum þar. Óvíst er hvenær íslensk yfirvöld fá upplýsingarnar.

„Við höfum beðið um þau gögn sem talið er að snerti Íslendinga, íslensk fyrirtæki eða fyrirtæki sem tengjast Íslendingum," segir Skúli Eggert.

Þýska leyniþjónustan keypti upplýsingar af fyrrverandi starfsmanni banka í Liechtenstein. Þar voru upplýsingar um 1.400 leynilega bankareikninga í smáríkinu. Um 600 þeirra eru í eigu Þjóðverja. Hinir 800 tengjast fólki af öðru þjóðerni. Talið er að á fimmta þúsund manna tengist reikningunum með einum eða öðrum hætti.

SKÚLI EGGERT ÞÓRÐARSON

Þjóðverjar hafa boðist til að miðla gögnunum til yfirvalda í öðrum löndum án endurgjalds.

Þar hafa yfir 160 manns þegar gefið sig fram við skattyfirvöld vegna málsins.

Dave Harnett, yfirmaður skattamála í Bretlandi, hvetur þá sem hafa falið fé á leynireikningum til að ganga fram fyrir skjöldu og greiða af því skatt.

Skúli Eggert segir enn ekki komið í ljós hvort Íslendingar geymi fé á reikningum í Liechtenstein. Jafnvel þótt svo sé megi vera að það hafi verið talið fram. Hins vegar geti þeir sem kynnu að eiga slíkt fé gefið sig fram við skattyfirvöld. - ikh

Friðargæsluliðar í Afganistan:

Væri ábyrgðarleysi að fara

UTANRÍKISMÁL Það væri ábyrgðarleysi af Íslands hálfu að leggja niður starfsemi Íslensku friðargæslunnar í Afganistan og kalla gæsluliða heim, sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra á Alþingi í gær.

Ingibjörg sagðist þannig algerlega ósammála frumvarpi Steingríms J. Sigfússonar, formanns Vinstri grænna. Þar er lagt til að friðargæsluliðar í Afganistan verði kallaðir heim.

Steingrímur sagði það þvert á móti ábyrgðarleysi að vera áfram í Afganistan. Næg verkefni væru fyrir friðargæsluliða annars staðar í heiminum. - bj

Hópferðir

Hópadeild Iceland Express gerir hópum, 11 manns og fleiri, tilboð í allar gerðir hópferða til áfangastaða flugfélagsins.

Kynntu þér kostina í síma **5 500 600** eða á **www.icelandexpress.is/hopar**

Iceland Express með ánægju

www.icelandexpress.is

Seðlabankinn á að vera strangur áfram

Hagkerfið er hér sveigjanlegt en viðkvæmt fyrir viðhorfi erlendra fjárfesta, samkvæmt nýju áliti Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD. Ríki og sveit þurfa að taka sig á í útgjöldum og Íbúðalánasjóður þarfnast endurskoðunar.

VIÐSKIPTI Helsta verkefni stjórnvalda er að koma hér á efnahagslegum stöðugleika, samkvæmt nýrri skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) um Ísland sem kynnt var í gær. Seðlabanki Íslands er brýndur áfram í aðhaldssamri stefnu í peningamálum og sagt mikilvægt að fram komi að hann muni ekki hika við að hækka vexti enn frekar gerist þess þörf í viðleitni til að slá á verðbólguvæntingar.

Val Koromzay, efnahagssérfræðingur OECD, segir stöðuna hér um margt afar góða, þótt vissulega sé landið plagað af sveiflum í efnahagslífinu. Mest aðkallandi segir hann að ná stöðugleika og ná niður bæði eftirspurnar- og verðbólguþrýstingi. Þar segir hann mikilvægt að ríkið leggist á árar og forðist þensluhvetjandi aðgerðir. Að þessu marki náðu áréttar Koromzay fyrri ábendingar OECD um að hér verði komið á útgjaldaþaki í fjárlagagerð til margra ára í senn, jafnt hjá ríki og sveitarfélögum.

„Í skýrslugerð okkar tökum við hins vegar ekki til róttækari valkosta við að koma á stöðugleika á Íslandi, svo sem hvort landið ætti annað hvort að tengja gjaldmiðil sinn evrunni, eða á einhverjum tímapunkti ganga í Evrópusambandið. Þetta er vissulega íhugunarefni og kannski efni í næstu skýrslu," segir Koromzay.

Þá áréttar stofnunin enn nauðsyn þess að taka á málefnum Íbúðalánasjóðs, sem hún segir skekkja dreifingu fjármuna og draga úr skilvirkni peningamálastefnu Seðlabankans og auka með því þjóðhagslegt ójafnvægi. „Í hið minnsta ætti sjóðurinn að greiða gjald fyrir ríkisábyrgð," segir í skýrslunni.

Á KYNNINGARFUNDI Í GÆR Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) kynnti í gær nýja skýrslu um íslenskt efnahagslíf. Hér sjást Patrick Lenain og Val Koromzay (í pontu) frá OECD, en á milli þeirra situr Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra upplýsti að þegar væri unnið að endurbótum í takt við hluta ráðlegginga OECD. „Eins og að fjármálareglum fyrir sveitarfélögin. Þar hafa staðið yfir viðræður síðan í fyrravor," segir hann og bætir við að ríkisstjórnin vinni jafnframt að langtímarammafjárlögum. „Ég held sú ábending sé rétt að vera með nafnverðsmarkmið heldur en raunhækkunarmarkmið á fjárlögunum," segir hann, en telur ekki hægt að breyta um kerfi fyrr en auknum verðstöðugleika sé náð.

Í skýrslu OECD um Ísland er sjónum einnig sérstaklega beint að ríkisútgjöldum og þá sér í lagi heilbrigðiskerfinu. Þar vill OECD auka hagkvæmni með því að greiða fyrir aukinni þátttöku einkageirans.

Greiningardeild Kaupþings bendir á að OECD sé bjartsýnni en Seðlabankinn í hagspá, geri aðeins ráð fyrir tveggja til þriggja prósenta samdrætti í einkaneyslu 2008 og 2009, á móti allt að tíu prósenta samdráttarspá Seðlabankans. „Því er ekki að undra að OECD skuli kalla eftir föstu peningalegu aðhaldi af hálfu Seðlabankans, því samkvæmt spá stofnunarinnar er lítill sem enginn samdráttur í vændum," segir greiningardeildin.

olikr@frettabladid.is

Við opnum nýja verslun í Holtagörðum á morgun

HOLTAGÖRÐUM SÍMI 545 1500 ÚTILÍF

ÍSLENSKA SIA.IS UTI 41262 02/2008

Fjórir gíslar sem höfðu verið í haldi skæruliða í Kólumbíu látnir lausir:

Flugu inn í frelsið til Venesúela

VENESÚELA, AP Fjórir gíslar sem verið höfðu í haldi kólumbískra skæruliða í sex ár voru í fyrrinótt að íslenskum tíma látnir lausir. Flogið var með þá í frelsið í þyrlum sem sendar voru eftir þeim frá Venesúela. Til Venesúela komnin skoruðu hin frelsuðu, sem öll eru fyrrverandi þingmenn í Kólumbíu, á Hugo Chavez Venesúelaforseta að gera það sem í hans valdi stæði til að fá skæruliðana til að láta lausa þá gísla sem enn eru í haldi þeirra.

Chavez átti milligöngu um lausn gíslanna fjögurra, en með lausn þeirra vonast hinir vinstrisinnuðu skæruliðar FARC til að Bandaríkjastjórn, bandamaður Kólumbíustjórnar, og alþjóðasamfélagið taki til greina að strika hreyfingu þeirra út af listum yfir hryðjuverkasamtök.

„Þið hafið gefið mér tækifæri til að lifa á ný," sagði Gloria Polanco, einn gíslanna, eftir komuna til Caracas. Hún sárbað þar Chavez forseta um að hjálpa til við að fá Ingrid Betancourt, fyrrverandi forsetaframbjóðanda í Kólumbíu og þekktasta gísl FARC, lausa. Sagði Polano hana vera mjög veika og eiga skammt eftir ólifað að óbreyttu.

Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti sagði, þar sem hann var staddur í Suður-Afríku, að hann væri tilbúinn að fara sjálfur til Kólumbíu ef hann gæti með því liðkað fyrir frelsun Betancourt. Hún er bæði kólumbískur og franskur ríkisborgari. - aa

FÖGNUÐUR Í CARACAS Hugo Chavez Venesúelaforseti kyssir Gloriu Polanco, einn gíslanna frelsuðu, á ennið í móttökuathöfn í forsetahöllinni í Caracas. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

EIMSKIPS BIKARINN



TBWAREYKJAVÍK \ SÍA

ALLIR Á VÖLLINN

ÚRSLITALEIKIR Í EIMSKIPSBIKARNUM FARA FRAM UM HELGINA!

KONUR:

Laugardaginn 1. mars
Laugardalshöll

Fylkir – Stjarnan
kl. 13.30

KARLAR:

Laugardaginn 1. mars
Laugardalshöll

Fram – Valur
kl. 16.00

Úrslitaleikir yngri flokka fara fram
sunnudaginn 2. mars

Þú skorar með okkur – Eimskip

EIMSKIP

VEISTU SVARIÐ?

1 *Í tilefni hvers var haldin flugsýning á Reykjavíkurflugvelli um helgina?*

2 *Hvað heitir Íslendingurinn sem lærir eskimóafræði í Danmörku?*

3 *Hvaða herrafataverslun var opnuð í síðustu viku á nýjum stað á Klapparstíg?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Staðgengill bæjarstjóra bregst við orðum Ástu Þorleifsdóttur, fulltrúa F-lista:

Garðabær fórnar ekki Strætó

SAMGÖNGUR „Það getur vel verið að við yrðum undir í atkvæðagreiðslu um gjaldskrána, en menn fórna ekki samstarfinu fyrir það. Það hvílir sú skylda á sveitarstjórnarmönnum að halda þessu starfi áfram," segir Guðjón E. Friðriksson, staðgengill bæjarstjóra Garðabæjar.

Guðjón bregst hér við orðum Ástu Þorleifsdóttur, fulltrúa F-lista í meirihluta borgarstjórnar, en hún sagði í Fréttablaðinu í gær að henni þætti koma til greina að endurskoða rekstrarfyrirkomulag Strætós bs, enda stæðu nágrannasveitarfélögin í vegi fyrir þeim breytingum sem borgarfulltrúar vildu gera, til að mynda afnámi gjaldskyldu farþega.

ÁSTA ÞORLEIFSDÓTTIR

GUÐJÓN ERLING FRIÐRIKSSON

„Við teljum að það sé höfuðborgarbúum í hag að reka Strætó í sameiningu og ég kannast ekki við ágreining um það," segir Guðjón.

Fulltrúi Garðabæjar í stjórn Strætós hafi svarað því til að honum þætti „ekki eðlilegt að gefa öllum ókeypis, enda eigi að reka fyrirtækið með fargjöldum".

Þá ræddi Ásta um að Reykvíkingar ættu einungis einn fulltrúa í stjórn fyrirtækisins, þrátt fyrir að bera sjötíu prósent kostnaðar.

Guðjón minnir á að fulltrúi borgarinnar hafi atkvæðavægi í hlutfalli við íbúafjölda: „Það ætti ekki að flækjast fyrir honum að taka vald eftir því." - kóþ

Mannfall á Gaza:

Ísraelar herða árásir á Hamas

GAZA, AP Fimmtán Palestínumenn féllu í loftárásum Ísraela á Gaza-svæðið í gær.

Meðal hinna látnu voru fjórir drengir á aldrinum átta til fjórtán ára.

Ísraelar hertu árásir sínar eftir að Hamas-liðar skutu flugskeyti frá Gaza til Ísraels, sem varð einum Ísraela að bana.

Ein af árásum Ísraela beindist að vegatálma skammt frá íbúðarhúsi Ismails Haniyeh, leiðtoga Hamas-samtakanna. Talið er víst að Haniyeh hafi ekki verið heima hjá sér, en hann hefur verið í felum vikum saman.

- gb

Hjálparstarf Dana í Súdan:

Íhuga að hætta þróunaraðstoð

SÚDAN, AP Danski þróunarmálaráðherrann greindi frá því í gær að ríkisstjórnin væri að íhuga að draga úr hjálparstarfi í Súdan.

Ráðamenn í Súdan hafa mótmælt harðlega endurbirtingu skopmyndar af Múhameð smámanni í dönskum blöðum. Forseti landsins, Omar al-Bashir, hefur sagt alla Dani óvelkomna í Súdan og hvatt múslima um allan heim til að sniðganga allt danskt.

Stærsti hluti hjálparstarfs Dana í Afríku fer fram í Súdan. Danir veittu árið 2006 sem svarar 175 milljónum króna til hjálparstarfsins og áætlanir gera ráð fyrir að veita 670 milljónum til þess á þessu ári og því næsta. - aá

Hæstiréttur staðfestir sýknudóm:

Borgin á verk Kjarvals

DÓMSMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær sýknudóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli erfingja Jóhannesar Kjarvals á hendur Reykjavíkurborg vegna verka myndlistarmannsins.

JÓHANNES KJARVAL

Í niðurstöðunni segir að það teljist sannað að listamaðurinn hefði gefið borginni þau rúmlega fimm þúsund verk og önnur verðmæti, sem afkomendur Kjarvals gerðu kröfu til, með munnlegri yfirlýsingu 7. nóvember 1968. Því var kröfunni hafnað.

Menn sem voru viðstaddir þegar Jóhannes gaf munina með munnlegri yfirlýsingu til Geirs Hallgrímssonar, sem þá var borgarstjóri, báru vitni fyrir dómnum. Var málið meðal annars byggt á dagbókarfærslum frá þeim tíma er listamaðurinn gaf verkin.

Aðstandendur byggðu mál sitt hins vegar á því að ekki væri sannað að hann hefði gefið borginni munina heldur hafi hann einungis afhent borginni þá til geymslu. - jse

HINIR ÁKÆRÐU Mennirnir þrír eru ákærðir fyrir að hafa ráðist á lögreglumenn. Sá óþekkjanlegi á myndinni er ekki ákærður í málinu.

Neita að hafa barið löggur

Litháarnir þrír sem ákærðir eru fyrir að hafa ráðist á fíkniefnalögreglumenn á Laugaveginum aðfaranótt 11. janúar neituðu sök í dómsal í gær. Lögreglumennirnir þrír fengu áfallahjálp eftir árásina.

DÓMSMÁL „Ég man eftir því að þarna voru einhver læti en ég sá lítið," sagði félagi Litháanna þriggja fyrir dómi sem ákærðir eru fyrir að hafa ráðist á fjóra lögreglumenn aðfaranótt 11. janúar með höggum og spörkum. Litháarnir gerðu allir lítið úr málinu og neituðu sök sem fram kemur í ákæru.

Lögreglumennirnir eru í götuhópi fíkniefnadeildarinnar og voru að störfum við eftirlit þegar ráðist var á þá fyrir utan barinn Monte Carlo um eitt að nóttu, samkvæmt ákæru.

Ákærðu neita að hafa vitað að mennirnir hafi verið lögreglumenn og sögðust hafa verið að verja stúlku sem lögreglumennirnir voru að hafa afskipti vegna gruns um fíkniefnanotkun. Lögreglumennirnir voru óeinkennisklæddir. Sögðust ákærðu í mesta falli hafa ýtt aðeins við lögreglumönnunum en ekki hafa ráðist á þá.

Himinn og haf var á milli vitnisburðar lögreglumannanna sem urðu fyrir árásinni og ákærðu. „Við kölluðum skýrt lögreglan og police," sagði einn lögreglumannanna, sem vankaðist eftir högg frá einum hinna ákærðu. Stúlka sem varð vitni að árásinni sagði við skýrslutöku hjá lögreglu að högg eins ákærða hefði verið „áberandi fast" og minnt á rothögg í boxi. „Ég get ekki staðhæft um skynjun annarra," sagði einn lögreglumannanna þegar hann útskýrði að einn ákærðu gæti varla hafa annað en tekið eftir því að þeir væru lögreglumenn. „Ég var með lögregluskilríki um hálsinn og sýndi þau," sagði lögreglumaðurinn. Lögmaðurinn sem hafðiýjað að því að misræmi væri í vitnisburði lögreglumannsins frá því skýrsla var tekin af honum hætti snögglega að spyrja um málið eftir þetta. „Þetta segir allt sem segja þarf," sagði Arngrímur Ísberg dómari þá.

Einn ákærðu barði tvo lögreglumenn niður með þungum hnefahöggum, samkvæmt vitnisburði lögreglumannanna. Annar lögreglumannanna fékk högg á gagnaugað og vankaðist við það en félagi mannsins sem stóð skammt frá honum fékk högg á kinnina. Bæði höggin voru mjög þung og voru lögreglumennirnir með höfuðverk marga daga á eftir. „Þetta var töluvert sjokk," sagði einn lögreglumannanna um árásina. Lögreglumennirnir beittu kylfum og táragasi þegar þeir voru að yfirbuga mennina. Hjálp kom frá lögreglu skömmu síðar en mikill viðbúnaður var af hálfu lögreglunnar.

Einn lögreglumannanna sagði mikinn ótta hafa skapast hjá fjölskyldu sinni eftir árásina og hann hefði sjálfur verið í áfalli. Lögreglumennirnir fengu áfallahjálp eftir árásina.

VETRAR FJÖR

Lokadagar Vetrarfjörs

Kíktu við í dag eða á morgun og gæddu þér
á ilmandi kakói og ljúffengum kleinum
í sýningarsal okkar að Grjóthálsi 1.

Bíll ársins í flokki jeppa og jepplinga
Bandalag íslenskra bílablaðamanna
Bíll ársins 2007

SantaFe

Sjálfskiptur, 2.7L.

Vetrartilboð: **3.980.000**
Verð áður: 4.080.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 85 þ.),
dráttarbeisli (verðmæti 85 þ.)
og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti Vetrarfjörspakka
320.000 kr.

Bandalag íslenskra bílablaðamanna
Bíll ársins 2008

Land Rover Freelander

Sjálfskiptur, leður, 2.2L., 160 hö.

Vetrarfjörsverð: **4.670.000**
Verð áður: 4.770.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 85 þ.), dráttarbeisli (verðmæti 110 þ.) og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti Vetrarfjörspakka
345.000 kr.

Tuscon

Beinskiptur, 2.0L.

Vetrarfjörsverð: **2.850.000**
Verð áður: 2.930.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 70 þ.), dráttarbeisli (verðmæti 85 þ.) og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti Vetrarfjörspakka
285.000 kr.

Síðustu **Arctic-Cat** sleðarnir á sérstöku Vetrarfjörstilboði
- fyrstir koma, fyrstir fá

BMW X5

Sjálfskiptur, 3,0L., 272 hö.

Vetrarfjörsverð: **7.780.000**
Verð áður: 8.020.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 160 þ.), dráttarbeisli (verðmæti 140 þ.) og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti Vetrarfjörspakka
590.000 kr.

Renault Megane Sport Tourer

Beinskiptur, 1,6L., 115 hö.

Vetrarfjörsverð: **2.290.000**
Verð áður: 2.400.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 40 þ.)
og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti Vetrarfjörspakka
200.000 kr.



Tilboð Vetrarfjörs gilda ekki með öðrum tilboðum. Bílar á mynd eru ekki í öllum tilfellum með sama búnaði og er í tilboðinu. Birt með fyrirvara um verðbreytingar og innsláttarvillur.

Óvæntir glaðningar fyrir gesti Vetrarfjörs – frábær verð hjá B&L og umboðsmönnum um allt land.

Með bílinn handa þér

B&L Grjóthálsi 1 - 110 Rvk - Sími: 575 1200 - www.bl.is
Opið: 10-18 virka daga, 12-16 laugardag.
Umboðsaðilar: Bílás,Þjóðbraut 1, Sími: 431 2622 - Bílasala Akureyrar, Freyjunesi 2.Sími: 461 2533
B&L Selfoss, Hrísmýri 2a., Sími: 575 1460 - Bílasala Keflavíkur., Bolafæti.1, Sími: 421 4444
Bílaverkstæðið Áki, Sæmundargötu 3 - 550 Sauðárkrókur - Sími: 453 5141

Þrýst á Tyrki um að ljúka hernaði í Írak

Vika er síðan tyrkneski herinn réðst inn í Írak gegn kúrdískum uppreisnarsveitum. Bandaríkjamenn hvetja Tyrki til að ljúka hernaði sínum þar sem fyrst.

TYRKLAND, AP Þrýstingur eykst stöðugt á tyrknesk stjórnvöld að draga herlið sitt til baka frá norðurhluta Íraks. Vika er síðan tyrkneski herinn réðist yfir landamærin til að uppræta þar sveitir uppreisnarmanna Kúrdíska verkamannaflokksins, PKK.

Tyrknesk sendinefnd var send til Bagdad, höfuðborgar Íraks, til að reyna að sefa vaxandi reiði vegna innrásarinnar. Degi fyrr fordæmdu írösk stjórnvöld innrásina og kröfðust þess að herlið Tyrkja yrði tafarlaust kallað heim.

George W. Bush Bandaríkjaforseti sagði í gær að árásinni yrði að ljúka fljótlega: „Tyrkir verða að hafa hraðann á, ná fram markmiði sínu og koma sér út.“ Hann sagði þó að enginn hefði hag af því að PKK hefði athvarf neins staðar.

Varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, Robert Gates, kom til Ankara, höfuðborgar Tyrklands, á miðvikudag með þau skilaboð frá leiðtogum ríkja Atlantshafsbandalagsins til tyrkneskra stjórnvalda að þau kölluðu allt herlið sitt heim á næstu dögum. „Það er mjög mikilvægt að Tyrkir hafi þessa aðgerð eins stutta og hægt er og fari síðan. Þeir þurfa að taka tillit til fullveldis Íraks. Ég met svo að stutt merki daga, eina eða tvær vikur, eitthvað þvíumlíkt, ekki mánuði.“

Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, átti fund með Gates og sagði þar að „tyrkneska herliðið sneri til baka eftir að hafa náð fram markmiðum sínum“.



Hundruð háskólanema söfnuðust saman í Kúrdaborginni Irbil í Írak til að mótmæla atlögu tyrkneska hersins á hendur uppreisnarmönnum PKK. Héldu þeir á kúrdískum fánum og borðum sem á stóð: „Við styðjum andstöðu ykkar gegn tyrkneska hernum,“ og „Tyrkir verða að kalla herinn heim.“

- sdg/gb

TASKI

Gólfþvottavélar
á rekstrarleigu

Engin útborgun, engin fjárbinding, aðeins mánaðarlegar greiðslur.

Bjarnþór Þorláksson, bílstjóri hjá RV

- TASKI swingo XP
- TASKI swingo 3500 B
- TASKI swingo 1250 B
- TASKI swingo 750 B

TASKI swingo gólfþvottavélar
Einfaldar í notkun - liprar og leika í höndunum á þér

TASKI Swingo 1250 B

Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum og ráðgjöfum RV

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

RVUNIQUE 020801

AÐALFUNDUR
ICELANDAIR GROUP HF. 2008

Aðalfundur Icelandair Group hf. verður haldinn þriðjudaginn 11. mars 2008 kl. 16.00 að Hilton Reykjavík Nordica hotel.

DAGSKRÁ:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs félagsins, þ.m.t. greiðslu arðs.
4. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins ef borist hafa.
5. Ákvörðun um tillögu stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnar.
7. Kosning stjórnar félagsins.
8. Kjör endurskoðenda (endurskoðunarfélags).
9. Önnur mál löglega fram borin.

Framboð til stjórnar skal tilkynna skriflega til stjórnar félagsins, aðalskrifstofu á Reykjavíkurflugvelli, skemmst fimm dögum fyrir aðalfundinn. Í tilkynningunni skal greina nafn frambjóðanda, kennitölu, heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu, hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% í félaginu.

Óski hluthafi eftir að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fundinum skal ósk hans komið skriflega til aðalskrifstofu félagsins sjö dögum fyrir aðalfund.

Reikningar félagsins og tillögur liggja frammi á aðalskrifstofu hluthöfum til sýnis viku fyrir fundinn, en verða síðan afhent ásamt fundargögnum til hluthafa á fundarstað.

Stjórn Icelandair Group hf.

ICELANDAIR GROUP

ÍSLENSKA/SIA.IS/ICE 41345 02/08

VIKA 4

DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA

Charlotte Ólöf Ferrier:

FORMAÐUR STÚDENTAFÉLAGS

„Ég fór á stofnfund félags nema í íslensku fyrir erlenda nema," segir Charlotte um atburði undanfarinna daga. „Við viljum meðal annars bæta gæði íslenskukennslunnar og gefa upplýsingar um námsáfanga." Einnig er ætlun þeirra að hjálpa erlendum nýnemum að aðlagast íslensku þjóðfélagi og taka þátt í háskólalífinu. „Okkur finnst mikilvægt að upplýsa fólk um réttindi og framtíðartækifæri. Mörg okkar ætla að búa á Íslandi eftir útskrift og við viljum vita hvers lags starfa við getum vænst," segir Charlotte, sem er nýkjörinn formaður félagsins.

Rachid Benguella:

HELDUR MEÐ BARCELONA

Rachid hefur gaman af því að leika og horfa á knattspyrnu. „Ég sé stundum íslenska knattspyrnuleiki og mér finnst þeir ágætir." Honum finnst greinilegt að margir íslenskir leikmenn hafi áhuga á að ná langt og leggi sig mikið fram. „Ég lék oft knattspyrnu í Marokkó en það var þó bara til gamans gert. Ég hef lítið spilað á Íslandi en það er allt í lagi. Ég fylgist ekki vel með íslenskri knattspyrnu en þeim mun meira með ensku og spænsku deildinni og Barcelona er mitt uppáhaldslið. Eiður Smári er góður en hann hefur verið svolítið óheppinn."

Algirdas Slapikas:

BRJÁLAÐ AÐ GERA

„Það er bara alveg brjálað að gera," segir Algirdas. „Það er nóg að gera í vinnunni í Trefjum enda erum við að fara að afhenda bát fljótlega. Svo er ég þrisvar í viku í kennslutímum hjá MTV í Kópavogi. Ég er að læra heimasíðugerð en ég læri einnig margt annað í leiðinni.Svo er ég alltaf með útvarpsþátt í Halló Hafnarfjörður fm 97,2 hálfsmánaðarlega þar sem ég fjalla aðallega um gengi litháskra íþróttamanna hér á landi en segi svo eitt og annað af heimahögum. Þegar ég á frí fer allur tíminn í heimalærdóminn en það er gott og blessað því þetta nám er mitt áhugamál."

Junphen Sriyoha:

HANNAR FÖT

„Ég var bara heima um síðustu helgi að hanna á mig nýjan kjól," segir Junphen. „Mig langaði alltaf til þess að fara á námskeið og læra fatahönnun en þau eru vitanlega öll á íslensku sem gengur ekki í mínu tilfelli. Svo er ég að vinna svo mikið að það er alveg óvíst hvort ég kæmist nokkuð á námskeið þannig að það var ekkert annað að gera en að byrja sjálf og feta sig áfram. Og þetta lofar bara góðu."

Junphen er afar hress þessa dagana enda íslensk vinkona hennar sem bjó á Akureyri að flytja í bæinn.

Fyrrverandi forsætisráðherra Taílands er snúinn heim úr sjálfskipaðri útlegð:

Shinawatra fagnað sem sannri þjóðhetju

TAÍLAND, AP Hundruð manna fögnuðu Thaksin Shinawatra, fyrrverandi forsætisráðherra Taílands, á flugvellinum í Bangkok í gærmorgun þegar hann sneri aftur úr sjálfskipaðri útlegð.

„Við elskum forsætisráðherrann okkar," sagði einn úr hópnum sem tók á móti Thaksin á flugvellinum. „Hann er hetja, alvöru hetja."

Sjálfur beygði Thaksin sig niður og kyssti jörðina þegar hann steig aftur á taílenska grund eftir að hafa verið fjarverandi í hálft annað ár.

Ekki voru þó allir jafn ánægðir með endurkomu mannsins, sem hrökklaðist frá völdum í september 2006 eftir hávær mótmæli mánuðum saman og ásakanir um spillingu og misnotkun valds. Mótmælunum lauk með því að herforingjar steyptu honum af stóli og tóku sjálfir völdin í landinu.

Margir óttast að endurkoma hans þýði það eitt að hann ætli sér að ná völdum á ný.

Kosningar voru haldnar í Taílandi í desember síðastliðnum og ný stjórn er tekin við völdum. Stjórnin hefur þegar ákveðið að Thaksin verði efnahagsráðgjafi hennar, og sumir landsmenn segja stutt í að hann fari að stjórna öllu á bak við tjöldin. **- gb**

THAKSIN KYSSIR JÖRÐINA Hrökklaðist frá völdum í september 2006 en er nú orðinn efnahagsráðgjafi nýrrar ríkisstjórnar.

NORDICPHOTOS/AFP

HELLTI NIÐUR MJÓLK Grískur bóndi hellti niður fleiri lítrum af mjólk í gær fyrir utan þróunarmálaráðuneytið í Aþenu. Hann var þar ásamt fleiri bændum að mótmæla því hve afurðaverð er lágt. NORDICPHOTOS/AFP

Nýtt fyrirkomulag kemur til með að draga úr tengslamyndum í fangelsum:

Litháar afplána í Litháen

FANGELSISMÁL Dómsmálaráðuneytið hefur hafið undirbúning flutnings tveggja Litháa sem eru í afplánun á Litla-Hrauni. Rúmlega sextán prósent fanga í íslenskum fangelsum eru útlendingar, 22 af 134 samkvæmt tölum Fangelsismálastofnunar. Litháar eru fjölmennastir en þeir eru níu talsins.

Innan dómsmálaráðuneytisins hefur að undanförnu verið unnið að því að kanna möguleika á því að erlendir ríkisborgarar afpláni í heimalandi sínu. Í gær hittust svo Björn Bjarnason dómsmálaráðherra eftir fundi með Petras Baguska, dómsmálaráðherra Litháens, og Egle Radusyte, aðstoðardómsmálaráðherra Litháens, í sendiráði Íslands í Brussel til að ræða flutning Litháa sem íslenskir dómstólar hafa dæmt til fangavistar til ættlands síns til afplánunar. Baguska samþykkti að þessi tilhögun yrði höfð vegna þeirra fanga sem falla undir ákvæði samnings Evrópuráðsins um flutning dæmdra manna frá 1983 og viðauka við hann frá 1997.

BJÖRN BJARNASON

PÁLL WINKEL

Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, segir ákvörðunina fagnaðarefni. „Í fyrsta lagi eru þetta mikilvæg skilaboð að brotamenn verði sendir heim til afplánunar. Í öðru lagi kemur slíkt fyrirkomulag í veg fyrir tengslamyndun erlendra og íslenskra brotamanna og í þriðja lagi tryggir þetta að dómþolar geti hafið afplánun sem fyrst," segir Páll. - kdk

Fiskiskipastóllinn:

Flotinn áþekkur á milli ára

SJÁVARÚTVEGSMÁL Í lok árs 2007 voru á skrá hjá Siglingastofnun 1.642 fiskiskip og hafði þeim fækkað um fimmtíu frá fyrra ári. Fjöldi vélskipa var alls 834 og var samanlögð stærð þeirra 91.656 brúttótonn.

Vélskipum fækkaði á milli ára um átján og dróst flotinn saman um 5.210 brúttótonn. Togarar voru 64 og fjölgaði um einn frá árinu á undan. Heildarstærð togaraflotans var 74.067 brúttótonn. Opnir fiskibátar voru 744 og 3.556 brúttótonn að stærð. Opnum fiskibátum fækkaði um 33 milli ára og heildarstærð þeirra dróst saman um 165 brúttótonn. - shá

Ahmadinejad gagnrýndur:

Ekkert gagn í slagorðaflaumi

ÍRAN, AP Hasan Rowhani, fyrrverandi aðalsamningamaður Írans í kjarnorkumálum, segir að harðskeyttur slagorðaflaumur Mahmouds Ahmadinejads forseta skaði hagsmuni landsins á alþjóðavettvangi.

MAHMOUD AHMADINEJAD

Rowhani á enn sæti í valdamiklum stofnunum í Íran. Gagnrýni hans á forsetann er óvenju hörð.

Hann segir harðsnúinn slagorðaflaum ekki geta komið í staðinn fyrir alvörustefnu í utanríkismálum, sem væri fólgin í því að „takast á við heiminn með þeim hætti að dregið sé úr hættum". - gb

Stúdentaráð um Vatnsmýrina:

Stúdentar fagna nýjum hugmyndum

MENNTUN Stúdentaráð fagnar því að nýkynntar hugmyndir um skipulag í Vatnsmýrinni taki mið af áframhaldandi uppbyggingu Háskóla Íslands og aðstöðu stúdenta. Sérstaklega bendir Stúdentaráð á að hver sem framtíð Reykjavíkurflugvallar kann að verða stendur ekkert í vegi fyrir því að ráðist verði í frekari uppbyggingu Háskólans á svæðinu.

FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA Stúdentaráð telur að nýkynntar hugmyndir um skipulag í Vatnsmýri taki mið af hagsmunum stúdenta.

Stúdentaráð finnur mikinn samhljóm með hugmyndum vinningstillögunnar og hagsmunum stúdenta og hvetur borgaryfirvöld til þess að nýta sér hugmyndirnar til að leysa það húsnæðisvandamál sem hrjái stúdenta, en í dag eru um 700 stúdentar við Háskóla Íslands á biðlista eftir stúdentaíbúð. Þetta kemur fram í ályktun sem Stúdentaráð hefur sent frá sér. - ghs

VIÐBÚNAÐUR Norskar orrustuþotur á varnaræfingu hérlendis í fyrra. Skogrand segir brottför bandaríska varnarliðsins hafa skilið eftir gat í öryggisneti norðurslóða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

NATO styrki varnir í norðri

Norski varnarmálasérfræðingurinn Kjetil Skogrand segir það vera sameiginlega hagsmuni Íslands, Noregs og Danmerkur að NATO beiti sér betur í norðri.

ÖRYGGISMÁL Ýmsar ástæður eru fyrir því að hernaðarlegt mikilvægi norðurhafa er að aukast á ný. Þar af leiðandi ættu Norðmenn, Danir og Íslendingar – þjóðirnar sem mestra eigin hagsmuna hafa að gæta á svæðinu – að ýta á Atlantshafsbandalagið að leggja meira af mörkum til að tryggja öryggi þar. Þetta er skoðun Kjetils Skogrand, sem stýrir þeirri deild Varnarmálastofnunar Noregs sem sinnir rannsóknum á norskum öryggis- og varnarmálum.

KJETIL SKOGRAND

Skogrand heldur erindi í dag um samskipti Noregs og Rússlands í stofu 201 í Árnagarði. Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands stendur fyrir fyrirlestrinum í samstarfi við utanríkisráðuneytið.

Í samtali við Fréttablaðið segir Skogrand að hækkandi verð á olíu og jarðgasi, hopandi ís í Norður-Íshafi vegna loftslagsbreytinga sem opnar möguleika á nýjum siglingaleiðum, og endurreisn Rússlands sem herveldis séu allt þættir sem auki hnattrænt mikilvægi norðurhafa. Allt undirstriki þetta þörfina á skilvirku eftirliti með hinu víðfeðma svæði og að fyrir hendi sé geta til að bregðast við ef eitthvað bregði út af.

„Brottför bandaríska herliðsins frá Íslandi kom þannig til á mjög óheppilegum tíma," segir Skogrand. Með henni hafi skapast „gat" í öryggisneti norðurslóða sem Ísland, Noregur og Danmörk séu ekki í stakk búin til að fylla, hvorki ein og sér né í samstarfi við hvert annað. Aðkomu Atlantshafsbandalagsins þurfi til að þetta „gat" sé fyllt með fullnægjandi hætti. Skogrand álítur því að loftrýmiseftirlit það, sem NATO hefur tekið að sér að annast á Íslandi og hefst með frönskum orrustuþotum nú í vor, sé jákvætt skref sem gæti nýst til að fá bandalagið með styrkari hætti inn í það verkefni að tryggja öryggi á norðurslóðum.

Aðspurður segist Skogrand sannfærður um að mikilvægt sé að halda ratsjárstöðvunum á Íslandi áfram í rekstri. Þær séu mikilvægur liður í nauðsynlegu eftirlits- og öryggiskerfi svæðisins.

Hvað varðar samskiptin við Rússland segir Skogrand að tvíhliða tengsl Noregs við nágrannann stóra séu um þessar mundir prýðileg og hin auknu hernaðarumsvif Rússa í norðri séu engin bein ógn við Noreg eða Ísland. En vaxandi erfiðleikar í samskiptum Rússa við forysturíki NATO, fyrst og fremst Bandaríkin og Bretland, valdi óvissu um þróunina fram undan. Rússland sé ótvírætt mesta þungavigtarríkið á Barentshafssvæðinu og víðar í hánorðri, og hinn gríðarlegi stærðarmunur Rússlands og Noregs valdi óæskilegu ójafnvægi í samskiptunum.

Að mati Skogrands gætu Norðmenn jafnað þetta ójafnvægi út með því að vera aðilar að Evrópusambandinu. Það myndi vera í fullu samræmi við þá rótgrónu stefnu lítils lands að leitast við að tryggja hagsmuni sína á alþjóðavettvangi sem mest í gegnum fjölþjóðlegan samtakamátt. Hans hafa Norðmenn og Íslendingar notið í NATO en að áliti Skogrands dugar hann ekki til að tryggja hagsmuni Noregs gagnvart Rússlandi. Eins og sakir standa væri Evrópusambandið eini vettvangurinn sem hefði nægan styrk til þess.

audunn@frettabladid.is

16.900

Scott DVD ferðaspilari
DPXI720

59.900

Daewoo 19”
LCDm/DVD
DSL19M1WC

FERMINGAR

17.900

Scott iPod
Dockstation

39.900

Medigate
þráðlaus flakkari ásamt
320GB hörðum diski.

LG

LG DiVX spilari
DVX298HB

12.900

Remington hárblásari
D2009

5.900



5.900

Remington skeggsnyrtir
MB910



8.900

MP-Man
MP3 spilari
MPCS1572G

24.900

LG Heimabíó

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is **www.ri.is**

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

OFURHELGI!

2.999 kr
Verð áður 7.999,-

Vínglasasett
18 glös í kassa

699 kr
Verð áður 1.495,-

Hello Kitty dúkka
með minnisbók

30% afsláttur við kassa

Páskaegg
Nói, Freyja og Góa

1.299 kr
Verð áður 2.499,-

Cool linen sængurverasett
margir litir

2.999 kr
Verð áður 4.999,-

Toy story geimskip

60% afsláttur við kassa

172 kr
Verð áður 429,-

Tomma og Jenna ávaxtalurkar
5 stk. í kassa

1.499 kr
Verð áður 3.999,-

Dömuskór st. 36-40

999 kr
Verð áður 2.999,-

Dömu rúllukragapeysa
rauð, svört; st. S-XL

999 kr
Verð áður 1.999,-

Latabæjarbolir
Solla stirða og Íþróttaálfurinn st. 98-128

999 kr
Verð áður 2.999,-

Náttbuxur
dömu og herra

199 kr
GOTT VERÐ

Geisladiskar og DVD

1.299 kr
Verð áður 2.499,-

Hettupeysa
st. 7/8-13/14

Gildir til 2. mars eða á meðan birgðir endast.

FRÁBÆR TILBOÐ
á vinsælum vörum

Herra jakkaföt
dökkgrá; st. 46-62

6.999 kr
Verð áður 17.999,-

1.499 kr
Verð áður 3.499,-

Dömu buxur
svartar; st. 36-44

Holta-kjúklingur

Kjúklingabringur

45% afsláttur við kassa

1.539 kr/kg
Merkt verð 2.798,-

50% afsláttur við kassa

865 kr/kg
Merkt verð 1.729,-

Íslandslamb lambalæri

599 kr/kg
Verð áður 1.556,-

Jarðaber 1 kg

Tveir fyrir einn

Ítalía extra virgin ólífuolía

50% afsláttur við kassa

410 kr/stk.
Merkt verð 819,-

Haagen-Dazs
- 9 tegundir

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

HEIÐURSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS

Margir kalla mig ömmu

Heiðursverðlaun Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins falla einstaklingi í skaut sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi. Slíkur einstaklingur er Guðrún Halldórsdóttir, fyrrverandi skólstjóri Námsflokka Reykjavíkur, sem veitti verðlaununum viðtöku á þriðjudag í Þjóðmenningarhúsinu. ***Gunnþóra Gunnarsdóttir*** fékk að skyggnast inn í líf þessarar merku konu.

Þó að Mjölnisholt sé með minnstu götum borgarinnar og húsið hennar Guðrúnar hálfgert bak við heiminn þá gengur mikið á í grenndinni. Stórvirkar vinnuvélar hamast við að brjóta niður klöppina sem Hampiðjuhúsið stóð á og Guðrún viðurkennir að stundum sé svefnfriðurinn rofinn óþarflega snemma á morgnana. Hún virðist samt ekki manneskja sem æðrast yfir smámunum heldur hefur yfir sér áru þess sem ekkert fær haggað. Þegar ævistarf hennar ber á góma miklast hún ekki af því en segir margt ánægjulegt og skemmtilegt hafa gerst og hún hafi eignast vini og kunningja í ýmsum stéttum. „Ég tel mig lánsama að hafa fengið að kenna. Byrjaði í Lindargötuskólanum og hafði mikla gleði af að umgangast unglingana þar," segir hún. „Námsflokkarnir gáfust líka vel og mér fannst gaman að stjórna þeim. Skildi líka vel hvað það var mikilvægt fyrir fólk sem ekki hafði átt möguleika á mikilli skólagöngu að hafa einhverja smugu til að auka við menntun sína." Oft kveðst Guðrún hafa tekið nemendur heim til sín og hjálpað þeim, ekki síst í sambandi við íslenskuna, og þannig sé það jafnvel enn. Spurð hvort það sé gert í sjálfboðavinnu svarar hún: „Já, ég tek aldrei neitt fyrir það. Hvað ætti maður að vera að því?"

Guðrún er fædd í Reykjavík 28. febrúar árið 1935 – heitir reyndar Guðrún Jónína. Guðrúnarnafnið er úr ættinni en Jónínunafnið eftir Nínu Sveinsdóttur leikkonu sem hjálpaði henni í heiminn. „Það var svo mikill snjór í Reykjavík á þessum tíma að Guðrún Halldórsdóttir ljósmóðir komst hvorki lönd né strönd en Nína aðstoðaði við fæðinguna, því hún bjó í sama húsi. Hún var mér góð til æviloka."

Uppi á stofuhillu Guðrúnar er mynd af foreldrum hennar, Þorbjörgu Jónsdóttur og Halldóri Jónssyni. Hún á peysufötum, hann í jakkafötum. „Þau voru yndisleg," segir Guðrún. „Pabbi var fyrst brúarsmiður úti um land en þegar stríðið kom var svo mikil vinna hér í Reykjavík fyrir smiði að hann var bara hér. Pabbi var góður maður og gáfaður að mínum dómi. Hann talaði mikið við mig sem krakka og ég lærði mikið af honum. Mamma var líka væn kona. Þau voru bæði Húnvetningar. Hann ólst upp í Víðidalnum og hún í Vatnsdalnum. Pabbi var kaupamaður hjá Jóni móðurafa mínum eitt sumar og það réði úrslitum um þeirra ástir."

Öll reynsla verður að lóðum á vogarskálar

Guðrún ólst aðallega upp í Laugarásnum með fjölskyldu sinni. Húsið hét Bjarmahlíð. Systkini hennar voru tvö, Elínborg sem er látin og Hannes sem lærði söðlasmíði af móðurafa sínum og starfaði við hana hér í borginni. Guðrún segist hafa verið í sveit hjá skyldfólkinu fyrir norðan öll sumur framan af ævinni, síðast hjá systur sinni sem bjó í Víðidalnum. „Það voru góðir dagar," segir hún. Skyldi hana sjálfa hafa langað að verða húsfreyja í sveit? „Nei, það datt mér aldrei í hug og ég ætlaði mér ekkert að verða húsfreyja," segir hún ákveðin og bætir við: „Ég ætlaði bara að læra. Það var einfalt mál."

Draumurinn rættist

Guðrún gekk menntaveginn sem hófst í Laugarnesskólanum. „Ég byrjaði í lægsta bekk og fetaði mig smám saman upp. D, C, B og endaði í A-bekk. Það var alltaf verið að færa til eftir einkunnum og ef maður sýndi af sér einhverja getu var tilhneiging til að færa mann upp en þá sparkaði maður jafnframt öðrum niður. Mér þótti það ekki sniðugt," segir hún og rifjar upp löngu liðið atvik. „Ég man hvað ég fann til með einni stelpu. Hún hafði verið í mínum bekk og þegar verið var að færa mig upp í næsta bekk var verið að færa hana niður. Hún stóð úti á gangi og grét og ég vorkenndi henni svo að ég hef aldrei getað gleymt því. Ég veit að þessi stúlka var ágætlega gefin."

Spurð hvort þessi reynsla hafi orðið Guðrúnu leiðarljós í hennar fræðslustarfi svarar hún með hægð. „Öll reynsla verður að lóðum á vogarskálar hjá hverjum og einum."

Eftir Laugarnesskóla tók við landspróf í Gagnfræðaskóla Austurbæjar og síðan Menntaskólinn í Reykjavík. „Þar eignaðist ég, eins og í hinum skólunum líka, góða vini sem halda tryggð við mig enn í dag," segir Guðrún og ber líka lof á alla sína kennara. Meðal þeirra sem hún minnist úr Laugarnesskólanum er Óskar Halldórsson, sem hún segir hafa verið einstaklega góðan. „Hann sagði frá með látbragði svo það var ekki hægt annað en taka eftir. Svo skrítilega vildi til að mörgum árum síðar vorum við Óskar í sama bekk í Háskólanum. Mér fannst það dálítið sniðugt," segir hún.

Í Háskóla Íslands kveðst Guðrún hafa lesið íslensk fræði og tekið BA-próf í dönsku og sagnfræði en áður hafði hún tekið kennarapróf úr stúdentadeild KÍ. „Ég starfaði sem bankagjaldkeri í Landsbankanum mörg sumur en vinkona mín Bryndís Víglundsdóttir, sem var kennari, sagði að ég væri á vitlausri hillu, ég ætti að fara í kennslu og ég komst á sömu skoðun," segir hún brosandi.

Jómfrúarræðan á þinginu

Við Guðrún sitjum hvor í sínum hægindastólnum í stofunni hennar. Allt í kringum okkur eru bækur, myndir og allt mögulegt sem minnir á ríkulegt líf húsfreyjunnar. Meðal annars bók um hana sjálfa sem kom út fyrir jólin 2006 og nefnist Að opna dyr, sem Hildur Finnsdóttir og Þorgrímur Gestsson rituðu. Þó að Guðrún hafi aldrei gifst eða eignast börn hefur hún ekki alltaf búið ein. Á tímabili bjó hún meira að segja í kommúnu, fyrst við Nesveginn og síðar Skaftahlíðina. „Það var voða skemmtilegur tími," segir hún og rifjar líka upp helgar- og páskaferðir á Bedford-bíl sem kallaður var Soffía. „Við vorum nokkur sem mynduðum vinahóp og vorum hverja einustu helgi á sumrin að ferðast á þessum bíl. Þá var mikið spilað og sungið og ég var eins konar matmóðir í þessum ferðum."

Guðrún skreytir veggi sína myndum af fjölskyldum tveggja bræðra sem voru undir hennar verndarvæng um árabil sem unglingar. Hún gerir ekkert úr uppeldishlutverki sínu en segir þá hafa búið hjá henni. „Það fór mjög vel á með okkur og gerir enn," segir hún. Guðrún kannast hins vegar við að vera kölluð amma í hópi víetnamskra og taílenskra innflytjenda. „Mér er sagt að margir kalli mig ömmu," segir hún og rifjar upp atvik úr Miðbæjarskólanum þar sem Námsflokkarnir voru til húsa.

„Einu sinni var ég niðri í gangi í skólanum og sá þar strák austan úr Asíu. Hann var eitthvað svo hnuggginn að ég gekk til hans, klappaði honum á kinnina og spurði: „Er eitthvað að, vinur?" en áttaði mig um leið á því að þetta mátti ég ekki gera. Hann var íslamstrúar og samkvæmt þeirra viðhorfum er óviðeigandi að kona rjúki á karl og klappi honum. Ég hafði orð á því við hann. Þá segir þessi elska setningu sem mér þótti vænt um. „Jú, ömmur mega það." Hann bjargaði alveg aðstæðunum."

Ekki er hægt að skilja svo við Guðrúnu að hún sé ekki spurð ekki aðeins út í þingmennskuna fyrir Kvennalistann. Fyrst hvort hún sé kvenréttindakona.

„Ekkert voða mikil. Ég er mannréttindakona og vil að allir fái að njóta mannréttinda, ekki síst konur." Svo kemur í lokin skemmtileg saga af fyrsta þingdeginum, sem hún segir minnisstæðan.

„Það var verið að rífast í þinginu. Einhver að kenna einhverjum ráðherra um eitthvað. Þegar ég var búin að hlusta á þetta fram og aftur þá tók ég til máls og það var jómfrúarræða mín – ég vissi ekki einu sinni þá að það héti jómfrúarræða. Sagði að það væri greinilega eitthvað að í rekstri samfélagsins, það gætum við öll verið sammála um, en spurði hvort það væri ekki skynsamlegra að reyna að finna úrbætur og lausnir á vandanum en að tala um hverjum hann væri að kenna. Svo varð mér litið yfir þingheim sem góndi á mig og ég gat lesið úr andlitunum: „Ja, sú veit nú ekki mikið út á hvað lífið gengur hérna."

HEIÐURSVERÐLAUNAHAFI Guðrún Halldórsdóttir vill að allir njóti mannréttinda og hefur gert sitt til að stuðla að því með aðstoð við þá sem hafa staðið höllum fæti í skólakerfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Námsflokkarnir gáfust vel og mér fannst gaman að stjórna þeim. Skildi líka vel hvað það var mikilvægt fyrir fólk sem ekki hafði átt möguleika á skólagöngu að hafa einhverja smugu til að auka við menntun sína.
>
> **GUÐRÚN HALLDÓRSDÓTTIR**
> FYRRVERANDI SKÓLASTJÓRI

Í NÁMSFLOKKUM REYKJAVÍKUR Margir innflytjendur hafa notið íslenskukennslu í Námsflokkunum undir stjórn Guðrúnar.

HONDA
The Power of Dreams

MÁTAÐU CR-V VIÐ FÆRIÐ

H:N markaðssamskipti / SÍA

www.honda.is

www.bernhard.is

Nýr glæsilegur CR-V er endurhannaður borgarjeppi með skynvætt fjórhjóladrif. Þú finnur það strax og þú mátar CR-V að þú ert færari við allar aðstæður, hvort sem þú ert í rólegum vetrarakstri í borginni eða á leið út á land með þá sem þér þykir vænst um; mýkri línur, glæsilegri ásýnd, meira innanrými, minni loftmótstaða, liprari, hljóðlátari og aflmeiri. CR-V hefur ómótstæðilega aksturseiginleika og yfirburðatækni á öllum sviðum; ABS með EBD hemlajöfnunarbúnaði, stöðugleikabúnaður með spól- og skrikvörn (VSA – ESP), stöðugleikabúnaður fyrir tengivagna (TSA), loftpúðar, loftpúðagardínur, loftpúðar í sætum, 17” álfelgur, tvískipt loftkæling og meiri búnaður en þú getur ímyndað þér. Þegar þú sérð glæsilegan CR-V í fyrsta sinn stenst þú ekki mátið. Nú er tækifærið - komdu og mátaðu stórglæsilegan CR-V við framtíð þína.

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

BERNHARD
Vatnagörðum 24-26 · Sími 520 1100

„ORÐRÉTT“

Hún sem var bara barn

„Chelsea Clinton (28) hefur breyst ótrúlega á sextán árum.“

VALA SMÁRADÓTTIR BLAÐAMAÐUR
Séð og heyrt 28. febrúar.

Nú er lag, Gísli

„Gísli Marteinn Baldursson þarf að gera þjóðinni þann greiða að kæra Össur Skarphéðinsson fyrir gróf meiðyrði.“

JÓNAS KRISTJÁNSSON FJALLAR UM MEIÐYRÐAMÁL.
jonas.is 28. febrúar.

tilveran
nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ZAKIR JÓN GASANOV, FORMAÐUR AZERI, VINÁTTUFÉLAGS ASERA Á ÍSLANDI:

Minnumst fallinna í Aserbaídsjan

„Það er allt gott að frétta,“ segir Zakir Jón Gasanov, formaður Azeri, vináttufélags Aserbaídsjan á Íslandi. „Ég hef verið að fylgjast með fréttum af minningardegi Asera um allan heim en Aserar minnast þess á hverju ári að 27. febrúar voru fullorðnir og börn stráfelldir árið 1992 í borginni Houdjali í Aserbaídsjan í átökunum milli Armena og Asera um Nagorno-Karabakh. Íslendingar vita því miður svo lítið um þetta því að þetta sést ekki í fréttum en þennan dag minnumst við Aserar þessa fólks og þessara atburða og leggjum blóm við styttur til minningar. Þetta gerum við í öllum vinafélögum Asera úti um allan heim, við söfnumst saman til dæmis í Danmörku, Hollandi, Kanada og Bandaríkjunum en hér erum við svo fá. Við reynum samt að sýna þessum degi virðingu,“ segir hann. „Annars er allt ágætt að frétta. Næsti fundur fyrir vináttufélög Asera um allan heim er í Istanbúl í sumar. Ég veit ekki ennþá hvert umfjöllunarefnið verður og ég veit ekki heldur hvort ég fer á þann fund eða ekki,“ segir Zakir.

„Af mér er svo allt gott að frétta. Ég er að vinna í bakaríinu Brauðgerð Axels á Akureyri. Ég er sölumaður og sé um pantanir og að keyra út brauð, til dæmis í leikskóla og skóla. Það gengur mjög vel og ég er mjög ánægður á þessum vinnustað. Þetta er mjög fínt. Ég geri síðan ýmislegt í frítíma mínum. Stundum fer ég út fyrir Akureyri á jeppanum og keyri í snjónum, svo fer ég oft í sundlaugina. Ég elska gufubað og fer gjarnan í gufu með vinum mínum,“ segir hann.

Zakir spilar fótbolta með vinum sínum einu sinni í viku í Þelamörk og hefur gert í mörg ár. „Þetta er fólk sem kemur úr svo mörgum stéttum þjóðfélagsins, kennarar, sjómenn og bankastarfsmenn, alls konar fólk. Þetta er alltaf mjög gaman. Við förum í sund á eftir þegar við erum búnir að spila,“ segir hann og kveðst halda með Manchester United í ensku knattspyrnunni og Þór á Akureyri í þeirri íslensku.

SJÓNARHÓLL
AÐILD ÍSLANDS AÐ EVRÓPUSAMBANDINU

Myndi henta landsbyggðinni

„Mér finnst þessi umræða um aðild Íslands að Evrópusambandinu og upptöku evru mjög mikilvæg vegna þess að við Íslendingar þurfum að horfa fram á veginn,“ segir Svanfríður I. Jónasdóttir. Skilaboð Geirs Haarde frá nýlegum fundum í Evrópu koma henni ekki á óvart. „Það er flókið fyrir fullvalda ríki að taka upp annan gjaldmiðil og spurning hvort það er æskilegt.“ Málin eigi að skoða í heild. „Við eigum að hugsa okkur inn í Evrópusambandið og þannig inn í upptöku evrunnar.“ „Mér hefur sýnst að helsti Þrándur í Götu hafi verið sjávarútvegurinn. Það hlýtur að vera fyrst og fremst útgerðin því að íslensk fiskvinnsla þarf sama rekstarumhverfi og annar iðnaður.“ Hið evrópska umhverfi myndi því henta íslenskri fiskvinnslu afar vel. „Heildarniðurstaða mín er að aðild að ESB myndi henta landsbyggðinni vel,“ segir Svanfríður, sem tekur eftir að í könnun Fréttablaðsins er landsbyggðin varkárari en höfuðborgarsvæðið í afstöðu sinni.

SVANFRÍÐUR INGA JÓNSDÓTTIR
Bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar.

Heldur upp á 24 ára afmæli í dag

Einar B. Pálsson er elsta afmælisbarn dagsins. Þó að hann sé á 97. aldursári heldur hann upp á 24 ára afmæli í dag. En það er ekki nóg með að hann sé aldursforseti hlaupársbarna heldur er hann einnig fyrsta borgarstjórabarnið og fyrsti prófessorinn í borgarverkfræði við háskóla hér á landi.

Þó að Einar sé vanur því að geta ekki litið glaðan afmælisdag þrjú ár í röð lét hann ekki alltaf undir höfuð leggjast að halda upp á afmælið sem hlaupársbörn eru svo oft hlunnfarin um. „Móður minni þótti það alveg ómögulegt að ég ætti ekki afmæli eins og önnur börn svo hún hélt alltaf afmælisveislu 28. febrúar, en þegar ég fór að eldast þótti mér það ekki sæma minni virðingu,“ segir Einar og brosir við. „En svo þegar ég var við nám í byggingarverkfræði í Þýskalandi komum við oft saman nokkrir félagarnir á krá um miðnætti hins 28. febrúar og skáluðum þá svolítið.“ Í dag er svo full ástæða til að fagna svo blásið verður til veislu með vinum og ættingjum.

Faðir Einars, Páll Einarsson, var fyrsti borgarstjóri Reykjavíkur en staðan var fyrst veitt árið 1908. „Hann var áður bæjarfógeti í Hafnarfirði og sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu en síðan varð hann borgarstjóri í Reykjavík. Á skrifstofu borgarstjóra var fengin fyrsta ritvélin sem kom til landsins en svo vantaði hann líka skrifstofuritara. Hann ræður skrifstofudömu og hún lærir á ritvélina en þar með er ekki öll sagan sögð því hann var ekkjumaður á þessum tíma og verður ástfanginn af skrifstofudömunni. Hann giftist henni svo og upp frá því kom ég. Það má því segja að ég sé fyrsta borgarstjórabarnið,“ segir Einar og hlær við.

Sjálfur kynntist Einar nokkrum borgarstjórum sem hann vann náið með þegar hann var verkfræðingur hjá Reykjavíkurborg. „Mér eru sérstaklega minnisstæðir þeir Pétur Halldórsson, Bjarni Benediktsson og Gunnar Thoroddsen. Allir voru þetta vel gefnir menn en með afar ólíka skapgerð.“ Einar neitar því ekki að honum þyki virðingin yfir embættinu heldur hafa dvínað eftir mikinn skarkala sem fylgt hefur því á síðustu misserum en vill að öðru leyti ekki tjá sig mikið um það.

„Þetta er gríðarlega erfitt starf og borgarstjórinn þarf að búa yfir viðamikilli þekkingu. Föður mínum þóttu þó fátæktarmálin alltaf erfiðust en það var mikil fátækt á þessum árum. Hann var afar ljúfur maður og þótti það verst að geta ekki hjálpað öllum. En hann hefur greinilega hjálpað mörgum því ég man eftir því að þegar við fluttum aftur til Reykjavíkur eftir að faðir minn hafði verið bæjarfógeti á Akureyri til

Í GÖNGUTÚR VIÐ ÆGISÍÐUNA Einar Pálsson fer daglega í göngutúr og fær vonskuveður þar engu breytt. Þá gerir hann líka heimilisæfingar og segist litlu stirðari en þegar hann var ungur.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

nokkurra ára komu margir að honum og þökkuðu honum fyrir hjálpina sem hann hafði veitt í borgarstjóratíð sinni.“

En þótt Einar sé borgarbarn þekkir hann til sveita landsins enda var hann kaupamaður hjá séra Kjartani Kjartanssyni á Staðarstað á Snæfellsnesi á sínum unglingsárum. Margir telja að Kjartan hafi verið fyrirmynd Halldórs Laxness að séra Jóni Prímusi í Kristnihaldi undir Jökli. „Kjartan var gríðarlega mikilvægur í sinni sveit enda gat hann komið öllum heimilistækjum í lag og var engu minna að gera hjá honum í viðgerðum en við sálusorgun,“ segir Einar.

Árið 1957 var Einar ráðinn sem prófessor í byggingaverkfræði við Háskóla Íslands sem þá var ný staða við skólann. En hann er brautryðjandi á fleiri sviðum því hann er stofnandi Skíðasambands Íslands ásamt Steinþóri Sigurðssyni og Hermanni Stefánssyni og einnig meðal frumkvöðla í rannsóknarferðum á íslenskum jöklum. Þó að hann sé nú vitanlega hættur að vinna hefur hann nóg fyrir stafni. Til dæmis fer hann á hverjum degi í göngutúra við Ægisíðuna og fá jafnvel verstu veður hann ekki til að breyta út af þeim vana. „Maður verður jú að halda sér við,“ segir hann og brosir við.

jse@frettabladid.is

Vantar þig aukapening?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana. Um er að ræða holla og hressandi útiveru, annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar.

Njóttu þess að taka daginn snemma, hreyfðu þig og fáðu borgað fyrir það.

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að sækja um á www.posthusid.is

Himinn og haf / SÍA

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða- og vörudreifingar. Hjá Pósthúsinu starfa um sjöhundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

pósthúsið – ódýrari valkostur

Pósthúsið ehf | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 585 8300 | posthusid.is

Íslendingur kvænist í beinni útvarpsútsendingu í Svíþjóð í lok apríl:

Ættingjarnir hlusta á netinu

SVÍÞJÓÐ Íslendingurinn Ólafur Daníelsson ætlar að kvænast sinni heittelskuðu Susönnu Ridderstedt frá Falun í beinni útvarpsútsendingu á morgunþætti á útvarpsrásinni P3 í Svíþjóð á Valborgsmessunni 30. apríl.

„Þau auglýstu eftir brúðhjónum. Við eigum ættingja bæði á Íslandi og í Svíþjóð og okkur fannst þetta alveg tilvalið svo að ættingjarnir þyrftu ekki að fara til annars hvors landsins heldur gætu bara hlustað á vígsluna í beinni útsendingu í útvarpinu og á netinu,“ segir Ólafur, sem hefur búið í Svíþjóð í meira en áratug, eða frá átján ára aldri. „Við ætlum að vera með veislu í Svíþjóð nokkrum dögum síðar og svo heima á Íslandi í sumar.“

Um borgaralega vígslu verður að ræða sem á sér stað í hljóðstofu P3 í Stokkhólmi og er stefnt að því að þáttastjórnandinn Martina Thun geti vígt brúðhjónin en hún hefur sótt um vígsluréttindi. Ef það gengur ekki eftir verður einhver annar fenginn til að sjá um vígsluna.

Hinn þáttastjórnandinn er svo að læra að spila á orgel og ætlar að leika á það í útsendingunni. Hljóðstofan verður skreytt og allt gert til að gera athöfnina hátíðlega.

Ólafur er 31 árs og er að læra fjölmiðlun og margmiðlun en Susanna er 27 ára. Þau kynntust í menntaskóla og hafa verið trúlofuð síðustu fjögur árin. Ólafur og Susanna verða fyrsta parið sem giftist í beinni útvarpsútsendingu í Svíþjóð. **- ghs**

ALVEG TILVALIÐ „Okkur fannst þetta alveg tilvalið,“ segir Ólafur Daníelsson, sem hyggst giftast unnustu sinni, Susönnu Ridderstedt, í beinni útsendingu í útvarpi í Svíþjóð í lok apríl.
FRÉTTABLAÐIÐ/ÓLAFUR DANÍELSSON

Ondvegi

HÚSGAGNAVERSLUN

Hágæða ítalskt leðursófaett

3ja sæta sófi kr. 189.000,- B: 212 x H: 90 x D: 90 sm.
2ja sæta sófi kr. 149.600,- B: 152 x H: 90 x D: 90 sm.
Stóll kr. 98.800,- B: 76 x H: 90 x D: 90 sm.

Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16

HEIMA HÚSIÐ

mood heima Ondvegi BÚUM BETUR HÚSGAGNAVERSLUN

Síðumúla 30, 108 Reykjavík, sími 568 4242, www.heimahusid.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Ariel Sensitive þvottaefni

50 SKAMMTAR - 30 KR. PR. ÞVOTTUR

Pampers bleiur risa kassi !

11-18% BETRA VERÐ

1498

Ariel Sensitive þvottaefni.
50 skammtar á **1498 kr.**
eða 3o kr. pr. þvott

2298

Pampers Midi 4-9 kg. **156 stk.**
Pampers Maxi 7-18 kg. **132 stk.**
Pampers Maxi Plus 9-20 kg. **120 stk**
Pampers Junior 11-25 kg. **111 stk.**

25%
AFSLÁTTUR

KS lambasvið **299 kr./kg.**
MERKT VERÐ 399 KR./KG.

20%
AFSLÁTTUR

KS lambahryggur frosinn
1.038 kr./kg.

474

KS lambasúpukjöt 1. flokkur
474 kr./kg.

20%
AFSLÁTTUR

KS frosið lambalæri **879 kr./kg.**
MERKT VERÐ 1.098 KR./KG.

40%
AFSLÁTTUR

KF einiberjakryddað lambalæri
1.199 kr./kg. *MERKT VERÐ 1.999 KR./KG.*

40%
AFSLÁTTUR

Móa grillaður kjúklingur um 1.100g
504 kr. stk. *MERKT VERÐ 840 KR./KG.*

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ALI SVÍNAKJÖT GOTT VERÐ

Ali ferskar svínakótilettur
1019 kr/kg. *MERKT VERÐ 1698 KR/KG.*

Ali ferskur svínabógur
499 kr/kg.

Ali ferskt svínahakk **30% afsláttur**
589 kr/kg. *MERKT VERÐ 841 KR/KG.*

Ali ferskar svínahnakkasneiðar
1259 kr/kg. *MERKT VERÐ 1798 KR/KG.*

Bónus appelsín **2 ltr 98 kr.**
Bónus malt 500 ml **59 kr.**

Kristjánsbakarí gulrótarkaka
890g **698 kr./kg.**

Chicagotown Pizza
655 g aðeins **598 kr.**

Myllu Muffins
69 kr. stk.

Coke Classic 2 ltr/ 6 fl.
Bónus páskaegg 220g **898 kr.**

Óðals úrb. svínahnakki helgarsteik
1.019 kr./kg.

Óðals nautafillet helgarsteik
1.998 kr./kg.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

Vefurinn: Vísindavefurinn

Starfsmenn Háskóla Íslands og aðrir vitrir menn svara öllum mögulegum og ómögulegum spurningum notenda vefjarins.

www.visindavefur.is

tækni&vísindi

taekni@frettabladid.is

TÆKNISPJALL: GUNNAR INGVARSSON, VÖRUSTJÓRI HJÁ BT

Feginn að stríðinu er loksins lokið

„Það er bara gott að þetta sé búið, nú getum við farið að einbeita okkur að Blu-Ray," segir Gunnar Ingvarsson, vörustjóri hjá BT. Þar á hann við stríðið sem háð hefur verið milli háskerpustaðlanna Blu-Ray og HD DVD undanfarin ár. Því lauk í síðustu viku með uppgjöf Toshiba, sem stendur að baki HD DVD. Blu-Ray vann.

„Við höfum alltaf hikað við að taka skrefið í aðra hvora áttina út af þessu stríði því enginn vill sitja uppi með úreltar vörur. Það sama gildir um neytendur, þeir hafa haldið að sér höndum á meðan það var óvíst hvor staðallinn yrði ofan á."

Í grunninn eru HD DVD og Blu-Ray tvær mismunandi en svipaðar leiðir til að sýna myndefni í háskerpugæðum. Báðar nota þær diska af sömu stærð og venjulegir DVD-diskar sem settir eru í þar til gerðan mynddiskaspilara. Munurinn felst í tækninni sem er undir vélarhlífinni, sem gerir það að verkum að Blu-Ray-diskar virka ekki í HD DVD spilurum og öfugt.

Neytendur hafa því hingað til þurft að fjárfesta í mynddiskaspilara vitandi það að hann gæti orðið úreltur innan skamms. Fyrir vikið hafa viðtökurnar við þessari nýju tækni verið dræmari en menn áttu von á. Nú, þegar enginn vafi leikur á hvaða tækni verður til staðar í framtíðinni, er vonast til að neytendur taki við sér.

„Sölulega er þetta mjög jákvætt, nú þurfum við ekki að vera með tvær útgáfur af sömu myndunum," segir Gunnar. „Það skipti í sjálfu sér engu máli hvor yrði ofan á svo lengi sem annar hvor myndi vinna."

Hann segir fáa háskerpuspilara hafa selst hér heima af skiljanlegum ástæðum, allir hafi verið að bíða eftir útkomunni. „Nú þegar hún er komin þá byrjar boltinn að rúlla."

MICROSOFT Þarf að opna veskið vegna brota á evrópskum samkeppnislögum.

Hlýddu ekki refsingu:

Microsoft fær háa sekt frá ESB

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur sektað bandaríska tölvurisann Microsoft um sem nemur 88,5 milljörðum króna. Þetta er hæsta sekt sem hefur nokkurn tímann fallið í máli af þessari tegund.

Brot Microsoft fólst í því að hlýða ekki refsingu framkvæmdastjórnarinnar frá 2004, þar sem fyrirtækið var sakfellt fyrir að misnota markaðsráðandi aðstöðu sína. Þá var Microsoft skipað að veita samkeppnisaðilum aðgang að ákveðnum hluta forritskóða Windows-stýrikerfisins. Það gerði fyrirtækið ekki.

Við sektina bætast 49 milljarða króna sekt síðan 2004 og 27,5 milljarða sekt frá 2006. Samtals hefur Microsoft því greitt um 165 milljarða króna til Evrópusambandsins í sektir.

- sþs

Brutust inn í tölvukerfi fyrir fullum sal gesta í Smárabíói

Tölvusérfræðingarnir Marcus J. Carey og Andy Malone kenna Íslendingum að verja tölvukerfin sín á öryggisráðstefnu sem lýkur í dag. Í byrjun ráðstefnunnar sýndi Marcus fram á veikleika íslenskra tölvukerfa með því að brjótast inn í kerfi Reykjavíkurborgar og Skífunnar.

„Það hefur verið ákveðin sakleysisára í kringum Ísland, sem er mjög ánægjulegt, en þið eruð að færa ykkur inn á leikvöll stóru strákanna með fjármálafyrirtækin, bankana og fleiri fyrirtæki," segir Andy Malone, skoskur Microsoft-fyrirlesari og framkvæmdastjóri tölvufyrirtækisins Quality Training í Skotlandi. „Fyrirtækin eru að fara inn á alheimsvettvang, og þar er ýmiss konar öryggisáhætta sem þau verða að vera tilbúin að takast á við."

Andy er annar aðalfyrirlesari öryggisráðstefnunnar Dive deeper sem lýkur í Smárabíói í dag. Ráðstefnunni er meðal annars ætlað að sýna íslenskum kerfisstjórum þær aðferðir sem tölvuþrjótar nota til að brjótast inn í tölvukerfi, og hvernig hægt sé að verjast þeim. Íslenska tölvukennslufyrirtækið iSoft heldur ráðstefnuna.

Hinn aðalfyrirlesarinn er Marcus J. Carey, fyrrverandi dulmálssérfræðingur hjá bandaríska sjóhernum. Hann hefur einnig kennt liðsmönnum bandarísku alríkislögreglunnar, FBI, um tölvuöryggi.

Á ráðstefnunni sýndi Marcus hversu berskjölduð mörg tölvukerfi eru í rauninni með því að brjótast inn í þau á nokkrum mínútum uppi á sviði bíósalsins. Meðal tölvukerfa sem fengu að vera sýnidæmi voru kerfi Reykjavíkurborgar og Skífunnar. Allt var þetta þó gert undir eftirliti, enda voru fulltrúar Ríkislögreglustjóra á staðnum til að læra um tölvuöryggi.

„Við brutumst inn í kerfin til að sýna hvernig það er gert, og kenna fólki hvernig það getur aukið öryggið í sínum tölvukerfum," segir Marcus. „Til að sýna þeim hvernig hægt sé að nota tólin sem tölvuþrjótarnir nota gegn þeim."

„Einu sinni var hinn dæmigerði tölvuþrjótur unglingur að fikta í kjallaraherberginu sínu, en núna snýst þetta allt um að græða peninga," segir hann. „Hvatinn er fjárhagslegur; hvernig sé hægt að nálgast viðkvæmar upplýsingar fyrirtækja og fá fyrir þær pening."

Hann segir stærsta öryggisvandamálið hjá íslenskum fyrirtækjum, og fyrirtækjum um allan heim, vera hversu lítið þau viti af sjálfum vandanum. „Þau vita ekki að þau eru berskjölduð, að einhver geti ráðist á þau og stolið frá þeim upplýsingum. Síðan þegar það gerist vita þau ekki hvað þau eiga að gera."

salvar@frettabladid.is

SÉRFRÆÐINGAR Andy Malone og Marcus J. Carey tóku stjórnendur tölvudeilda íslenskra fyrirtækja í kennslustund í Smárabíói í gær og í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



TÆKNIHEIMURINN

Apple uppfærir fartölvurnar sínar



Apple uppfærði MacBook og MacBook Pro-fartölvurnar sínar á dögunum. Báðar fengu þær hraðari örgjörva, meira vinnsluminni og stærri harðan disk. Dýrasta útgáfa MacBook Pro-tölvunnar fékk þar að auki skjákortsuppfærslu, og státar nú af 512 megabæta GeForce 8600 GT skjákorti. Fjölsnertimöguleikinn sem hin fislétta MacBook Air kynnti til sögunnar fyrr á árinu er nú einnig til staðar í MacBook og MacBook Pro-tölvunum.

Unglingar hættir að kaupa tónlistardiska

Helmingur bandarískra unglinga keypti ekki einn einasta tónlistargeisladisk í fyrra. Þetta er niðurstaða rannsóknar sem markaðsgreiningarfyrirtækið NPD Group hefur gert. Þetta er töluverð aukning frá árinu 2006, þegar 38 prósent unglinga keyptu engan geisladisk með tónlist. Stóraukin lögleg tónlistarsala í gegnum netið gæti verið ein orsök þessarar þróunar, en iTunes-verslun Apple varð í vikunni næstvinsælasta tónlistarverslun í Bandaríkjunum.

Fundu sjávarskrímsli á Svalbarða

Steingerðar leifar stærsta sjávarskrímslis heims hefur verið grafið upp á Svalbarða. Um er að ræða fimmtán metra langa sjávarrisaeðlu sem hafði nægan bitkraft til að bíta meðalfólksbíl í sundur. Það voru norskir vísindamenn sem fundu hina 150 milljón ára gömlu steingervinga.

Pakistan: Við lokuðum ekki YouTube

Yfirvöld í Pakistan harðneita því að hafa borið ábyrgð á YouTube-bilun sem varð í vikunni. Myndbandavefurinn vinsæli lá niðri um nokkurra klukkustunda skeið um allan heim rétt eftir að Pakistanar lokuðu á aðgang að síðunni innan sinna landamæra. Ástæðan fyrir lokuninni var myndband sem hýst var á YouTube, þar sem meint guðlast fór fram.

ORMSSON SMÁRALIND

Ljósmynd úr verslun okkar í Smáralind

BETRA VERÐ – MEIRI GÆÐI

SETTU ÞAÐ SAMAN HTH

Innréttingar að þínu skapi!

HTH - Settu það saman eru vandaðar innréttingar í eldhús, baðherbergi, svefnherbergi og þvottahús. HTH framleiðsla er skv. nýjustu umhverfisstöðlum og bera 5 ára framleiðslu- og gæðaábyrgð.

AEG

Allt að ***20% afsláttur*** *af AEG eldhústækjum þegar keyptar eru HTH innréttingar*

Grænmetis- og ávaxtasafapressa.
Fyrir hollustuna – allt árið!

Solis OF SWITZERLAND

Alltaf hágæða gjafavara

Eftirsótt um alla Evrópu

OLYMPUS

OLYMPUS mju-790

Í útivistina, ströndina og snjóinn
- 3ja ára ábyrgð

Nikon

NIKON S510
COOLPIX

Ekki bara myndavél – heldur NIKON

Picnictöskur
Vertu með allt klárt fyrir sumarið

Silicone Zone bökunarvörur
Ótrúlega skemmtileg og þægileg vara

SHARP

SHARP XL-UR230H

Vönduð hljómtækjastæða.
5 CD-spilari, útvarp o.fl

Kokkabókastatíf

Lampar og klukkur í úrvali

Nintendo

LEIKJATÖLVAN

– VERÐTRYGGING –
Alltaf ódýrust í Ormsson

SHARP

SHARP LC-19A1EBK

19" LCD sjónvarp · Kr. 59.900,-

home art

Fjölbreytt og falleg vara!

Vönduð kerti í ýmslum litum

SPENNANDI VERSLUN

ORMSSON

SMÁRALIND · Sími 530 2900 · Opið alla helgina

KVIKA

skoðun

greinar@frettabladid.is

Til varnar fjölbreyttum fjölmiðlamarkaði:

Hættan í Efstaleiti

JÓN KALDAL SKRIFAR

Það hefur tæplega farið fram hjá neinum að mikil gleði ríkir í Útvarpshúsinu í Efstaleiti þessa dagana. Nýjar rafrænar áhorfskannanir Capacent sýna að mjög mikið áhorf er á dagskrá Ríkissjónvarpsins meðal landsmanna. Í nýjustu mælingarvikunni átti til dæmis Ríkissjónvarpið átján af þeim tuttugu dagskrárliðum sem var mest horft á þá vikuna.

Forráðamenn Ríkisútvarpsins hafa auglýst þessa stöðu grimmt. Tvennt er sérstaklega umhugsunarefni við þá auglýsingaherferð. Annars vegar að hverjum hún beinist og hins vegar hvað er verið að auglýsa?

Vissulega er upplýsandi fyrir áhorfendur að vita hvaða þættir njóta vinsælda. Upplýsingagildið fyrir áhorfendur er þó algjör hliðaráhrif auglýsinga Ríkisútvarpsins. Auglýsingaherferðin er fyrst og síðast birtingarmynd þeirrar hörðu samkeppni sem ríkisstofnunin stendur í við einkarekna fjölmiðla um fjármagn auglýsenda. Engin ástæða er til að efast um annað, enda er yfirlýstur megintilgangur mælinga Capacent að kortleggja notkun ljósvakamiðla svo auglýsendur geti náð sem mestri nýtingu á þeim peningum sem þeir verja til markaðsstarfa.

Hitt er að skoða hvað það er sem stjórnendur ríkisstofnunarinnar vilja halda svona hátt á lofti með auglýsingaherferð sinni. Er það hversu vel þeim hefur tekist að sinna því menningarhlutverki sem þeim er treyst fyrir? Er verið að auglýsa metnaðarfulla innlenda þætti, þar sem af dirfsku er tekin listræn áhætta; eitthvað sem hefði ella ekki ratað á skjái landsmanna? Því miður er svarið nei.

Mikið auglýstir vinsælir dagskrárliðir Ríkissjónvarpsins sýna að stofnunin hefur komið sér kirfilega fyrir í miðjum meginstraumnum þar sem kappsmálið er að fá sem mest áhorf og höfða þannig til þeirra sem vilja kaupa auglýsingar í sjónvarpi.

Það þarf ekki sérstaka þekkingu á fjölmiðlamarkaði til að átta sig á að umfang Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði kemur langverst við Skjá einn, einu sjónvarpsstöð landsins sem eingöngu lifir af auglýsingatekjum. Stöð 2 er síður háð auglýsingum og getur unað ágætlega við sinn hlut í skjóli þeirra rúmlega 45 þúsund heimila sem eru í áskrift.

Hér hefur margsinnis áður verið bent á að staða Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði er samkeppnishindrun. Algeng viðbrögð úr Efstaleitinu og víðar eru að þær ábendingar séu sprottnar af hagsmunagæslu fyrir eigendur þess fjölmiðlafyrirtækis sem Fréttablaðið er hluti af. Hið rétta er að þeim sem starfa á einkareknum fjölmiðlum, og er örugglega óhætt að mæla fyrir hönd okkar allra, sviður samkeppnin við ríkisstofnunina um rekstrarfé. Allir fjölmiðlar, hvort sem þarf að greiða fyrir aðgang að þeim eða ekki, byggja afkomu sína að stórum hluta á auglýsingatekjum. Og auðvitað ráða tekjurnar því hversu umfangsmikil og metnaðarfull frétta- og efnisframleiðslan getur verið.

Auglýsingafé er takmörkuð auðlind og fjölmargir eru um hituna, dagblöð, tímarit, ljósvaka- og netmiðlar. Það er kristalstært að umfang Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði takmarkar möguleika sumra fjölmiðla til að vaxa og dafna og vegur hreinlega að tilveru annarra.

Þessi pistill er skrifaður með hag fjölbreytts fjölmiðlamarkaðar í huga, fyrir Fréttablaðið, 24 stundir, Viðskiptablaðið, visi.is, Skjá einn, eyjuna.is, Stöð 2 og alla aðra einkarekna fjölmiðla.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



FRÁ DEGI TIL DAGS

Eru þeir strákarnir okkar eða ekki?

Umfjöllun Andrésar Magnússonar læknis í Silfri Egils um vaxtamál á Íslandi hefur dregið dilk á eftir sér en þeir Hafliði Helgason, fyrrum ritstjóri Markaðarins og fyrrum starfsmaður REI, hafa verið að munnhöggvast í kjölfarið á henni á blogginu. Hafliði er ekki sammála þeim Agli og Andrési um að strákarnir okkar hafi eftir allt saman ekki staðið sig í útrásinni. Það er svolítið undarlegt fyrir þjóðina að fylgjast með þessari umræðu. Þetta er ekki ósvipað því að við hefðum verið að fagna sigri eftir handboltaleik en svo kæmi einhver Íslendingur að utan og segði, „en þeir eru ekkert góðir í rauninni“ og allir hættu fagnaðarlátunum og byrjuðu að tuða í staðinn um það hvað við eigum lélega línumenn og markverði.

Grúppíur útrásarinnar

Í svari sínu kallar Egill Hafliða eina af grúppíum útrásarinnar. Ef notast má við líkingu Egils má spyrja sig hvort ekki ætti að munnhöggvast frekar við söngvarann eða að minnsta kosti slagverksleikarann. Eða er kannski búið að blása útrásarballið af, leysa grúppuna upp, grúppíurnar farnar heim og læknirinn farinn að telja í nýtt lag …eða kannski bara hugvekju?

Landinn og loðnan

Það má segja að nú hafi skrattinn hitt ömmu sína. Íslenska þjóðin hefur lengi verið öfgafull þar sem allt er annaðhvort í ökkla eða eyra. En nú fáum við að bragða eigin meðal því loðnan beitir nú þessu háttarlagi gegn okkur. Fyrst fannst hún ekki, svo var lítið af henni og loks rifna veiðarfærin sem fara um torfuna. Raunamæddir útgerðarmenn og hafrannsóknamenn geta eflaust sagt okkur að þetta háttarlag er ekki til eftirbreytni.

jse@frettabladid.is

Paradís framkvæmdavaldsins?

SVERRIR JAKOBSSON
Í DAG | Lýðræði

Allt frá því á 18. öld hafa frjálslyndir hugsuðir litið á þrískiptingu ríkisvaldsins í löggjafarvald, framkvæmdavald og dómsvald sem einn af hornsteinum lýðræðisins. Ýmiss konar ríki hafa gert tilkall til þess að teljast lýðræðisleg, en til þess að mark sé á takandi verða þau að standast ýmiss konar viðmið; t.d. um réttarríki þar sem lögin setja valdinu skorður og blandaða stjórnarhætti þar sem hver valdastofnun er undir eftirliti annarra valdastofnana. Þrískiptingin er eitt af því sem fylgismenn borgaralegs lýðræðis telja einn helsta kostinn á því fyrirkomulagi – og þungvæg rök fyrir því að það hafi kosti umfram önnur stjórnarform. Ef þrískiptingin reynist ekki virka í raun jafngildir það því að hugmyndin um borgaralegt lýðræði hafi beðið hnekki.

Á Íslandi eru tengsl löggjafarvalds og framkvæmdavalds meiri en í þeim ríkjum þar sem lengst er gengið í að hafa ríkisvaldið þrískipt. Það segir þó ekki alla söguna því að styrkleikahlutföll eru líka önnur. Óvíða hefur framkvæmdavaldið meira tangarhald á löggjöf en á Íslandi. Þetta er ekki arfur frá danska konungsríkinu heldur nokkuð sem hefur gerst á undanförnum áratugum, og þessi óheillaþróun heldur áfram.

Valdarán ríkisstjórnarinnar

Fyrir hálfri öld var mikill meirihluti frumvarpa sem voru samþykkt á alþingi lagður fram að frumkvæði þingmanna en ekki ríkisstjórnar. Stjórnarfrumvörp þekktust vissulega en voru fá og tengdust yfirleitt rekstri ríkisins. Má þar t.d. nefna fjárlögin. Núna hefur þetta snúist við. Yfirleitt er meirihluti þeirra lagafrumvarpa sem lagður er fyrir þingið stjórnarfrumvörp og þau eru yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem eru samþykkt. Árið 2007 komu 111 af 121 samþykktum lögum úr smiðju stjórnarráðsins (það er ríflega 90%). Þetta merkir einfaldlega að frumkvæði að lagasetningu á Íslandi er horfið frá alþingi yfir til ráðuneytanna. Er þó einungis verið að ræða lagasetningu en þar að auki hafa ráðherrar sérstakt vald til að setja reglugerðir til viðbótar við lög og er ekkert lát á því. Hér er um umfangsmikið valdaframsal að ræða því að þótt alþingismenn séu kosnir til sinna starfa af almenningi eru ráðherrar ekki kosnir beinni kosningu með sama hætti.

Ef þrískiptingin reynist ekki virka í raun jafngildir það því að hugmyndin um borgaralegt lýðræði hafi beðið hnekki.

Til viðbótar við þetta hafa ráðherrar seilst til valda í smáu sem stóru. Þar mætti t.d. nefna dómskerfið, þar sem vald til að skipa dómara er í höndum eins manns, dómsmálaráðherra. Eins og nýleg dæmi sanna ganga ráðherrar mjög langt í því að tryggja að þessu valdi séu ekki settar neinar skorður, t.d. telja þeir sig óbundna af áliti fagnefnda. Þetta gerist í landi þar sem á að heita þingræði. Annað dæmi um ásælni ráðherra inn á hefðbundin verk löggjafans er svo kallað varnarmálafrumvarp. Í því kemur fram að öll stefnumótun og útfærsla í þessum málaflokki eigi að vera í höndum utanríkisráðherra, sem þarf í hæsta lagi að senda alþingi skýrslu við og við. Varla er hægt að ímynda sér meiri lítilsvirðingu fyrir löggjafanum en birtist þar.

Allt of margir ráðherrar

Meðal stærri þjóða í Evrópu og Norður-Ameríku er algengt að ríkisstjórn sé skipuð 15-25 einstaklingum. Á þjóðþingum þessara landa eru að jafnaði um 500-700 þingmenn. Að jafnaði tíðkast því að um 30 þingmenn séu fyrir hvern ráðherra. Á Íslandi er þetta hlutfall ríflega 5 á móti einum. Þessi hlutföll segja okkur vissa sögu: Á Íslandi eru fleiri ráðherrar miðað við þingmenn en annars staðar. Mun fleiri.

Afleiðingin er augljós. Allur þessi fjöldi ráðherra hegðar sér í samræmi við Parkinsonslögmálið og er í stöðugri verkefnaleit. Þannig höfum við sérstakan dómsmálaráðherra sem hefur ekki önnur hlutverk en að hugsa upp ný verkefni fyrir löggæsluna. Hinir og þessir atvinnuvegir þurfa allir sérstakan ráðherra og það er meira að segja búið að endurvekja embætti viðskiptaráðherra sem nútímalegir jafnaðarmenn státuðu af því að hafa lagt niður fyrir tuttugu árum. Það er augljóslega engin þörf á þessum ráðherrafjölda – svo ekki sé minnst á gengi pólitískra aðstoðarmanna sem fylgja þeim – til þess að sinna tilskildum verkefnum framkvæmdavaldsins. Miðað við reynslu annarra þjóða væri kappnóg að hafa 2-3 ráðherra en best væri auðvitað að hafa bara einn. Sá maður myndi hafa nóg að starfa við að reka stjórnarráðið en löggjafarvaldið myndi hverfa aftur þangað sem það á heima – til alþingis.

Frumvörp sem þarf að ræða

GUÐLAUGUR KR. JÖRUNDSSON

UMRÆÐAN
Menntamál

Menntamálanefnd Alþingis er nú með í umfjöllun fjögur frumvörp sem taka á öllum skólastigum fyrir utan háskólastigið. Menntamálaráðherra á hrós skilið fyrir þessi frumvörp og undirbúning þeirra. Frumvörpin eru framfaraskref fyrir skólakerfið okkar. Álitamál eru þó fjölmörg, bæði pólitísk og tæknileg. Nú þegar hefur farið fram mikil umræða um frumvörpin hjá Samfylkingunni og UJ. Hefur það komið sér mjög vel fyrir þingmenn Samfylkingar í menntamálanefnd að hafa aðgang að svo góðri ráðgjöf sem slík umræða skilur eftir sig. Frumvörpin geta án nokkurs vafa orðið enn betri ef fleira gott fólk kynnir sér frumvörpin og kemur á framfæri ábendingum til batnaðar. Það er svo sannarlega kominn tími til að hefja ítarlega umræðu í þjóðfélaginu og fjölmiðlum um frumvörpin.

Helstu kostir þessara frumvarpa eru að skólastofnanir fá meira sjálfstæði og skil á milli skólastiga eru orðin sveigjanlegri. Þá breytast samræmd lokapróf í 10. bekk í könnunarpróf á haustönn. Einna mest er deilt um framhaldsskólafrumvarpið. Stúdentsprófið þarf að ræða ítarlega áður en frumvarpið er samþykkt því námstími til stúdentsprófs er ekki skilgreindur. Þó ber að nefna að tegundum lokaprófa er fjölgað í framhaldsskólanum, m.a. er bætt við tveggja ára framhaldsskólaprófi.

Kennaranám leik- og grunnskólakennara er lengt um tvö ár og skal ljúka með meistaragráðu. Frumvörpin kveða þó ekkert á um innihald kennaranámsins. Það verður að endurskoða kennaranámið í heild. Gera það að meiri gæðum og auka kröfurnar. Kennaranámið má ekki hafa á sér framhaldsskólastimpil sem gerir það að verkum að menntun kennara fær ekki þá virðingu sem nauðsynlegt er að slík menntun beri.

Það þarf að ræða betur, svo eitthvað sé nefnt, þátttöku ríkisins í námsgagnakostnaði framhaldsskólanema, stúdentsprófið og samræmd próf, sem ættu að hverfa með öllu. Þá þarf ríkið að koma að fjármögnun listnáms á framhaldsstigi og auka þarf tækifæri brottfallsnemenda til að hefja nám að nýju.

Höfundur er stjórnarmaður í Félagi ungra jafnaðarmanna í Reykjavík.

Bættu um betur!

Hófst þú nám í iðngrein en hefur ekki lokið því?

Ertu starfandi í iðngreinunum hér fyrir neðan en hefur ekki lokið námi í greininni?
Hefur þú áhuga á að ljúka námi í greininni?

- Blikksmíði
- Hársnyrtiiðn
- Bifvélavirkjun
- Bílamálun
- Bílasmíði
- Húsasmíði
- Málaraiðn
- Pípulögnum
- Framreiðslu
- Kjötiðn
- Matreiðslu
- Matartækni
- Vinnustaðanám í ljósmyndun
- Vinnustaðanám í matreiðslu

Bættu um betur er tilraunaverkefni sem miðar að því að meta færni sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið, óháð því hvernig hennar hefur verið aflað. Markmiðið er að þátttakendur í verkefninu ljúki sveinsprófi.
Þátttakendur þurfa að vera með marktæka starfsreynslu.

Áhugsömum er bent á að hafa samband við IÐUNA-fræðslusetur í síma 590-6400 og fá frekari upplýsingar um verkefnið.

Nánari upplýsingar er að finna á **www.idan.is**. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið **radgjof@idan.is.**

IÐAN fræðslusetur

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS

Hlín Íris vinnur fyrir Grand hótel Reykjavík og á stundum leið um eldhúsið þeirra þar sem ýmsar kræsingar eru á boðstólum.
FRÉTTABLADID/GVA

Sælkera-marengsfjall

Hlín Íris Arnþórsdóttir á uppskrift að mikilli eftirréttasprengju og gefur lesendum Fréttablaðsins hana.

„Ég rakst á uppskrift að marengsrétti í tímariti fyrir nokkrum árum sem hljómaði svo vel að ég varð að prófa. Rétturinn er eins flottur og hann er bragðgóður og hingað til hefur enginn kvartað," segir Hlín Íris Arnþórsdóttir, stjórnandi Gullklúbbsins, vildar- og afsláttarklúbbs viðskiptavina Grand hótels í Reykjavík.

Hlín nefnir að hún beri réttinn fram sem eftirrétt og aðeins á hátíðisdögum. „Þetta er stórkostlegur réttur fyrir þá sem vilja slá í gegn með eftirréttabombu. Það er hægt að ganga út frá því að allir verði pakksaddir eftir að hafa fengið sér af marengsfjallinu," útskýrir Hlín og minnist þess að hafa í upphafi lesið uppskriftina vitlaust þannig að í staðinn fyrir sjö desílítra af rjóma þeytti hún sjö pela. „Ég skildi ekkert í þessu, ég hafði skrifað uppskriftina upp úr tímaritinu í uppskriftarbókina mína. Svo man ég að ég deildi uppskriftinni í saumaklúbbnum og eftir það áttu örugglega fleiri en ég þeyttan rjóma út árið," segir Hlín og hlær.

Uppskrift:

6 eggjahvítur og rauður
300 g sykur
2 tsk. edik
7,5 dl rjómi
450 g jarðarber, 300 g bláber, 100 g flórsykur, 150 g súkkulaði, 40 g smjör.

„Ég þeyti eggjahvíturnar, edikið og sykurinn saman eins og venja er með marengs. Tek blönduna úr skálinni með matskeið og bý til litlar marengs-smákökur og set á bökunarpappír. Það fer svo inn í ofn og bakast í klukkutíma við 135 gráður. Á meðan þeyti ég rjómann og set út í hann jarðarberin og bláberin en skilja þarf smá eftir til skeytingar. Eftir að marengskökurnar eru tilbúnar raða ég þeim á kökudisk þannig að þær myndi botn. Læt svo rjóma yfir og næsta lag er aðeins minna af marengs og þaðan koll af kolli svo endar þetta í toppköku.

Kremið bý ég til með því að þeyta saman eggjarauðum og flórsykri. Súkkulaði og smjör er brætt saman og síðan blandað við eggjablönduna. Að lokum er kreminu hellt yfir fjallið.

- *mmr*

Ferming í Flash
Ný sending - Ótrúlegt úrval
Kjólar
Ermar
Leggings
Skart
FLASH
Laugaveg 54,
sim 552 5201

Pörusteik þarf að steikja fyrst við 180 gráður í 40 mínútur, hella svo vatninu af og steikja aftur við 220 gráður í 40 mínútur til að fá pöruna brúna og stökka.

HÁDEGI / KVÖLD VEISLUR / FUNDIR

VEISLA
UM VEISLU
TIL VEISLU
Í GÓÐUM
VEISLU**SAL**

ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
+354 552 5588
DOMO@DOMO.IS
WWW.DOMO.IS

domo

Lauga-Ás hefur verið í eigu sömu fjölskyldunnar frá upphafi. Hér er stofnandinn Ragnar Kr. Guðmundsson og sonur hans, Guðmundur Kr. Ragnarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sívinsælt sjávarréttagratín

Sjávarréttagratínið á Lauga-Ási fellur enn vel í kramið eftir 30 ár. Staðurinn sjálfur hefur lítið breyst á þeim tíma.

Fáir réttir hafa notið eins langvarandi vinsælda og sjávarréttagratínið á veitingastaðnum Lauga-Ási. Rétturinn hefur verið borinn á borð í nánast óbreyttri mynd frá stofnun staðarins árið 1979 og mælist alltaf jafn vel fyrir meðal gesta, enda fiskurinn, kartöflurnar og bernaisesósan hreinasta lostæti.

Það er svo eins með sjávarréttagratínið og annað á Lauga-Ási að þar hefur lítið breyst. Vinaleg, köflótt gluggatjöldin og matseðillinn eru enn á sínum stað enda yfirlýst stefna eigendanna, feðganna Ragnars Kr. Guðmundssonar og Guðmundar Kr. Ragnarssonar, að halda veitingastaðnum í sem upprunalegustu horfi.

Lauga-Ás hefur verið í eigu sömu fjölskyldunnar frá upphafi, en á næsta ári verða ákveðin tímamót þegar staðurinn á þrjátíu ára afmæli. Guðmundur lofar góðri veislu í tilefni af því. „Við erum farnir að undirbúa það. Þetta verður mikið húllumhæ," segir hann og bætir við að viðskiptavinirnir þurfi ekki að óttast stórtækar breytingar á staðnum né matseðli. „Á meðan Lauga-Ás er opinn geturðu alltaf gengið að þínum gratíneraða fiski," segir hann hress í bragði.

roald@frettabladid.is

Sjávarréttagratín með rækjum og hörpuskel

FYRIR FJÓRA

600 g ýsuflök í raspi
120 g rækjur
120 g hörpuskel
olía til steikingar
100 g rifinn ostur

AÐFERÐ
Fiskur léttbrúnaður á pönnu. Rækjur og hörpuskel léttristaðar í hvítlauksolíu og settar ofan á fisk. Fiskur settur í eldfast mót og rækjur og hörpuskel stráð yfir.

Sveppasósa

50 g af skornum sveppum
4 dl af rjóma
4 matskeiðar Sherry
1 tsk. kjötkraftur
Maisena til þykkingar

Bearnaise-sósa

100 g brætt smjör
2 eggjarauður
½ dl vatn
¼ dl hvítvínsedik
1 tsk. kjötkraft
1 tsk. ferskt estragon

Aðferð
Öllu nema smjöri blandað saman og hrært yfir vatnsbaði, þar til blanda verður létt og þykk. Þá er smjör sett varlega út í. Þegar sósur eru tilbúnar þá er sveppasósu hellt yfir fisk og að síðustu bernaisesósa og rifinn ostur. Gott er að bera fram með soðnum kartöflum eða villihrísgrjónum.

Skíðaferðir er hægt að fara innanlands í veðurfarinu þessa dagana. Ekki þarf heldur að leita langt yfir skammt heldur fara á gönguskíðum í stuttar gönguferðir kringum hverfið.

Á norðurodda Evrópu

Norður-Noregur hefur ýmislegt að bjóða ferðamönnum, svo sem stórbrotna náttúru, nyrsta odda Evrópu, veiðar og aðra útivist bæði að sumri sem vetri. Gamanið kostar þó sitt.

Knyskanes, eða Nordkapp, er nyrsti oddi Evrópu. Bjargið er 307 metra hátt.
NORDICPHOTOS/GETTY

Í yfir 300 ár hafa ferðamenn tíðkað komur sínar á nyrsta odda Evrópu, sem fyrir daga skipulagðrar ferðamennsku bar nafnið Knyskanes en er nú þekkt um víða veröld undir nafninu Nordkapp. Það nafn er reyndar norsk aðlögun enska heitisins, North Cape, sem enski könnuðurinn Richard Chancellor gaf hinu 307 m háa bjargi þegar hann árið 1553 sigldi fram hjá því þar sem það skagar út í nyrsta haf.

Þótt ætla megi að skipaumferð framhjá Nordkapp aukist til muna ef Norðaustur-siglingaleiðin skyldi opnast þá er hún töluverð nú þegar, enda stórar rússneskar hafnarborgir þar austur af. Auk þess gengur Hurtigruten-strandsiglingaferjan norska allan ársins hring alla leið norður og austur að Kirkjunesi við rússnesku landamærin, með viðkomu í öllum helstu byggðarlögum á hinni löngu leið um stórskorna strandlengju Noregs. Að því ógleymdu að fiskveiðar eru enn helsta lífsviðurværi íbúa Finnmerkur og fiskiskip því mörg, enda gjöful fiskimið á norðurslóð eins og kunnugt er.

Fyrir Íslendinga í ferðahug er vert að vita að frá höfninni í Björgvin, þar sem Norræna hefur viðkomu í viku hverri, til Nordkapp eru 2.311 vegkílómetrar. Stór hluti þessarar vegalengdar er seinfarinn, enda er norskt landslag lítt til landsamgangna fallið. Þeim sem hafa hug á að ferðast á eigin bíl um Noreg skal því bent á þann möguleika að leggja hluta leiðarinnar að baki um borð í Hurtigruten-ferju.

71°10'21"N: Gestir á Nordkapp skilja gjarnan einhver skilaboð eftir sig.
LJÓSMYND/AUÐUNN ARNÓRSSON

Þá er auðvitað einnig hægt að fljúga. Næsta flugbraut við Nordkapp er við útgerðarbæinn Hunangsvog á Magurey (Mageröya). Þangað er boðið upp á áætlanaflug á sumrin bæði frá Tromsö („höfuðborg Norður-Noregs") og Osló. Stærsti bærinn í grennd við Nordkapp er annars Hammerfest, en þar er nú mikill uppgangur vegna vinnslu jarðgass af Mjallhvítarsvæðinu svonefnda. Þangað er hægt að fljúga og leigja bíl til að aka síðasta spölinn norður eftir og líta aðra töfra Finnmerkur augum í leiðinni. Svo sem hreindýrahjarðir sem gjarnan skoppa upp á þjóðveginn fyrirvaralaust.

Eins og engum ætti að koma á óvart þarf ferðamaður á þessar slóðir að hafa vel þroskað verðþol. Aki til dæmis tveir fullorðnir saman í bíl á Nordkapp kostar það um 9.000 íslenskar krónur bara í gangatoll og aðgangseyri. Þessi gjaldheimta bætist semsé ofan á allan annan kostnað við ferðalagið.

Þeim sem þekkja íslenskt annesjaloftslag ætti heldur ekki að koma á óvart, að þótt gott veður sé inni í landi þá er oft þoka og rok úti á nyrsta tanga Evrópu. Heimsókn þangað svíkur þó engan, enda er það sérstök tilfinning að hafa stigið fæti á ystu mörk okkar eigin heimsálfu, norðan við 71. breiddargráðu.

audunn@frettabladid.is

Nánari upplýsingar:
www.reisnordover.no
www.visitnorthcape.com
www.finnmark.com
www.hurtigruten.no

Hringhotels
www.hringhotels.is

Páskar í Hólminum

Gisting á glæsilegu nýuppgerðu Hótel Stykkishólmi

Morgunverður
Grand Kvöldverður
Kokteill fyrir matinn
Kr. 12.000,- á mann*
Verð miðast við að gist sé í 2ja manna herbergi
Aukanótt 4.500,- á mann

Bókanir og nánari upplýsingar eru gefnar á
Hótel Stykkishólmi - Sími: 430-2100
eða á netfanginu: info@hringhotels.is

Hringhotels; Ferðaþjónustan Snjófell og Hótel Ólafsvík bjóða upp á páskaævintýri

Tilboð 1
Gisting á Arnarstapa í herbergi með sameiginlegri baðaðstöðu
Morgunverður
Snjósleðaferð á Snæfellsjökul (tveir á sleða)
3ja rétta kvöldverður á veitingastaðnum Arnarbæ
Kr. 12.000,- á mann*
*verð miðast við að gist sé í 2ja manna herbergi
Aukanótt kr. 2.000,- á mann

Tilboð 2
Gisting á Hótel Ólafsvík í herbergi með baði
Morgunverður
Ferð á Snæfellsjökul með Snjótroðara
3ja rétta kvöldverður á veitingastaðnum Arnarbæ á Arnarstapa
Kr. 12.000,- á mann*
*verð miðast við að gist sé í 2ja manna herbergi
Aukanótt kr. 3.000,- á mann

Hvað er að frétta?
Við tæklum sportið_
www.visir.is
VÍSIR

Rope yoga Eiðistorgi

Ný námskeið hefjast 3 - 6 mars. 2008
Nýtt! Morgun- eftirmiðdagstímar, eldri borgarar, mæðratími.

Þráin er fræ sköpunarinnar - Vertu breytingin - Lifðu í núinu

Leitið upplýsinga í síma 895 9016 eða so@hive.is

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17

BÍLAR & FARARTÆKI

bifreiðasalan
Tangarhöfða 2 • 112 Reykjavík •
Sími 577 4400 • Fax 577 4401

SKODA OCTAVIA AMBIENTE COMBI 4X4 árg 2002 ekinn 150 þús km, en góður! 16 á mánuði!

TOYOTA AVENSIS WAGON TERRA árg 2001 ekinn 168 þúsund góður bíll með góðu getur verið með góðu láni

PEUGEOT 307 árg 07/03 ekinn 70 þúsund 15 þúsund á mánuði

PEUGEOT 206 XS árg 10/2002 ekinn 68 þúsund. 15 þúsund á mánu

Bifreiðasalan
Tangarhöfða 2, 112 Reykjavík
Sími: 577 4400
www.bifreidasalan.is

Bílalíf.is
Bílasala Matthíasar

CITROEN C3 SX 1.6 SJÁLFSKIPTUR. Árg. 2006, ek. 16 þ.km, BENSÍN, V. 1.580 þús. Rnr.102538. Til sýnis og sölu hjá Bílalíf Kletthálsi 2 s.562-1717. Sjá fleiri myndir www.bilalif.is

Bílalíf
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið virka daga 10-18 laug. 12-16.
www.bilalif.is

BÍLASALA REYKJAVÍKUR

Til Sölu Nýr Suzuki Grand Vitara Disil Luxery með öllum búnaði verð kr 3.350.000.- möguleiki á bílaláni kr 3.150.000.- og kr 200.000.- út. Skoðum skipti á ódýrari. Upplýsingar á Bílasölu Reykjavíkur 587-8888 og 860-1998.

Bílasala Reykjavíkur
Bíldshöfða 10, 112 Rvk.
Sími: 587 8888
www.br.is

bílasalinn.is

Chevrolet Sierra 2500 X/C 6.6 Duramax Dísel Árg.'04 ek.45 þ.km ssk, leður, plasthús, ofl. V:3.390 þús. Áhv. 880 þús./26 þ. á mán. Uppl. í s. 461 2525 www.bilasalinn.is Raðnr.103900.

Nissan Patrol 2.8 DT Árg.1997 ek. 268 þ.km bsk, 38" br, nýtt hedd ofl, loftdæla, ofl V:1.290 þús. Uppl. 461 2525 www.bilasalinn.is Raðnr.103995

Audi A4 2.0 Turbo Quattro Árg.2006. Ek.41.þ.km ssk, leður, 17" álf, s/v dekk, leður, ofl ofl V. 3.900 þús. Uppl. 461 2525 www.bilasalinn.is Raðnr.103965.

Suzuki Grand Vitara XL-7 skr.10/03 ssk, 7 manna, krókur ofl. V. 1.890.þús Áhv.1.300 þús / 26 þ.á mán. Uppl. 461 2525 www.bilasalinn.is Raðnr.103851

GMC Sierra 2500 D/C 6.6 Duramax dísel Árg.2003 ssk, 35" br., leður, lok, tölva, 400+ HÖ, ofl. V 3.590 þús. Áhv. 2.900 þús. Uppl. 461 2525 www.bilasalinn.is Raðnr.103856

Dodge Ram 5,7 Hemi Laramie árg.2005 Ek.82 þ.km, ssk, 20" lok, leður, ofl. V. 3.450 þús. Áhv. 3.320 þús. Uppl. 461 2525 www.bilasalinn.is Raðnr.103076.

Toyota Landcruiser 120 VX 3.0 DTI Skr.8/05 ek.51 þ.km ssk, 33" 8 manna, krókur ofl. V. 4.900 þús. Áhv. kr.1450 þús. Uppl. 461 2525 www.bilasalinn.is Raðnr.103880.

BMW X5 3.0 Skr. 12/01 ek. 145 þ.km ssk, Innfluttur af umb. Hlaðinn aukabúnaði V. 3.690 þús. Uppl. 461 2525 www.bilasalinn.is Raðnr.104008.

Bílasalinn.is
Hjalteyrargötu 2, 600 Akureyri
Sími: 461 2525
http://www.bilasalinn.is

Arnarbílar
www.arnarbilar.is

LAND ROVER DISCOVERY 3 TDV6, DÍSEL, Ssk. 2.7L, árg 1/05, ek 73 þ. km, Dráttarkúla, G4 Pakki og margt fleira, Verð 4.950 þ. Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 110961 S. 567 2700

AUDI Q7 QUATTRO V8 árg 2007, ek 16 þ. km, 4.2L Sjálfsk. PANORAMA Þak, Bose hljómkerfi, Leðurinnrétting, Einn með öllu, Verð 7.900 þ. Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 120424 S. 567 2700

NÝR CHRYSLER 300C 2008, 3.5L Sjálfskiptur, Leður, 18" Álfelgur, Rafdrifin sæti, Aksturstalva, Navi Skjár, Verð 4.890 þ. Frábært Tilboð 4.190 þ. Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 140239 S: 567 2700.

Arnarbílar ehf
Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is

100bílar.is

Toyota Land Cruiser 100, árg. 1998, ek.268þús.km, Sjálfsk. Filmur, Leður, Topplúga og fl, Dísel, Stgr.Tilboð 2490þús.kr, áhv.2000þús.kr, Verð áður 2790þús.kr.

Toyota Land Cruiser 200 V8, árg. 2008, Nýr, Sjálfsk. Lyklalaust aðgengi, Bakkmyndavél, Leður og margt fl. Verð 9600þús.kr.

Lexus IS250 AWD, árg. 2007, ek.3þús. km, Sjálfsk. Lyklalaust aðgengi, Topplúga, Leður og fl. Verð 5390þús.kr, áhv.900þús.kr.

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

SPA Rbíll

2007 Benz ML 320 Disel. Ekinn 15 þús km. sem nýr. Bíllinn er með aukabúnaði fyrir 2,4 milljónir. Okkar verð: 6.490 stgr. eða lánað til 7 ára.

Skoda Octavia FSI 4x4 station 8/2005 nýja lagið. 42 þús.km. Mjög gott eintak. Áhvílandi 1.398 þús. afbg. 49 þús. Verð: 1.890 þús.

Sparibíll ehf
Skúlagötu 17, 101 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar til sölu

ALVÖRU BÍLL
M. Benz S420 árg.'96, ekinn 200 þús, 275 hö. Gullfalleg eðalkerra með ca 400 þús króna afslætti. Afsláttarverð 1.350 þús (innflutningsverð). Uppl. 699 0065 & 588 9388.

Netbílar.is stórlækka þinn sölukostnað. Aðeins eitt verð kr. 29.900 m/vsk fyrir þitt ökutæki. Kynntu þér málið á Netbilar.is Verðvernd í bílasölu.

ATH SKIPTI!!
Geðveikur BMW M5 árg. 2001 - Facelift. 400 hö. Drekkhlaðinn aukahlutum og búnaði. M.a. nýlegar 19" felgur og heilsársdekk, Ac-Schnitzer, spoilerar, allur filmaður, lúga,svart leður, TV & DVD, sími, rosasoundsystem, fjarlægðarskynjun, ofl.ofl. Nýskoðaður '09, ekinn 117. Nýskveraður. Skoða ýmis skipti td bíl, hjóli, sleða ofl. Skiptiverð 3990 þús. Gott stgr. verð í boði. Áhvílandi 3 milj. afb 50þús. Uppl í s. 867 8797.

Toyota Yaris árg 2005 ekinn 33 þús km. Beinskiptur,Geislaspilari og fleira. Verð 990.000.- upplýsingar í síma 893-6404

Ford Econoline árg 1993. V-8 flottur bíll á 38" dekkjum. Innréttaður með rúmi og fleira. Upplýsingar í síma 893-6404

Til sölu Subaru Legasy Lux árgerð 05 ek.48 þ km. Hann er ein með öllu.Fæst á yfirtöku láni.Afborgun er 35 þúsund kr Upp í síma 6934848

VW Polo Comfortline 1,4 sjsk. 5 d. árg. 09-07. ek.6 þ km. sem nýr. 100% lán kr. 25.000 mán. V/S dekk. Sími: 898 2102

600 þ. Afsláttur 100% yfirtaka
Til sölu Infiniti FX 35 árg 2003 ek. 39.þ míl. verð 3.990.000. lánið er 3.390.000. afb. 48þ pr.mán Uppl. í síma 844-0542

Ford Econoline 350 6,2 Diesel árg 1988. Hálf innréttaður Gott kram.verð 180Þús. S:898-2811

Honda Accord Tourer Executive 2,4 árg 2006 ekinn 29Þ.Toppluga leður Einn með öllu.S:898-2811.ATH Gott lán.

Til sölu VW Transporter langur pallbíll '91. Rauður. Ekinn 150 þús. Km. Verð 150 þús. Uppl. í s. 869 9921.

Toyota Rav 04/2007 ssk., álf., vindskeið, CD, sumar + vetrardekk og central-læsingar. Ek. 8900 þ. Verð 2850 þ. Uppl. Guðmundur 893 5600.

VW Golf Gl 1400 '94, ek. 157 þús. Fínn skólabíll. Verð 140 þús. Sími 699 3166.

Ford f150 Harley Davidson árg. 2006 sjálfskiptur. Ekinn 23000 km, með loki á palli, 22 tommu felgur, svartur, allur hugsanl. aukabunaður, toppl., rafm. i öllu. Fæst +a yfirtöku. Uppl. i síma 845 4030. Einnig Grand Cherokee srt 8 árg. 2007 sjalfskiptur. Ekinn 3000 km, svartur, allur aukabunaður, 20 tommu felgur, 440 hö. Uppl. i síma 845 4030.

Góður bíll gott verð! Til sölu Hyundai Sonata árg. '99. Yfirtaka á hagstæðu láni kr. 320 þ. + 50 þ. stgr. Uppl. í s. 482 2176 & 480 0809, Sigmar.

Ford Explorer Ltd árg. '76 sk. '09, leðursæti, rafmagn, sóllúga. Góður bíll. V. 590 þús. Uppl. í s. 695 0555.

Ford Explorer Ltd '97, ek. 240 þús km.Í góðu ásigkomulagi, V. 300 þús, Uppl í S. 857 5812.

Til sölu BMW 520i árg. '95. Ek. 311 þ. Verð 350 þ. S. 899 4664.

0-250 þús.

Cherokee '94, 2,5L,4x4, ek. 171þús. loftlæstur að framan, cd, kastarar, topp-bogar, sparneytin jeppi í toppstandi. Verð 190þús. S:6976556

MMC Lancer GLXi '91 ssk. Góður bíll. Varahl. fylgja. Verð 60þús. S: 691 6669

250-499 þús.

VW Golf 1,4, árg. 1998, 5 dyra , ekinn 157þús km. Rauður á álfelgum. Ný tímareim og nýr rafgeymir. Á sama stað VW Polo árg. 1999, 5 dyra ekinn 77 þús km. ný tímareim og bremsur. Sumardekk á álfelgun og vetrardekk á felgum. Uppl. í síma 6628584.

MMC Lancer GLXi '00 stw 4wd. ek. 186þ. V. 395þ. Gott eint. S. 691 6669

500-999 þús.

Til sölu Honda CR-V árg 99, ekinn 148 þ.km. Sjáfsk, abs, vetrar og sumardekk. Nánar: 848-5203

2 milljónir +

FORD EXPLORER LTD 4WD LIMITED Árgerð 2004 ekinn 52000. Ásett verð 2.990.000,-tilboðsverð 2.600.000,-áhvílandi 1.200.000,- upplýsingar í síma 695-9757

Bílar óskast

Óska eftir Bronco 70-77 8 syl S. 8987847

Óska eftir bíl á 15-50 þ. Má vera bilaður. Allt kemur til greina. S. 661 1761 Siggi.

Jeppar

Volvo XC 90 NÝR Ekinn 0 km. svartur, sjálfsk, Hlaðin aukabúnaði, leður, hiti, rafmagn í öllu, sóllúga, 7 manna, dráttarb.ofl. Verð 6.290. þús uppl. 895-5201

FÖSTUDAGUR

29. FEBRÚAR 2008

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS

VALA MATT
selur glæsiíbúð sína í Garðabæ

NÝTT MEGRUNARÆÐI
grípur landann

ATLI BOLLASON
Í SPRENGJU-HÖLLINNI
opnar fataskápinn

REGÍNA ÓSK ÓSKARSDÓTTIR

Líður vel í eigin skinni

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

Heiðrún Lind Marteinsdóttir lögmaður

„Ég er nýkomin frá Bandaríkjunum þar sem ég var í vel heppnaðri skíðaferð með vinum. Ég ætla því að nýta helgina fram undan í algera afslöppun og almenna leti. Ég mun því væntanlega ráfa tilviljanakennt á milli Lauga, Máls og menningar, Sundhallarinnar og verslana á Laugaveginum á laugardag. Afslöppun laugardagsins mun svo koma sér vel á sunnudag þegar ég hitti vinkonu mína sem eignaðist tvíbura fyrir nokkru – þar verður vafalaust líf og fjör," segir Heiðrún Lind Marteinsdóttir, lögmaður hjá Lex.

Arnar Þór aftur tekinn við Óliver

Arnar Þór Gíslason, sem oftast hefur verið kenndur við skemmtistaðinn Óliver, er kominn aftur á gólf síns gamla staðar ásamt félaga sínum Loga Helgasyni. Þetta staðfesti hann í samtali við Föstudag. Hann sagðist ætla að safna sínu gamla gengi saman og koma Óliver aftur í hæstu hæðir.

Töluverður styr hefur staðið um rekstur Ólivers eftir að Arnar seldi staðinn í hendurnar á þeim Baldvini Samúelssyni og Ragnari Magnússyni. Illa gekk að uppfylla kaupsamningana og svo komst bílabruni í Vogum í hámæli í fjölmiðlum þar sem Ragnar var sakaður um að hafa kveikt í tíu glæsibifreiðum. Aðsóknin að Óliver fór í kjölfarið dvínandi og nýverið greindu bæði DV og Morgunblaðið frá því að Ásgeir Davíðsson, Geiri á Goldfinger, og sonur hans hefðu keypt musteri hnakkanna af þeim félögum. Að sögn Arnars höfðu þeir feðgar háleitar hugmyndir en ákvaðu síðan eftir nokkra umhugsun að hverfa frá kaupunum. „Og við stukkum bara um borð," segir Arnar, sem var að vonum spenntur fyrir því að endurnýja kynnin við sinn gamla stað. *- fgg*

KOMINN AFTUR Arnar Þór og félagi hans Logi Helgason eru teknir við stjórntaumum á ný á Óliver.

FRÉTTIR

VILL FÁ 100 MILLJÓNIR FYRIR HÚSIÐ

Gamla knattspyrnustjarnan Arnór Guðjonsen hefur sett glæsilegt einbýlishús, að Köldulind 2 í Kópavogi, á sölu. Húsið er sannkölluð glæsivilla með sérsmíðuðum innréttingum, náttúrusteini á gólfii og granítlögðum borðplötum. Húsið stendur á besta stað með útsýni út á sjó og hentar fyrir þá sem gera kröfur.

Stjörnuparið Júlíus Kemp kvikmyndagerðarmaður og Harpa Péturs-dóttir, pistlahöfundur og lögmaður, eignaðist son 25. febrúar. Móður og barni heilsast vel en drengurinn var 14 merkur og 52 cm. Drengurinn hefur ekki verið nefndur en hann verður líklega skírður um páskana. Þeir sem hafa litið drenginn augum segja að hann sé mjög líkur föður sínum.

Og meira af barneignum. Hugrún Dögg Árnadóttir fatahönnuður og kærasti hennar, Magni Þorsteinsson, oftast kennd við KronKron, eiga von á barni í sumar en hún er komin rúma þrjá mánuði á leið. Parið er búið að vera saman í mörg ár og hefur vakið athygli fyrir frjótt hugmyndaflug en verið áberandi í tískubransanum á Íslandi um nokkurra ára skeið. Hugrún Dögg er mikil tískufyrirmynd og því ættu óléttar konur að fylgjast grannt með því hverju hún klæðist og reyna að læra af henni í leiðinni ef þær vilja líta vel út á meðgöngunni.

FÖSTUDAGUR

Útgáfufélag 365 prentmiðlar
Ritstjóri Marta María Jónasdóttir
martamaria@365.is
Bergþóra Magnúsdóttir
bergthora@365.is
Forsíðumynd Stefán Karlsson
Útlitshönnun
Arnór Bogason og
Kristín Agnarsdóttir
Auglýsingar Guðný Gunnlaugsdóttir
gunnyg@365.is sími 512 5462
Föstudagur Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000

Nýtt grenningaræði grípur landann

Slendertone reddar málunum

Annar hver íslendingur virðist vera farinn að nota Slendertone-vörurnar og er fræga fólkið ekki undanskilið. „Tækið er notað til styrkingar á vöðvum en hægt er að kaupa tæki sem sérstaklega eru hönnuð fyrir maga, rass og læri og upphandleggi allt eftir þörfum," segir Þórhallur Jónsson hjá Hreysti sem heyrir reglulega frá ánægðum viðskiptavinum sínum með frábæran árangur. Leikkonan og skemmtikraftaurinn Brynja Valdís Gísladóttir festi nýlega kaup á undratækinu. „Ég er ekki farin að nota Slendertone System ennþá en hef fulla trú á því," segir Brynja Valdís en það er mikilvægt fyrir hana starfsins vegna að vera í góðu formi. „Ég er í fullu námi í kvikmyndaleikstjórn í Kvikmyndaskóla Íslands jafnframt því að starfa sem skemmitkraftur og veislustjóri. Þá er nauðsynlegt að vera með gott úthald og þegar lítill tími gefst til að fara í ræktina mun tækið koma sér að góðum notum," segir Brynja Valdís og hlakkar til að prófa tækið. Sjónvarps- og útvarpsmaðurinn Heimir Karlsson hefur notað Slendertone í þrjú ár og ber tækinu vel söguna. „Ég fékk ábendingu um tækið í gegnum einkaþjálfara á sínum tíma sem mælti með því meðfram líkamsræktinni," segir Heimir, sem fann fljótt hversu styrkjandi Slendertone er. „Það er engin spurning að tækið tekur á magavöðvunum. Það kemur ekki í staðinn fyrir magaæfingarnar en hjálpar til og er upplagt fyrir þá sem taka hreysti alvarlega og vilja hámarksárangur í líkamsræktinni," bætir Heimir við. Fyrrum samstarfsfélagi Heimis sjónvarpsdrottingin Sirrý hefur sömuleiðis notað Slendertone með góðum árangri. „Ég eignaðist Slendertone fyrir mörgum árum síðan og notaði það að miklum krafti. Ég fór út í langa göngutúra með beltið á maganum og stillti það á hæstu virkni. Mér fannst tækið gefa mér möguleika á því að gera marga hluti í einu en ég gat notið útivistarinnar, andað að mér súrefni og hlustað á útvarpið á meðan ég þjálfaði magavöðvana," segir Sirrý sem leggur mikið upp úr því að nýta tímann vel. „Það má eiginlega segja að ég hafi notað tækið hreinlega upp til anga en á því eru púðar sem að eyddust upp og því hef ég ekki notað tækið í einhvern tíma eins og sést á maganum á mér. Nú er ég komin í ræktina á fullt og mun endurnýja púðana á tækinu við fyrsta tækifæri," segir Sirrý að lokum.

bergthora@frettabladid.is

SIRRY

SLENDERTONE-TÆKIÐ

BRYNJA VALDIS

HEIMIR KARLSSON

Íslensk auglýsing minnir á þýska minnislyfjaherferð

Nemi í grafískri hönnun segir að auglýsing Góðs fólks fyrir Landsbankann, Eyddu í sparnað, sé ótrúlega lík auglýsingu þýskrar lyfjaverslanakeðju. Góðar hugmyndir kvikna víða, segja starfsmenn Góðs fólks.

Auglýsing Landsbankans er tilnefnd til Lúðursins, íslensku auglýsingaverðlaunanna og Úlfi Kolka, nema í grafískri hönnun við listaháskóla Íslands, þótti rétt að vekja athygli á þessu. Hann telur að það geti verið hálf vandræðalegt ef auglýsingin hafnaði á efsta palli en liti út fyrir að vera stolið frá þýskum aðilum. En auglýsingin sem um ræðir er frá þýska lyfjafyrirtækinu Doppelherz og var sett af stað fyrir um ári síðan. Úlfur tekur fram að undir venjulegum kringumstæðum hefði hann ekki bent á þessi líkindi en þar sem auglýsingin sé tilnefnd hafi honum fundist rétt að impra aðeins á þessu.

Í báðum tilfellum koma svokallaðir Post-it miðar töluvert við sögu. Og segist Úlfur hafa rekist á þýsku auglýsinguna í bók frá Art Direktors Club of Europe sem fjallaði um grafísku verðlaunin frá árinu 2006. „Ég myndi aldrei taka svo stórt upp í mig að halda því fram að auglýsing Landsbankans væri stolin. En menn ættu samt að íhuga þetta," segir Úlfur sem jafnframt fann mikil líkindi milli Glitnis-auglýsingar og markaðsherferðar norska bankans Fokus Bank. „Þær auglýsingar voru keyrðar á sama tíma og því hefði það allt saman getað orðið neyðarlegt," segir Úlfur.

Ingvar Sverrisson, framkvæmdastjóri Góðs fólks, segir það af og frá að auglýsing þeirra sé stolin. Og bendir á að þessi herferð hafi hafið göngu sína fyrir rúmu ári. Guðmundur Þór Kárason, hönnuður hjá Góðu fólki, bendir jafnframt á að post-it miðar séu að verða alþjóðlegt tákn fyrir atriði sem fólk vill ekki gleyma. Hann viðurkennir hins vegar að auðvitað fylgist fólk með því sem er í gangi erlendis og því geti alltaf eitthvað svona gerst. „Menn geta auðvitað alltaf lent í því að fá keimlíkar hugmyndir og góðar hugmyndir kvikna víða," segir Guðmundur Þór og tekur fram að það sé skýr starfsmannastefna hjá Góðu fólki að vera fremst í flokki hugmyndavinnu. freyrgigja@frettabladid.is.

LÍKAR Auglýsing Landsbankans og þýska lyfjafyrirtækisins Doppelherz eru ansi líkar.

EKKERT ÓSVIPAÐ Glitnir og norski bankinn Fokus Bank eiga ýmislegt meira sameiginlegt en að sinna bankastarfsemi; eins og þessa auglýsingu

Allt í steik

framlengt til 31. mars

4ra rétta seðill

1 PARMASKINKA PROSCIUTTO
með strengjabaunasalati, balsamic hlaupi
og rjóma–jarðsveppaosti

2 RJÓMALÖGUÐ HUMARSÚPA
með Madeira og grilluðum humarhölum

VELDU MILLI ÞRIGGJA AÐALRÉTTA

KJÚKLINGABRINGA
hunangskryddhjúpuð með gljáðu rótargrænmeti,
spínati og sítrónusósu

3 *eða* ANDARBRINGA
appelsínumarineruð með appelsínusósu

eða NAUTALUND
grilluð með hvítlauksristuðu spínati,
sperglum og Béarnaise-sósu

4 SÚKKULAÐIFRAUÐ
með ferskum ávöxtum í nouggat-froðu

Gjafabréf Perlunnar
Góð tækifærisgjöf!

Verð frá **3.990 kr.**

Hringbrot

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207 - *Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

DRYKKUR HELGARINNAR

Razzmopolitan

Drykkur helgarinnar er Razzmopolitan á 101 Hótel en veitingastaður hótelsins býður upp á úrval kokkteila sem eru hver öðrum betri. Fullkominn endir á vikunni eða góð byrjun á kvöldinu – hvernig sem á það er litið.

TANJA OG TILVONANDI EIGINMAÐUR HENNAR

Tanja Sif Árnadóttir og Gabríel Filippusson Patay ganga í það heilaga á hlaupársdag

Brúðkaupsafmæli á fjögurra ára fresti

„Gabríel bað mín fyrir framan fjölskylduna sína á aðfangadagskvöld. Hann byrjaði á því að halda ræðu og dró síðan upp hringinn og ég sagði auðvitað strax já. Þetta var mjög rómantískt en ekki beint frumlegt þar sem besti vinur Gabriels hringdi í okkur á jóladag og sagði okkur frá því að hann hefði trúlofast sinni heittelskuðu sama kvöld," segir Tanja Sif Árnadóttir, sölufulltrúi hjá Glitni og brúður, en hún og unnusti hennar Gabriel Filippusson Patay, smiður og fjallaleiðsögumaður, ganga í það heilaga í dag í kirkjunni á Búðum. Þau segja að dagurinn hafi verið valinn fyrir tilviljun en þau eiga von á barni í apríl og fannst mikilvægt að vera gift þegar barnið kæmi. Kynni þeirra voru afar rómantísk þar sem íslensk veðrátta átti hlut að máli. „Við hittumst í fyrsta skipti í Krambúðinni á Skólavörðustígnum en Gabríel bauð mér far þar sem það var mikil snjókoma úti. Ég bjó nánast við hliðina á búðinni en þáði farið þar sem hann var fallegasti maður sem ég hafði á ævi minni séð," segir Tanja með blik í augum. „Farið varð síðan að bíltúr, þar sem við þá bláókunnugir einstaklingar ræddum um allt á milli himins og jarðar. Næst þegar við hittumst small þetta saman eins og örlögin hefðu ráðið ferðinni," bætir Tanja við. Gabriel hefur ferðast um allan heiminn og lent í alls kyns ævintýrum og það kemur því engum á óvart að plön brúðhjónanna um brúðkaupsafmælin bera með sér framandi anda og ævintýri. „Eflaust munum við halda upp á brúðkaupsafmæli okkar á fjögurra ára fresti. Við erum þegar farin að velta því fyrir okkur að halda upp á það með því að ferðast til framandi landa, til dæmis fara á suðurpólinn eða til Sahara-eyðimerkurinnar," segir Gabríel að lokum. Við óskum brúðhjónunum til hamingju með daginn.

bergthora@365.is

Skífulistinn topp 20

Vinsælustu titlarnir

VINSÆLASTA TÓNLISTIN

1	Ýmsir	NÝ LAUGARDAGSLÖGIN 2008
2	Ýmsir	↓ Femin 2008
3	Lay Low	↓ Ökutímar - tónlist úr leikriti
4	Hjálmar	↓ Ferðasót
5	Mugison	↓ Mugiboogie
6	Páll Óskar	↑ Allt fyrir ástina
7	Jack Johnson	↓ Sleep Through The Static
8	Leona Lewis	↓ Spirit
9	Creedence Clearwater	● Chronicle: 20 Greatest Hits
10	Poetrix	↓ Fyrir lengra komna
11	Einar Ágúst	▲ Það er ekkert víst að það klikki
12	Radiohead	↓ In Rainbows
13	Sigur Rós	● Takk Limited
14	Villi Vill	↓ Myndin af þér (3CD)
15	Robert Plant & Alison Krauss	▲ Raising Sand
16	Hjaltalín	↑ Sleepdrunk Seasons
17	Sigur Rós	▲ Hvarf / Heima 2cd
18	Ýmsir	↘ Gosi
19	Cat Stevens	↓ The Very Best Of
20	Gus Gus	▲ Forever

▲ Hæst á lista ↘ Hefur á lista ↓ Lækkar frá síðustu viku ↑ Hækkar frá síðustu viku — Stendur í stað

VINSÆLUSTU DVD

1	Ratatouille
2	Næturvaktin
3	Mýrin
4	Astrópía
5	Doddi þættir 1-8
6	Bring It On - In it to win it
7	Secret, The - íslenskt
8	Simpsons The Movie
9	Shoot'em Up
10	Skoppa og Skrítla í Þjóðleikhús
11	Fóstbræður Season 2
12	300
13	Knocked Up
14	Superbad
15	Kóld Slóð
16	Friends DVD Sería 1
17	A Mighty Heart
18	Family Guy Blue Harvest
19	Simpsons Season 10
20	Top Gear

Listinn gildir 22-29 febrúar 2008

Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum í Skífunni og verslunum BT út um allt land.

S·K·Í·F·A·N

ENNEMM / SÍA / NM32430

AÐ GLEÐJA MUNN OG MAGA

Þú finnur eitthvað sem gleður magann í fjölmörgum veitingahúsum Smáralindar á öllum tímum dagsins.

Börnin gleðjast í Veröldinni okkar í skemmtilegum leikjum undir umsjón ábyrgra starfsmanna.

GERÐU VEL VIÐ ÞIG OG ÞÍNA OG KÍKTU Í SMÁRALIND!

energia · serrano · Burger King · T.G.I. Friday's · Kaffitár · Bæjarins besta pylsur

SUBWAY · Café Adesso · Pizza Hut · Ísbúðin Smáralind · Jói Fel · Te & Kaffi

Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

fatastíllinn

Atli Bollason hjómborðsleikari Sprengjuhallarinnar

Bestu kaupin?: „Birkenstock-inniskórnir mínir hafa reynst mjög vel síðustu átta árin eða svo. Ég fékk þá reyndar gefins svo kannski er það ekki marktækt. Og bindið sem ég fermdist með er ennþá töff og fær reglulega að hanga um hálsinn.“

Verstu kaupin?: „Níðþröngar en útvíðar steinþvegnar gallabuxur frá Levi‘s sem ég keypti í einhverri sturlun í Kaupmannahöfn sumarið 2003. Þær voru ekki beinlínis það ódýrasta í búðinni, og eru enn algjörlega ónotaðar uppi í skáp.“

Fyrir hverju ertu veikust/-astur?: „Íþróttadrasli frá áttunda áratugnum. Hummel-vindjökkum, Adidas-stuttbuxum, hlýrabolum. Svona dóti sem þótti svalt fyrir sex, sjö árum síðan og kveikir alltaf í mér þó ég eigi slatta af þessu fyrir.“

Fermingarbindið fær reglulega að hanga um hálsinn

Hvernig myndir þú lýsa þínum eigin stí?: „Ég er sjúkur í að gagnrýna og skilgreina hluti en ég leiði hugann einhverra hluta vegna frekar sjaldan að eigin fatastíl. En stíllinn minn gæti líklegast flokkast undir einhvers konar bræðing af evrópskri „second hand“-tísku síðan um aldamótin (íþróttaföt frá 8. áratugnum o.fl.) og því sem Strokes voru að klæðast stuttu seinna. Það verður að viðurkennast að það hefur ekkert rosalega mikið gerst hjá mér síðastliðinn hálfan áratug í fatastílnum þó að buxurnar og bolirnir hafi kannski þrengst aðeins.“

Hvaðan sækir þú innblástur þegar kemur að fatastílnum? Áttu þér einhverja fyrirmynd? „Ég sæki mér eflaust helst innblástur í vini og vandamenn, ef þeir detta niður á eitthvað flott elti ég það kannski. Það er helst þegar kemur að klippingum og hárgreiðslu sem ég leita mér meðvitað að fyrirmyndum, og þá verða nýir eða gamlir rokkarar gjarnan fyrir valinu.“

Hvar verslar þú helst?: „Ég kaupi rosalega lítið af fötum. Í janúar keypti ég mér jakkaföt hjá Kormáki og Skildi en það liðu margir mánuðir þar á undan, líklegast voru það peysur og buxur sem ég fjárfesti í í Berlín í júlí.“

Uppáhaldsbúðin?: „Það hlýtur eiginlega að vera American Apparel. En mér finnst líka gaman að mörgum íslenskum fatabúðum; Kormáki og Skildi, Spúútnik og svo er mjög gaman að koma í Kron og Kronkron.“

Eftirlætisflíkin í fataskápnum?: „Ég átti bláan Hummel-jakka sem ég elskaði en hann er týndur, svo ætli það séu ekki bara einhverjar góðar svartar „slim“-gallabuxur.“

Hvað finnst þér um íslensku tískuna? „Ég hugsa oft þegar ég geng niður Bankastrætið að líklegast sé hlutfall vel klæddra og svalra einna hæst í Reykjavík af öllum borgum heimsins. Það er mjög margt í gangi og mikið um það að fólk sé í einstökum, handgerðum flíkum, sem er jákvætt og býr til fjölbreytt tískulandslag. Herrarnir eru að vinna með svona klassískt rokkara/hippsteralúkk, sumir í bland við „retro-næntís“ litasturlun, sem virðist reyndar aðeins á undanhaldi, en það virðist líka vera nett millistríðsáratíska að detta inn í fínni fötum. Dömurnar eru hver annarri glæsilegri og þar er mjög erfitt fyrir óinnvígða eins og mig að ná utan um strauma og stefnur en ég er oft alveg dolfallinn. Á jákvæðan hátt.“

Uppáhaldsfatamerki?: „Fyrir mörgum árum síðan tók ég að kjósa föt sem voru algjörlega laus við öll merki og orð og því var það eins og að komast í gott partí að ramba í fyrsta sinn inn í American Apparel árið 2005. Síðan reyni ég að venja komur mínar þangað og kaupa allavega einn bol eða peysu. Það er líka svo gott fyrir karmað.“

Nauðsynlegt í fataskápinn?: „Góðar svartar „slim“-gallabuxur.“

1 Atli í Jakkafötunum frá Kormáki og skildi

2 „Bindið sem ég fermdist með er ennþá töff og fær reglulega að hanga um hálsinn.“

3 „Þessir skór úr versluninni Kron eru í miklu uppáhaldi hjá mér en ég fékk þá frá kærustunni í jólagjöf.“

4 og 5 „Ég er mjög hrifinn af íþróttafötum frá áttunda áratugnum.“

MIÐASALA Í SÍMA 568 8000
OG Á WWW.BORGARLEIKHUSID.IS

VesturPort BORGARLEIKHÚSIÐ

ÁST

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON

ÁSTIN STÆKKAR
Vegna gífurlegra vinsælda hefur áhorfendapöllum sýningarinnar verið breytt.

2 mars - 88 sýning - uppselt
30 mars - 89 sýning
3 apríl - 90 sýning

þú kemst ekki í gegnum vikuna …

án þess að horfa á kvikmyndina La vie en rose sem byggð er á ævisögu frönsku söngkonunnar Edith Piaf en myndin kom nýlega á myndbandaleigur. Fegurð myndarinnar er slík í tónum, myndmáli og yfirburða leik að hún lætur engann ósnortinn. Fullkominn endir á vikunni.

nema að leggja fyrstu drög að sumarfríinu, slík plön geta lyft sálartetrinu upp í hæstu hæðir. Í stað þess að blóta hálkunni getur þú ímyndað þér hvítan sand, pálmatré og frosna margarítu við sundlaugarbakkann í heitu landi. Slíkar draumsýnir geta glætt hversdagsleikann gleði og hamingju.

án þess að fara í einn góðan bíltúr með fjölskyldunni. Hver man ekki eftir sunnudagsbíltúrunum hérna áður fyrr sem að vísu kostuðu ekki jafn mikinn skilding og í dag en voru endurnærandi og mikilvæg samverustund fjölskyldunnar í amstri hversdagsins.

nema að fara í leikhús. Sjaldan hafa verið jafn margar spennandi sýningar á fjölunum líkt og nú þar sem fjölbreytni í verkefnavali virðist vera allsráðandi.



nema að gera eitthvað sem þig hefur lengi dreymt um en hefur ekki lagt í. Nú er tíminn! Það þarf enginn að gæsa eða steggja til að geta leyft sér að missa tökin. Skelltu í þér í matvöruverslun uppáklædd sem kanína eins og ekkert sé sjálfsagðara og hver veit nema þú rekist á góðkunningja úr fortíðinni. Farðu í Kringluna á laugardegi með knippi af hjartablöðrum og kysstu hvern einasta mann sem þú sérð og segðu að þú elskir, góð leið til að losa um tilfinningar.

Sönghonan Regína Ósk Óskarsdóttir hlakkar til að fara til Serbíu og keppa í Eurovision fyrir Íslandshönd. Í viðtali við Mörtu Maríu Jónasdóttur talar hún um ást sína á Eurovision, barneignir og kjaftasögur.

Alltaf verið athyglissjúk

Þegar Regína Ósk var lítil stelpa dreymdi hana um að slá í gegn. Hún dansaði og söng sig í gegnum Árbæjarskóla, söng einsöng með kórnum og var ákaflega virk í félagslífinu. „Ég hef alltaf verið athyglissjúk og þegar ég var lítil sá ég það í hillingum að koma fram. Ef ég fór á tónleika eða á fimleikasýningar þá lék ég þetta allt eftir þegar ég kom heim. Samt er athyglissýkin svolítið í leyni hjá mér, er ekki að flagga henni neitt sérstaklega," segir hún og hlær og bætir því við að hún hafi verið svolítið ofvirk og sé líklega enn. „Maður þarf að vera svolítið ofvirkur í þessum bransa því það gerist ekkert með því að sitja heima." Eftir Menntaskólann við Hamrahlíð lærði hún djasssöng í FÍH hjá Tenu Palmer. Í dag er hún yfirkennari í söngskóla Maríu Bjarkar ásamt því að vera söngkona í fullu starfi. Hún er alsæl með að hafa komist alla leið í undankeppninni fyrir Eurovision en hún hefur þrisvar sinnum farið út fyrir Íslandshönd en alltaf sungið bakrödd. Hún fór til Köben 2001 með Angel, til Riga 2003 með Birgittu Haukdal og til Úkraínu 2005 með Selmu Björnsdóttur. „Þetta eru ótrúlega skemmtilegar ferðir og öðruvísi en allt sem maður hefur prófað," segir hún dreymin á svip og segist hlakka mikið til. „Ég ætladi mér alltaf að komast alla leið en ég var ekkert að tala um það þegar ég var í bakraddahlutverkinu. Ég hélt bara mínum markmiðum og gerði þetta skipulega. Líf mitt snýst þó alls ekki bara um Eurovision. Síðastliðin ár hef ég byggt upp minn söngferil og gefið út þrjár plötur. Á Íslandi fær maður ekki mörg tækifæri að syngja fyrir alla þjóðina og því er Eurovision frábær vettvangur. Þetta er rosaleg reynsla og frábært fyrir söngvara að æfa sig að koma fram í sjónvarpi."

> ÉG GET LÍTIÐ GERT Í ÞVÍ SEM FÓLK ER AÐ SEGJA UM MIG Á NETINU. MÉR FINNST ÓTRÚLEGT HVAÐ FÓLK LÆTUR ÚT ÚR SÉR Í SKJÓLI NAFNLEYNDAR.

Eurobandið verður til

Fyrir tveimur árum stofnuðu Regína Ósk og Friðrik Ómar Eurobandið. Sú hljómsveit er sérstök að því leytinu til að hún spilar eingöngu gömul og ný Eurovision-lög. Hún segir Friðrik Ómar miklu meira Eurovision-nörd en hún sjálf og hann viti ótrúlegustu hluti um keppnirnar sem voru haldnar löngu áður en þau fæddust. Þegar Eurovision-keppnin er rædd nánar kemur þó í ljós að áhugi hennar á keppninni er eiginlega móður hennar að kenna. „Mamma lét okkur systkinin alltaf horfa á keppnina og bjó til sanna fjölskyldustemningu í kringum hana. Á Eurovisionkvöldum var poppað og keyptur Kentucky," segir hún og hlær. Síðan bandið var stofnað hefur verið brjálað að gera hjá þeim. Þau hafa spilað á árshátíðum og öðrum skemmtunum. Síðustu mánuði hafa þau spilað um hverja helgi á Broadway og því var þau komin í þrusuþjálfun þegar þau tóku þátt í undankeppninni. „Það er samt svolítið skondið að fólk fattar ekki alltaf að við spilum bara Eurovisionlög af því að það er til svo mikið af skemmtilegum lögum sem hafa verið í keppninni. Þetta spannar allan skalann, rapp, popp og diskó." Regína segir að uppáhalds Eurovisionlagið sitt sé, All Kinds of Everything með Dönu, en hún syngi það aldrei á böllum því það sé svo rólegt. „Þegar kemur að ballvænu lögunum þá er það lagið með Ruslönu. Mér finnst ógeðslega gaman að syngja það og það verður allt kreisí á böllunum þegar við spilum það."

Undirbúningur í hámarki

Þótt síðustu vikur hafi verið annasamar í lífi Regínu Óskar segir hún að það sé engin hvíld framundan. Á næstu vikum þurfa þau að undirbúa lagið, gera efni fyrir blaðamenn sem þau taka með sér út og fara í myndatökur svo fátt eitt sé nefnt. Þegar hún er spurð út í hvernig atriðið verði í Serbíu segir hún að það eigi eftir að koma í ljós. „Við verðum allavega að æfa atriðið það mikið að það streymi fram án þess að maður þurfi að hugsa hvað eigi að koma næst." Talið berst að fatavali „Ég var búin að kvíða fyrir því að finna mér dress fyrir kvöldið en svo var þetta ekkert mál. Skjöldur

tíska & fegurð

FÖSTUDAGUR 29. FEBRÚAR 2008

● DR. SPOCK

Boðskapur gula hanskans

● ÁRSHÁTÍÐIR

Settlegir skór og klæðilegir kjólar

● Í UPPÁHALDI

Götutíska fyrir bófakvendi

þinn líkami, þitt líf

ný námskeið að hefjast !
skráning & nánari upplýsingar
www.ropeyogasetrid.is

ROPE YOGA

Boðskapur gula hanskans

● Skyggnst í skápinn hjá Óttarri Proppé, forsprakka þungarokkshljómsveitarinnar Dr. Spock.

Forkeppni Evróvisjónsöngvakeppninnar er nú afstaðin og þótt menn verði seint sammála um úrslitin ber flestum saman um að hljómsveitin Dr. Spock hafi borið höfuð og herðar yfir aðra keppendur hvað fríkaða búninga varðar. Forsprakkinn Óttarr Proppé opnaði dyrnar að búningahirslu bandsins og leyfði ljósmyndara Fréttablaðsins að mynda sig í nokkrum skemmtilegum múnderingum.

Hver er skýringin á þessum búningum?

„Ég er að hluta til að fá útrás fyrir meðfædda glysþörf en líka að sjá hversu langt hægt er að ganga. Svo reynir maður að klæða sig eftir tilefni og þar sem það er geðvekt tilefni að spila með Dr. Spock klæðir maður sig auðvitað geðveikislega í samræmi við það.“

Hefurðu alltaf heillast af svona fatnaði?

„Ég held það nú. Ég var svo heppinn að alast að hluta til upp í Bandaríkjunum á þeim tíma sem fönkið og diskóið reið sem hæst. Það blundar í mér fetish fyrir þessari ýktu seventies- og eighties-tísku. Maður drakk þetta í sig með móðurmjólkinni.“

Hvar kaupirðu fötin?

„Ég er alltaf með augun opin fyrir ýktum fötum í allar áttir. Ég er til dæmis íhaldssamur í daglegu fatavali og horfi helst til fatastíls gamalla enskra karla. Í því samhengi er ég veikur fyrir verslun Kormáks og Skjaldar á Laugaveginum. Ég vil hins vegar hafa fötin sem litríkust fyrir sviðið og fer þá í dásamlega verslun í New York sem kallast Patricia Field´s. Patrica selur hönnun eftir sig og aðra sem eru að hennar skapi. Þarna eru mjög fríkuð föt jafnvel á mælikvarða New York-búa. Í versluninni vinnur góður vinur minn, André J, sem er klæðskiptingur og fyrirsæta, en hann hefur gott lag á að finna ýkta hönnun fyrir mig.“

Hvar færðu hugmyndirnar?

„Oft eru það fötin sjálf sem maður dettur um. Svo hljóta einhverjar fyrirmyndir bæði úr tísku og tónlist að hafa sín áhrif á mann. Þar höfðar kannski helst til mín það sem er ýkt og geðveikt. Ég hef líka verið haldinn einhverju fetishi í tengslum við Ólympíuleikana í Moskvu frá 1980, þar sem allt var rosalega ljótt, og er alltaf á höttunum eftir einhverju þaðan.“

Notarðu stílista?

„Ég er meira og minna minn eigin stílisti. Ég hef enn ekki hitt nógu geðveikan stílista til að geta unnið með honum. Svo tékkar maður á félögunum. Ef einhverjum í Dr. Spock finnst of langt gengið, þá erum við á réttri leið.“

Hvað er málið með gulu hanskana?

„Merking hanskans er í raun mjög dulin. Hins vegar hefur hún skýrst hægt og rólega. Hann er skemmtilegt samspil hreinleika og subbuskapar, þar sem guli uppþvottahanskinn sveiflast á milli þess að grufla í skít og gera eitthvað hreint. Þetta má heimfæra upp á tónlistarsviðið og í raun á öll svið.“

Hvað finnst konunnni þinni um þennan sérstæða fatasmekk?

„Það er mesta furða hvað hún hefur stutt mig í þessu öllu saman. Að hluta til er það kannski vegna þess hversu inngróinn áhuginn er. Það er ekki eins og ég hafi tekið upp á þessu eftir að við kynntumst.“

Hefurði einhvern tímann fengið lánuð föt af konunni þinni?

„Það hefur stundum komið fyrir að ég hef keypt eitthvað handa henni, sem mér hefur fundist fara henni rosalega vel. Hún hefur svo kannski ekkert notað það þannig að hluturinn hefur á endanum færst yfir á minn helming skápsins.“

Má búast við fleiri og jafnvel litskrúðugri búningum í framtíðinni?

„Við skulum vona það. Við erum að vinna að nýrri plötu sem við ætlum að gefa út á sjómannadaginn. Svo erum við að skoða ýmsa möguleika sem hafa opnast í Austur-Evrópu og víðar í kjölfar forkeppni Evróvisjón. Svo búningunum á sjálfsagt eftir að fjölga. Við stefnum á að halda áfram að breiða út boðskap gula hanskans.“

- rve

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hér er Óttarr í dæmigerðum hversdagsfatnaði, bandarískum jakkafötum frá fimmta áratugnum. Vestinu má snúa við og er þá köflótt. Köflóttar buxur fylgja með og þær ásamt vestinu mynda sérdeilis flott golfföt.

Óttar fékk þessa grímu að láni frá hljómsveitinni Gus gus en talið er að um mexíkóska glímugrímu sé að ræða. Að sögn Óttarrs hentar hún vel fyrir þá sem eru feimnir við að koma fram.

Hljómsveitin keypti þennan búning af heimilislausum manni á götuhorni, þegar hún var að spila í Kaliforníu.

Réttir skór fyrir réttu sporin

● Þegar árshátíðartímabilið stendur sem hæst fer fólk um bæinn í leit að flottum skóm til að taka vel valin dansspor á þessari árlegu hátíð fyrirtækja og félaga.

1. Svartir hælaskór frá Billi Bi. Verð 14.990 krónur. Fást í GS Skóm Laugavegi.

2. Rauð/fjólublair hælaskór frá VicMatie. Verð 25.300 krónur. Fást í 38-Þrep á Laugavegi.

3. Hvítir hælaskór hannaðir af Maríu K. Magnúsdóttur. Verð: 19.900 krónur. Fást í Emblu Laugavegi.

4. Svartir lágbotna leðurskór frá Schmooue. Verð: 18.990 krónur. Fást í GS Skóm Laugavegi.

5. Brúnir leðurskó á herrann frá Sulern. Verð 10.900 krónur. Fást í Gk Reykjavík á Laugavegi.

6. Gráir herraskór frá Prada Milano. Verð 36.600 krónur. Fást í Sævari Karli í Bankastræti.

NÁMSKEIÐ & VELLÍÐAN
FYRIR KONUR OG KARLA

Betra form

8 vikna námskeið fyrir konur
Betra form 6 – fjölbreytt, skemmtilegt og árangursríkt.
6 mismunandi æfingakerfi:
Zumba/Body Jam, Tæbó-brennsla og Bodybar blanda, Hjól og tæki, Mótun og Pallabrennsla.
Þér leiðist ekki eina sekúndu!

Stott-Pilates

Stott-Pilates kerfið þjálfar flata og sterka kviðvöðva. Jafnvægi á milli styrk- og teygjuæfinga framkallar langa, granna vöðva og auðveldar hreyfingar.
Frábært æfingakerfi sem hefur slegið rækilega í gegn um heim allan.
Einnig boðið upp á 1-4 manna hópa í Reformer og sérstaka pilates einkatíma fyrir barnshafandi konur.

Karlaþrek

Fyrir karla sem vilja komast í gott form í góðum hópi.
Hjól og tækjaþjálfun 2x í viku og þjálfað með púlsmæli sem gerir þjálfunina markvissa og hvetjandi.
Frábær þjálfun og góð stemmning.
Vigtun og mælingar.

Vertu í fínu formi í sumar!
Skráðu þig núna á námskeið sem skilar þér árangri.

Hefst 10. mars

Ný og enn betri 8-vikna námskeið í nýju húsnæði Hreyfingar í Glæsibæ.
Auk glæsilegrar aðstöðu til líkamsræktar er frjáls aðgangur að spennandi útiaðstöðu, jarðsjópotti, eimbaði og sanarium. Settu þig í fyrsta sæti og finndu þinn sælureit.

Allar nánari upplýsingar á www.hreyfing.is eða í síma 414-4000 .
Skráðu þig núna í síma 414-4000 eða með tölvupósti á afgreidsla@hreyfing.is.

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND geothermal spa

Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

Fríð og fönguleg

● Mikið hefur borið á frönsku leikkonunni Marion Cotillard enda hlaut hún nýlega Óskarsverðlaun sem leikkona í aðalhlutverki í kvikmyndinni La Vie en Rose. Marion hefur komið fram á ýmsum hátíðum undanfarið og hefur sýnt og sannað að hún er ekki aðeins frábær leikkona heldur einstaklega glæsileg og ávallt vel til fara.

1. Frönsk í París Marion mætir á Cesar-kvikmyndahátíðina í Chatelet-leikhúsinu í París. Föl-bleikur, stuttur kjóllinn fer henni ákaflega vel.

2. Glæsiskutla með stutt hár Marion á verðlaunahátíð leikara í Shrine Auditorium í Los Angeles í Bandaríkjunum.

Leggirnir fá að njóta sín

● Árshátíðartímabilið stendur sem hæst og má sjá konur þeysast búða á milli í leit að rétta dressinu. Á árum áður fór engin kona á árshátíð öðruvísi en í síðkjól með löngum slóða. Nú má allt eins vera í stuttu og láta skó og leggi njóta sín. Það getur líka verið mun praktískara að fjárfesta í styttri kjól enda hægt að nota hann við fleiri tækifæri.

1. Silfurlitaður kjóll með satínáferð. Hann er tekinn saman á nokkrum stöðum sem gefur fallega hreyfingu. Fæst í versluninni Cific á Laugavegi. Verð: 24.700 krónur

2. KOW-kjólinn úr KVK á Laugavegi má nota á þrjá mismunandi vegu. Hann getur ýmist verið pils, ermalaus kjóll eða slá. Verð: 16.500 krónur.

3. Eldrauður silkikjóll úr Gust á Laugavegi. Verð: 32.200 krónur.

4. Fyrir þær sem þora! Grænn síðkjóll með hlébarðamunstri. Kjóllinn fellur þétt að líkamanum og línurnar njóta sín vel. Fæst í Cific. Verð: 41.000 krónur.

5. Klassískur kjóll úr Gust með fínlegu blómamunstri. Verð: 29.500 krónur.

svartir, silfur
5.995.-

svartir, hvítir, platinum
5.995.-

svartir, hvítir
5.995.-

svartir lakk, bleikir lakk
5.995.-

svartir, hvítir
5.995.-

svartir lakk, hvítir lakk
5.995.-

sendum í póstkröfu

EURO SKO
Firði Hafnarfirði S: 555-4420

ÚTSALA

Pelskápur 26.900 kr NÚ 5.900 kr
Vattkápur 19.900 kr NÚ 5.900 kr
Úlpur 17.900 kr NÚ 5.900 kr

...og mörg fleiri tilboð.

ATH Ný sending af dúnkápum
Kr 25.900 5 síddir.

Topp HÚSIÐ
Mörkinni 6, s. 588 5518

Opið:
Laugardaga 10-16

Við höfum trú á framtíðinni
Það þarf ekki kraftaverk
Við breytum 5.000 kr. í 7.000 kr.
Fátt er mikilvægara en að tryggja æsku landsins örugga og bjarta framtíð. Ef þú gefur fermingarbarni 5.000 kr. gjafabréf í Framtíðarsjóð bætir Sparisjóðurinn 2.000 kr. við gjöfina. Við höfum trú á framtíðinni.
Líttu við á spar.is og kynntu þér kosti Framtíðarsjóðsins
Há raunávöxtun
Verðtryggður reikningur
Hægt að semja um reglubundinn sparnað
Hægt að leggja inn hvenær sem er
SPARISJÓÐURINN
spar.is
Fíton / SÍA

Geymslu-
og dekkjahillur
í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið
Þessar hillur geta allir sett saman.
Skrúfufrítt og smellt saman.
kr.9.990.-
viðbótareining kr. 7.379.-
Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609
KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS

Götutíska fyrir bófakvendi

Götutískan er allsráðandi í hönnun Helgu Lilju Magnúsdóttur. Hún er einnig innkaupastjóri verslunarinnar Trilogiu.

Helga Lilja Magnúsdóttir, fatahönnuður og innkaupastjóri Trilogiu, í felum. Klúturinn er nýleg hönnun úr hennar eigin smiðju en kjóllinn frá Chloe og fæst í Trilogiu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Helga Lilja Magnúsdóttir, fatahönnuður og innkaupastjóri hjá versluninni Trilogiu, fór nýlega í felur fyrir Fréttablaðið.

„Ég var orðin svo leið á að vera sæt og fín og settleg á myndum. Þess vegna ákvað ég að prófa eitthvað nýtt," segir Helga um bófaklútinn sem hún hannaði nýlega. Kjóllinn sem hún skartar er hins vegar frá hönnuðinum Chloe og fæst í Trilogiu. „Kjóllinn er líka alveg nýr og varð eiginlega uppáhalds um leið og ég sá hann," segir Helga sem hannar í anda götutískunnar.

„Ég hef verið að gera mikið af stærri flíkum eins og jakka, kjóla og peysur. Þess vegna langaði mig að breyta til og gera minni hluti eins og töskur og klúta," segir Helga, sem útskrifaðist fyrir tæpum tveimur árum úr fatahönnun.

„Amsterdam er eiginlega ábyrg fyrir þessari stefnu hjá mér. Ég var þar í skiptinámi og prófaði að gera götutískulínu og fann hvað þetta átti vel við mig," segir Helga sem er með fatnaðinn í Nakta apanum. Mest fyrir stelpur en líka aðeins fyrir stráka.

Starfið í Trilogiu á mjög vel við Helgu þar sem hún fær að fylgjast með straumum og stefnum hjá sínum uppáhaldshönnuðum. Hún er nýlega komin heim frá Kaupmannahöfn og framundan er ferð til borgar hátískunnar; Parísar.

„Erlendir hönnuðir eru ráðandi í Trilogiu. Síðan erum við með hárskraut frá Thelmu og kraga frá hönnuðinum Áróru," segir Helga og nefnir Preen, Chloe, McQueen og Best Behaviour meðal erlendra hönnuða sem fást í versluninni. „Núna bíð ég í ofvæni eftir nýju sendingunni frá Preen sem stendur hjarta mínu næst þessa dagana. Þetta eru bresk hjón sem starfa saman og galdra fram dásamleg snið og kvenlegar línur," útskýrir Helga.

Í Trilogiu er þegar komið vor og nú er bara beðið eftir betri tíð með blóm í haga. „Vorfötin eru mætt þrátt fyrir að tíðin sé ekki hagstæð enn. Svo núna bíðum við bara eftir að snjóa leysi," segir Helga. - rh

Selena
Bikini sett -Tankini sett - sundbolir
frá lepel INTIMAS
Skálastærðir 32-38 A/B C/D DD/E F/FF
Buxur - boxer st. 38 - 44

Bikíni
verð 7.570 kr

Kjóll
verð 6.700 kr

Tankini sett
verð 8.460 kr

Kjóll
verð 6.700 kr

Sundbolur
verð 6.700 kr

Tankini sett
verð 8.700 kr
Selena
Síðumúla 3 • sími 553 7355
Hæðasmára 4 • sími 555 7355

NORDICASPA

Fjögurra vikna lúxusnámskeið

fyrir konur og karla

Lúxusnámskeið NordicaSpa er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðisins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu. Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrennslu, hvernig þú átt að glíma við matar- og sykurþörfina, hvernig þú ferð að því að brenna meira og léttast.

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal undir handleiðslu þjálfara
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fræðsla og eftirfylgni
- Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna
- Strangt aðhald – mikill árangur
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- Vikuleg markmið/áhersla/fróðleikur
- Tímar: 6:30, 7:30, 10:00, 16:30 og 18:30
- Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon

1. vika – Orkuhleðsla

Í fyrstu vikunni er verið að byggja upp orku og koma líkamanum í jafnvægi sem er upphafið að breyttum lífsstíl.

2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla

Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna og auka fitubrennslu eiginleika líkamans.

3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun

Þriðja vikan kemur jafnvægi á hormónaflæði líkamans sem hefur áhrif á skap, lífsorku og kraft. Farið er í úrgangs- og eiturefnahreinsun og létt á meltingunni.

4. vika – Ónæmiskerfi eflt – Jafnvægi

Í viku fjögur er ónæmiskerfið byggt upp og líkamananum hjálpað að verja sig á náttúrulegan hátt. Veitt er ráðgjöf með mataræði og hreyfingu sem veitir andlegt og líkamlegt jafnvægi.

Ný námskeið hefjast 3. mars

Skráning er hafin í síma 4445090 eða
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

Marc O'Polo
Kringlan Sími 568-5757

UPPÁHALDSMATURINN: **Lasagna og túnfisksteikin á Ítalíu**

UPPÁHALDSDRYKKURINN: **Peru-ávaxtatoppur**

UPPÁHALDSFLÍKIN: **Evuklæðin**

MESTI LÚXUSINN: **Nudd**

FULLKOMINN FÖSTUDAGUR? **Sofa aðeins út og vera ekki með neitt sérstakt planað, dunda sér um daginn og fara í nudd, hárgreiðslu, kaupa sér einhver föt og fara út að borða um kvöldið ...**

BÍLINN MINN ER... **yndislegur Yaris sem ég þarf að fara að láta þrífa!**

HVAÐ KEMUR ÞÉR TIL AÐ HLÆJA? **Fyndin tilsvör frá börnum, þ. á m. dóttur minni**

LEYNDARMÁLIÐ: **Bókin**

MESTA PRAKKARASTRIKIÐ: **Ekkert á efri árum, en þegar ég var lítil hellti ég úr öskubakka ofan í vögguna hjá litla bróður mínum...**

Eyfjörð greiddi okkur og þegar við vorum að fara yfir stöðuna rakst ég á tjullpilsið hjá honum og vildi endilega vera í því. Toppurinn úr Spaksmannsspjörum smellpassaði við og svo lánaði Skjöldur mér beltið. Á endanum fann ég gamlar ermar heima hjá mér og ákvað að vera í þeim við," segir hún kát. Þegar hún er spurð að því hvernig hún ætli að vera í Serbíu segist hún ekki ætla að fara langt frá þessum klæðnaði.

Netheimar loga

Síðan Regína Ósk og Friðrik Ómar unnu undankeppnina hafa netheimar logað í leiðinlegum athugasemdum um þau. Hún segir að hún láti þetta ekkert á sig fá og líði vel í eigin skinni. „Ég get lítið gert í því sem fólk er að segja um mig á netinu. Mér finnst ótrúlegt hvað fólk lætur út úr sér í skjóli nafnleyndar. Það er svo óvægið. Ég er mjög hamingjusöm og líður vel með sjálfa mig. Ég ætla ekki að láta þetta á mig fá," segir Regína Ósk sem á góða að. Þegar hún er spurð að því hvernig hún haldi sér í formi segist hún fara reglulega í ræktina. „Ég er alltaf að hugsa um heilsuna. Ég er hjá þjálfara og æfi í Laugum tvisvar í viku."

Regína Ósk er í sambúð með Sigursveini Þór Árnasyni en þau kynntust í Sjallanum á Akureyri fyrir tveimur árum. Hann var í hljómsveitinni Lúxor, spilar á gítar, er nemi í FÍH og er verslunarstjóri í Dressmann í Smáralind. Auk þess sér hann um að stílisera allar Dressmann-verslanirnar á landinu. Þegar hún er spurð að því hvort hann gefi henni góð ráð varðandi fataval segir hún svo vera. „Ég fæ mjög góð ráð hjá honum og hann er mjög hreinskilinn. Við náum rosa vel saman." Föstudagur fékk Sigríði Klingenberg til að spá fyrir Regínu Ósk og hún spáði því að hún myndi eignast barn á árinu ef hún myndi ekki passa sig. Þegar Regína er spurð um þetta fer hún að hlæja. „Í alvöru, það er æði. En það er ekki komið ennþá, ég get lofað því. Og ég er ekki að stefna að því akkúrat núna. Ég held að það sé ansi hæpið að barnið fæðist á árinu en mig langar að eignast annað barn. Dóttir mín er fimm að verða sex ára og ég er ekki hætt að eiga börn. Ég vil þó hafa tíma fyrir barnið þegar það kemur. Það er bara svo mikið álag á fjölskylduna að vera í þessum bransa. Verð aðeins að róa mig niður ef ég ætla að fara í frekari barneignir. Ég held að börnin komi þegar þau eiga að koma."

Hlýðir mömmu

Þegar Regína Ósk var unglingur söng hún einsöng með kór Árbæjarskóla. Henni er það mjög minnisstætt þegar móðir hennar bannaði henni að fara í partí daginn fyrir tónleika og hún segist hafa orðið alveg brjáluð út í hana fyrir vikið. „Móðir mín ól mig svona upp en ég verð að viðurkenna að daginn eftir var ég mjög fegin að hafa ekki farið í partíið. Söngvarar eru sitt eigið hljóðfæri og þeir verða að fara vel með það. Ég fer alltaf beint heim eftir böll, það er enginn tími í djamm þegar það er svona mikið að gera hjá manni." Hún hefur líka ákveðnar skoðanir drykkjusiðum í vinnunni. „Ég drekk heldur ekki þegar ég er að vinna. Mér finnst æðislegt að syngja en fyrir mér er það ekki partí, það er vinna."

martamaria@365.is

KLINGENBERG SPÁIR FYRIR REGÍNU

Regína Ósk Óskarsdóttir er fædd 21.12. 1977. „Regína Ósk hefur mikla seiglu. Hún hefur sterk tök á að sjá þau takmörk sem hún ætlar að ná og mjög sterkt tengslanet í kringum sig. Hún passar sig á því að vera góð við aðra. Hún hefur samt mikinn tilfinningahita líkt og ítölsku konurnar og er bara búin að sýna brot af því sem hún getur í raun. Hún er á ári ástarinnar í ár og ástin mun gefa henni mikla orku og sérstakan kraft til að syngja tilfinningaleg lög. Hún er á miklu frjósemisári og get ég ekki betur séð (ef hún passar sig ekki) en að hún verði ófrísk á árinu. Ein lítil Regína gæti verið á leiðinni. Hún er talan þrír sem er sterkasta listamannatalan," segir Sigríður Klingenberg og bætir því við að hún yrði ekki hissa ef hennar yrði beðið á árinu. „Þetta er árið hennar Regínu. Hún mun standa sig með prýði hvert sem hún fer og hvert sem hún ætlar. Krafturinn mun aukast

hjá henni og miklar breytingar eru í vændum. Íslendingar eiga eftir að verða stoltir af framlagi sínu til Eurovision og ef eitthvað er þá mun lagið vekja miklu meiri athygli en við var búist."

Italsofa

The Italian touch

Nýjar gerðir í breyttum og stærri sýningarsal

Vandaður hornsófi með þykku nautaleðri Verð kr. 364.000.-

Vandaður hornsófi með þykku dökkbrúnu nautaleðri og rafknúnum skemmli Verð kr. 490.000.-

Vandað sófasett 3+1+1+ með þykkuk nautaleðri Litir : Ljóst,brúnt Verð kr. 315.000.-

Veldu draumahúsgögnin hjá okkur eða settu saman sérpöntun að þínum óskum

Italsofa Frábært verð og gæði

The Italian touch

www.valhusgogn.is

Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar Þetta verður þú að prófa!

Valhúsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

Sími 581-2275 ■ 568-5375

Opið virka daga kl. 10-18 / Laugardaga kl. 11-16

tíska

ferskleiki dagsins í dag



CHLOE SEVIGNY Í KRONKRON

Fatalína bandarísku leikkonunnar Chloe Sevigny kom verslunina Kron Kron í gær, 28. febrúar, en aðeins fáar útvaldar verslanir í heiminum fá að selja hönnun hennar. Flestir muna eftir leikkonunni úr kvikmyndinni Kids og Boys Don't Cry en Chloe var tilnefnd til Golden Globe- og Óskarsverðlauna fyrir leik sinn í síðarnefndu myndinni. Þetta er fyrsta fatalína leikkonunnar en hún vinnur hana í samstarfi við breska fyrirtækið Opening Ceremony. Línunnar hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu þar sem Chloe þykir hátt skrifuð í tískuheiminum.

Sjóræningjaleikur

Saltur andblær sjávarins sveif víða yfir tískusýningarpöllum þegar vor- og sumartískan var kynnt í haust. Akkeri og sjóliðasnið ásamt öðrum sígildum táknmyndum frelsisins fjarri fastalandinu voru áberandi auk þess sem villt og litaglöð fatatíska sjóræningjanna gerði strandhögg í tískuheiminum eina ferðina enn.

Sjóliðarendurnar voru áberandi í vor- og sumarlínunni árið 2006 og snúa nú aftur með enn sterkari skírskotun til ævintýralegs sjóræningjalífsins þar sem litirnir rauður, blár og hvítur eru allsráðandi.

Hafið bláa hafið og lífið í ölduróti þess hefur löngum heillað og verið sveipað ævintýrablæ og rómantík enda bærast leyndardómar og allar þrár mannsandans í hyldýpinu undir víðfeðmu yfirborði hafsins sem skilur að lönd og elskendur. Þar leynast hættur og fegurð, líf og dauði og hvergi verður lífsbaráttan og stríðið við sinn innri mann og fárviðri hugans dramatískari en úti á reginhafi. Þar er glímt bæði við náttúruöflin og persónuleikabresti sem geta jafnvel tekið á sig mynd risavaxins hvíts hvals þegar verst lætur.

Engan þarf því svo sem að undra að tískan sem hefur náttúrulega tilhneigingu til þess að fara í menningarsögulega hringi sæki ítrekað á þessi sömu mið og ljóskáld, rithöfundar, leikstjórar og myndlistarfólk hefur sótt í gegnum aldirnar. Hafið er þar fyrir utan enn dularfull ævintýraveröld á öld internets og endalauss upplýsingaflæðis og þar má enn finna vin í andlegri eyðimörk gegndarlausrar efnishyggju, hraða og tímaleysis. Fátt er því kærkomnara en ferskur andblær frá hafinu sem hristir upp í hversdagsgrámanum með litadýrð og ævintýraþrá.

Tískan er sem betur fer eins og golfstraumurinn og á endalausu ferðalagi sínu í gegnum tíma oig rúm rekur hana af og til á fjörur okkar með rómantískan trylling úr fortíðinni. Þessir vindar frelsis og lífsgleði munu blása um Reykjavík og aðrar tískuborgir í sumar.

bergthora@365.is

1. **Hringur með akkeri, Topshop**
2. **Carolina Herrera, vor, sumar 2008**
3. **Jean Paul Gaultier vor/sumar 2008**
4. **Af sýningu Eley Kishimoto fyrir vor, sumar 2008**
5. **Marc Jacobs taska frá versluninni Kron Kron**
6. **Sjóliðapeysa frá Topshop**
7. **Sjóræningjahálsmen frá Topshop**

Ný verslun í Kringlunni
B&S
KONUR
BOSS
HUGO BOSS
SAND
HUGO
HUGO BOSS
B&S Kringlunni áður SAND WOMAN
553 4141

heima

gleði og glysgjörn húsráð

HALTU Í ÞAÐ GAMLA

Ef þú flytur í íbúð sem er með panelklæddum veggjum skaltu hugsa þig tvisvar um áður en þú hendir öllu út. Panellinn er nefnilega það sem koma skal og eftir nokkur ár verður hann mun verðmætari en fólk grunar. Þegar kreppir að er líka mjög mikilvægt að sjá feguðina í öðruvísi hlutum.

Vala Matt selur glæsiíbúð sína í Sjálandinu

Íbúð fyrir vandláta

Í Sjálandinu í Garðabæ hefur sjónvarpskonan og arkítektinn Vala Matt komið sér vel fyrir í 120 fermetra glæsiíbúð. Íbúðin vakti athygliþegarhúnbirtistíhúsbúnaðarritinu Veggfóðri en hún lagði mikla áherslu á að íbúðin væri stílhrein en jafnframt hlýleg. Nú ætlar Vala að breyta til, breyttar aðstæður kalla á öðruvísi húsnæði. „Börnin mín hafa verið í útlöndum undanfarin ár í námi og eru að flytja heim. Þau eiga húsnæði í miðbænum og mig langar að flytja þangað til að vera í göngufæri við þau. En ég fer héðan með miklum trega því hér er mér búið að líða dásamlega, hér er þvílík náttúrufegurð og kyrrð," segir Vala en hún hefur fest kaup á þakíbúð á Klapparstíg.

Það skondna er að hún bjó í sama fjölbýlishúi fyrir áratug og því má segja að Vala sé að flytja aftur heim. „Ég bjó í þeirri íbúð í fimm ár og fannst svo gott að búa þar. Þegar ég sá að það var íbúð til sölu í sama húsi sló ég til," segir Vala. Þegar hún er spurð að því hvort það þurfi að gera mikið fyrir nýju íbúðina segir hún svo ekki vera. Þeir sem þekkja Völu vita þó að hún á örugglega eftir að endurhanna hana alla. „Ég hefði helst vilja færa íbúðina sem ég bý í núna með smá part af fjörunni niður í miðbæ," segir Vala og hlær. Hún er í smá pásu frá sjónvarpinu en hún hefur þó ekki setið auðum höndum. Hún er að teikna sumarbústað, sófa og sitthvað fleira og svo er hún að vinna í því að endurskipuleggja líf sitt. Hún segist þó alls ekki vera hætt í fjölmiðlum.

„Ég er með svo mikla fjölmiðlabakteríu að ég er aldrei róleg fyrr en ég er búin að miðla áfram. Núna er ég að undirbúa nýtt fjölmiðlaverkefni en mér hefur verið boðið ýmislegt sem ég hef ekki viljað taka því það hefur verið of líkt því sem ég hef verið að gera. En ég vil ekki tala um það núna. Svo langar mig að breyta tempóinu hjá mér, er búin að vera í rosalegri keyrslu síðustu ár og þarf að endurhlaða mig. Þegar krakkarnir mínir koma heim langar mig að hafa meiri tíma með þeim og vera alvöru amma," segir Vala og brosir. Frekari upplýsingar hjá Hannesi Steindórssyni á Remax.is

martamaria@365.is

VALA ELSKAR COREAN-EFNIÐ EN VASKURINN OG HILLAN FYRIR NEÐAN ERU ÚR ÞVÍ.

HÚN SEGIST HELST AF ÖLLU VILJA FÆRA ÍBÚÐINA NIÐUR Í MIÐBÆ SVO HÚN GETI VERIÐ SEM NÆST BÖRNUM OG BARNABÖRNUM.

STOFAN ER HLÝLEG. SÓFARNIR ERU ÚR 19:19 SETTINU FRÁ SOKKABANDSÁRUM STÖÐVAR 2 EN SÓFABORÐIN ERU ÚR INNLIT/ÚTLIT. FALLEG HÖNNUNARHÚSGÖGN SETJA PUNKTINN YFIR I-IÐ.

HUGSAÐ ÚT Í ALLT. GLERHURÐIR ERU Í STAÐ VENJULEGRA OG SETUR ÞAÐ ÓTRÚLEGA FERSKAN SVIP Á ÍBÚÐINA.

HÖNNUN VÖLU. HÚN LÉT SÉRSMÍÐA SKÁPA Í SVEFNHERBERGIÐ SEM KEMUR SÉRLEGA VEL ÚT EN AUK SKÁPANNA ER FATAHERBERGI INNI AF SVEFNHERBERGINU.

Coca-Cola Kynnir

SÁLIN HANS JÓNS MÍNS

20 ÁRA

afmælistónleikar

1988-2008

GOSPELKÓR BLÁSARAR

LEYNIGESTIR STRENGJASVEIT

TRÚÐUR

MIÐASALA Á midi.is

LAUGARDALSHÖLL FÖS.14. MARS 2008

BALL Í HÖLLINNI 14. MARS. SÁLIN FLYTUR ÚRVAL LAGA SINNA UNDANFARIN 20 ÁR MEÐ FULLTINGI BLÁSARA, STRENGJASVEITAR, GOSPELKÓRS, LEYNIGESTA OG TRÚÐS. AÐEINS ÞETTA EINA SKIPTI! ÖLLU TIL TJALDAÐ Í SVIÐSBÚNAÐI; ÞRÍR RISASKJÁIR, LJÓS Í ÖLLUM LÍFSINS LITUM, WÖTT Í MASSAVÍS – ALLUR BALLETTINN. HÚSID OPNAR KL. 21, TÓNLEIKAR HEFJAST KL. 22.
MIÐAVERÐ: 5.000 (STÚKA) OG 4.000 (GÓLF: STANDANDI)

tónlist Coke megin í lífinu

bland

í gær og á morgun ...

SPENNAN MAGNAST

Lokaþáttur dönsku spennuþáttaraðarinnar Forbrydelsen eða Glæpurinn verður sýndur á sunnudagskvöld á Ríkissjónvarpinu. Glæpurinn hefur notið mikilla vinsælda á vetrarmánuðum og haldið íslenskum áhorfendum þáttarins í spennutreyju í bráðum tuttugu vikur. Fjölskyldu- og félagslíf hefur jafnvel orðið fyrir áhrifum frá Glæpnum en alhörðustu aðdáendur þáttarins hafa gert sunnudagskvöldin að heilagri stund og sett allt annað á bið. Vitað er til þess að fjölskyldur hafa borðað sunnudagslærið í kaffitímanum á sunnudögum til þess eins að geta notið þáttarins í friði og ró.



díana mist

FÖSTUDAGUR 22.02:
Byrjaði daginn á Kaffitári. Þar var sjarmatröllið og bæjarstjórinn Grímur Atlason ferskur í höfuðborginni. Þar var líka Inga María Leifsdóttir, kynningarstjóri Íslensku óperunnar, Gunnar Eyjólfsson leikari og hinir kaffibrúsakarlarnir. Eftir frekar syndlausan dag lá leiðin á opnun sýningar Gabríellu Friðriksdóttur í Listasafn Íslands. Sem betur fer náði ég ekki að fara heim úr vinnunni og mætti þar af leiðandi ekki eins og jólatré á árshátíð krúttkynslóðarinnar. Frú Vigdís Finnbogadóttir var þar glæsilegust allra og Aftur-systurnar. Eftir sýninguna var haldið í heim til föður listakonunnar, Friðriks Sophussonar og konu hans Sigríðar Dúnu, en þau héldu veislu í tilefni dagsins sem stóð fram eftir nóttu. Fór uppgefin heim en ætlaði aldrei að geta sofnað þar sem síminn var rauðglóandi af tylltum SMS-um frá einhverjum týpum fram eftir morgni. Hvað er þetta með íslenska karlmenn, örlítið áfengi og SMS, hættuleg blanda þar á ferð.

LAUGARDAGUR 23.02:
Ákvað að druslast í bæinn sem var iðandi af lífi. Helgi Hjörvar og Þórhildur Elín nutu góða veðursins með börnum sínum á meðan leikaraparið Dóra Jóhannsdóttir og Jörundur Ragnarsson og gamli góði DJ-dúettinn Jói og leikstjórinn Reynir Lyngdal voru á Vegamótum. Eftir bæjarferðina var stefnan tekin á Blaðaljósmyndarasýninguna. Þarna var pressan samankomin, fyrrverandi ritstjórar blaðsins Séð og heyrt, Bjarni og Kristján, Jónas Haralds ritstjóri Viðskiptablaðsins, Kolla Bergþórs, Áslaug Snorradóttir ljósmyndari, Helga Stefáns búningahönnuður og Svanhildur Konráðsdóttir. Hellti í mig fimm hvítvínsglösum og var orðin vel hress. Af sýningunni lá leiðin í Eurovisionpartí. Vissi ekki með hverjum ég átti að halda, fannst þetta bara allt fínt, segir kannski meira um ástandið á mér þetta kvöld. Tók leigubíl í bæinn og leit við á Boston. Þar voru sjónvarpsstjörnurnar Simmi og Þóra Tómasdóttir alsæl og mátti greina mikla rómantík í loftinu. Ég fór aftur heim og tók á móti einum gömlum félaga á tröppunum. Ekki spyrja mig af hverju en ég bauð honum inn enda vel sósuð og hress og hafði ekki á móti smá félagsskap.

SUNNUDAGUR 24.02
Vaknaði á bömmer við hliðina á Skugga-Baldri næturinnar. Hvað var ég að spá. Ákvað að lauma mér út þrátt fyrir að hann væri heima hjá mér. Boðaði vinkonu mína á neyðarfund á Gráa köttinn. Eftir egg, beikon og nokkra kaffi latte var ég þó farin að hlæja að mistökum næturinnar og ekki spillti fyrir þegar leikarinn Gael Garica gekk inn. Þegar ég kom heim var „félaginn" farinn, skildi eftir sig miða, „takk fyrir nóttina, sæta", um mig fór kaldur hrollur. Um kvöldið hætti síminn ekki að hringja og ömurlegum SMS-um rigndi yfir mig. Jæja, en svona er þetta víst. Það geta víst ekki allir verið heppnir.

Eirberg

Betra loft
betri líðan

Airfree lofthreinsitækið
- Eyðir ryki og gæludýraflösu
- Eyðir bakteríum, ólykt og myglu
- Er hljóðlaust og viðhaldsfrítt

Hæð aðeins 27 cm

Swopper
vinnustóllinn
- Bylting fyrir bakið
- Styrkir magavöðvana
- Frelsi í hreyfingum
- Fæst í ýmsum litum

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

Áslaug Snorradóttir ljósmyndari og eigandi samkvæmisstaðarins Piknikks

1. „Ég veit ekki hvar ég væri án fólksins kringum mig sem ég elska, dái og virði. Veit ekki hvar ég væri án tilfinninga eða án líkamans, Bergs kírópraktors og Tóta nálastungu, ég kemst ekki af án þeirra."
2. „Penni og pappír eru mér lífsnauðsyn til að koma hugmyndum og hugsunum mínum á blað."
3. „Ég get ekki verið án brokkólís, ég gæti borðað það í öll mál."
4. „Ég elska ávexti og blóm en þau færa mér innblástur, minningar og gleði í allri sinni dýrð og veita mér fullkomna hamingju. Ég útbý altari skreytt ávöxtum og blómum – því fallegasta sem er í boði hverju sinni – en ávextirnir nýtast síðan í safapressuna góðu í sellerískot eða ananaskokkteil með engifer og límónu."
5. „Ég get ekki lifað án lita en þeir gleðja mig. Rauðir litir gleðja mig mjög mikið, ég sé mikið eftir „Jungle red"-varalitnum frá Nars en þeir hættu því miður framleiðslu á honum."
6. „Armband eftir Huldu, guðdómlegt plexíarmband með rauðum kanínudúski. Eina gæludýrið í mínu lífi, ber það daglega."
7. „Ég get ekki verið án tóna og orða, suðurameríska í orðum og arabíska í tónum en svo allt hitt..."
8. „Hnífarnir góðu gegna stóru hlutverki í eldhúsinu, eldamennskan verður dásamleg og gulræturnar extra góðar."
9. „Gula myndavélin mín, mikil ánægja með það samstarf og sérstaklega með 50 mm linsu."
10. „Ég get ekki verið án farartækja, línuskautanna, gönguskónna og hjólsins, veitir frelsi og kætir andann."

SONY

like.no.other™

Skarpasta tvennan

Stríðinu er lokið, Blu-ray er háskerpumiðill framtíðarinnar og framtíðin er núna.
Fáðu þér sérlega vandað 40 tommu háskerpu LCD sjónvarp sem hlotið hefur afburðadóma og Playstation 3 háskerpu Blu-ray spilari, mediacenter og leikjatölva fylgir með.

KDL40W3000
Sony BRAVIA LCD sjónvarp

Full HD 1080p upplausn • x.v.Colour
BRAVIA Engine Ex myndstýring
24p True Cinema • Live Colour Creation
BRAVIA Theatre Sync • Photo TV HD
Innbyggður stafrænn sjónvarpsmóttakari

339.900,-

Playstation 3
Blu-ray spilari og mediacenter

Háskerpu Blu-ray spilari (1080p) • Mediacenter
DVD spilari með upscaling til að nýta sjónvarpið betur
Mögnuð leikjatölva • 40 GB harður diskur
2 USB tengi • Þráðlaust netkort innbyggt
Fullkominn félagi fyrir BRAVIA sjónvarpið þitt

0,- *

* ef keypt með KDL40W3000. Gildir til 10. mars.

Kringlan
103 Reykjavík
588-7669
info@sonycenter.is

Sony Center

HETJUR

HÖFUNDUR **GERALD SIBLEYRAS**
LEIKSTJÓRI **HAFLIÐI ARNGRÍMSSON**

Verkið, í þýðingu Toms Stoppard, vann til Laurence Olivier-verðlaunanna fyrir "The best new comedy", þegar það var sett upp í West End árið 2006.

★★★★ FRÉTTABLAÐIÐ

„...fyrir þá sem vilja sjá vel ígrundaða og góða sýningu.“

ELÍSABET BREKKAN
FRÉTTABLAÐIÐ

„...verk fyrir þroskað fólk og ég get lofað því að það skemmtir sér vel...“

SILJA AÐALSTEINSDÓTTIR
TÍMARIT MÁLS OG MENNINGAR

„Ljúf var þessi kvöldstund.“

MARÍA KRISTJÁNSDÓTTIR
MORGUNBLAÐIÐ

„Bráðfyndið og einlægt verk sem er fantavel leikið.“

ARNDÍS ÞÓRARINSDÓTTIR
24 STUNDIR

ÞÚ VILT EKKI MISSA AF ÞESSARI SÝNINGU!

Fös.	**29.**	**feb.**	kl. 20
Lau.	**01.**	**mar.**	kl. 20
Lau.	**08.**	**mar.**	kl. 20
Sun.	**09.**	**mar.**	kl. 20
Fim.	**27.**	**mar.**	kl. 20
Fös.	**28.**	**mar.**	kl. 20
Lau.	**05.**	**apr.**	kl. 20
Sun.	**06.**	**apr.**	kl. 20
Lau.	**12.**	**apr.**	kl. 20
Sun.	**13.**	**apr.**	kl. 20

GUÐMUNDUR ÓLAFSSON **SIGURÐUR SKÚLASON** **THEÓDÓR JÚLÍUSSON**

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

Hyundai Starex til sölu árg. 2004 ekinn 68þús km er á 31" dekkjum og er í topp standi. Ásett verð er 2.150þús uppl.í síma 821-0876

Toyota Hilux double cab. '92 Bensín. Vel með farinn. Vertilboð óskast. S. 867 0927.

Einn eðal í snjóinn 35" ford 1994 ekinn aðeins 160.þús rn:170528 sími 8928809

Til sölu Jeep Wrangler árg. '04, 32" dekk. Ek. 27 þ. míl. V. 2.3 m. Hraðastillir, CD. S. 865 2198.

Til sölu: NISSAN PATROL GR árg. 2001, 44" á 17" felgum og nýjum auka 41" hjólbörðum á 14" felgum. Einn fjallklár með öllu, lágír og læsingar aftan og framan, 60 l aukatankur og millidæla, loftdæla og tengingar út í nöf, ljóskastarar, VHF og CB, GPS og tölvuborð. Ekinn um 148þ.km og þar af 45 þkm á vél. Um 3millj áhvílandi, tilboð óskast um milligjöf. Uppl. í gsm 893 1287.

Pajero '87 dísel turbo stuttur, í mjög góðu ástandi. Verð 153 þ. S. 895 0188.

stúdioíb f 1 mann, óskast strax eða síðar, gjarnan m húsg en ekki skylda. 6906126

Sendibílar

Benz Sprinter 416 grindabíll m. 750 kg lyftu. Lengd á grind allt að 4,60. Ek 41 þ. Verð 1800 þ. + vsk. S. 820 3880.

Renault Midlander 10 tonna sendibíll kassi hxbxl:220x245x490. Burðargeta 3.9 t. V. 1 m. með vsk. S. 863 6306.

Vörubílar

2 city vagnar til sölu

Hef til sölu 2 city vagna árgerð 1999 í fínu standi. Með 1500kg lyftu. Verð á stk 1.000.000 +vsk. Verð fyrir 2 stk 1.800.000+vsk. Upplýsingar í síma 893-8327

Mótorhjól

GÁMUR AF MÓTORHJÓLUM Annar gámur ársins 2008 er á leiðinni. Fáránleg verð á hjólunum. Fyrstir koma fyrstir fá, þetta verður fljótt að klárast. Upplýsingar á heimasíðunni www.motors.is

Móto & Sport

Ítalskar vespur

50cc með fjarstarti og þjófavörn, ABS bremsukerfi, breið dekk, 4 litir. Verð 188 þús. með hjálmi, götuskráningu og boxi að aftan.

X Motos Super Pit

Mótorcrosshjól, 250cc, 5 gíra dirt bike, hæð sætis 90cm, hæð undir pönnu 32cm, upside down temparar stillanlegir. Verð áður 275 þ. Verð nú 198 þ.

Hippar

Verð áður 398 þ. Verð nú 298 þ. með götuskráningu. 250 cc, með fjarstarti, þjófavörn, rollbar, töskum, litur: svart. Allir hjálmar á 5900 kr. Eigum mikið úrval af vespum.

Mótor og sport ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Eigum einnig nokkur notuð hjól á góðu verði.
www.motorogsport.is

Vélsleðar

Polaris XC800 04 ek 1530km v 650þ uppl.8562705

Polaris 800 RMK Vertical Escape 151" árg 2004 ekinn 2800.Góður sleði.Einn með öllu.Verð 650. S:898-2811.

Snjór um helgina. Ski-Doo mxz 800 '01, ek. 3500 km. Verð 370 þ. Uppl. í s. 894 9002.

Kerrur

Kerrur - Vélsleðakerrur, íslenskar og þrælsterkar www.kjalfell.is runar@kjalfell.is S. 452 4545.

BÍLAR TIL SÖLU / SKIPTI

Vetrartilboð á Brenderup kerrum

2 metra kerrur frá kr. 99.970 m/VSK! Sjón er sögu ríkari !! Margar stærðir í boði! Lyfta.is - Njarðarbraut 3 - Reykjanesbær - Sími 421 4037 - www.lyfta.is

Tjaldvagnar

Aliner árg. 04. Vagnin er mjög vel farinn. Með grjótgrind, sólarsellu, 2 gaskútum, wc, ísskáp, gasmiðstöð og svefnpláss fyrir 4. Uppl. í s. 862 2892.

Vinnuvélar

Lyftarar

Hjólbarðar

Nánast ónotuð negld vetrardekk til sölu. st. 255/70R16. Gott verð. Uppl. í s. 695 0555.

FLOTTAR FELGUR

Til sölu RS-felgur, low profile 205/45 R 16" mjög ódýrar. Uppl. í s. 551 9262 e. kl. 19.

Varahlutir

Bílapartar ehf
S. 587 7659.

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Einnig airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Viðgerðir

Bílaverkstæðið Skúffan.

Allar almennar bílaviðgerðir. Fljót og góð þjónusta. Smiðjuvegur 11e, 200 Kóp. S. 564 1420.

ÞJÓNUSTA

Veitingastaðir

Rest. Gullinský

Nýr veitingastaður með áherslu á góðan mat á vægu verði. Íslenskur matur og kökur á hlaðborði allan daginn. Heimatilbúið og bakað. Opið frá 10-18 alla virka daga. Skúlagata 40 (gengið inn frá Barónsstíg) S. 823 8280.

Barnagæsla

16.mán stelpa þarf að komast í pössun frá byrj.mars í 6-8 vikur 10-16 virka daga í rvk.s:6965521/6954755

Hreingerningar

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Tek að mér regluleg þrif í fyrirtækjum og einnig flutningsþrif. Ástu-Svæði . S. 848 7367.

Hreingerningar ehf
Sími: 868 5599
Gólfbónun - Bónleysing
Hreingerningar - Flutningsþrif
Gluggaþvottur - Teppahreinsun
Reglulegar ræstingar í samræmi og fyrirtækjum.
www.hreingerningar.is

Hreingerningar ehf. S: 868 5599

Atli Þrif & Viðhald
Sími: 662 0 662
Flutningsþrif * Hreingerningar
Teppahreinsun * Gluggaþvottur
Reglubundin þrif fyrir fyrirtæki
★★★★★
Létt viðhald á eignum fyrir einstaklinga & fyrirtæki

Stjörnuþrif

ALVEG SKÍNANDI!

Flutningsþrif, nýbyggingaþrif, húsfélagaræstingar, ræsting fyrir fyrirtæki og stofnanir, bónvinna, teppahreinsun og allar almennar hreingerningar. www.stjornuthrif.is S: 820 0691

Garðyrkja

Smágröfuleiga
Drenlagnir
Skolplagnir
Jarðvegsskipti
Upplýsingar í síma:
824 7565 Beggi
696 6676 Bjössi

Vetur, sumar, vor og haust. Vanir menn, vönduð vinna! Upplýsingar veita Ólafur 661 2005 & Hilmar 699 8509 Kletthamar ehf. www.kletthamar.is

Ert þú að byggja?

Tökum að okkur alla vinnu við grunna og lóðir. Þekking og þjónusta í sérflokki. Hausverk ehf s. 820 9637 & 899 0957.

Fjármál

Skattframtöl - Ráðgjöf - Samningagerð - Bókhald - o.fl. atoz@atoz.is s:771 4545

TIL SÖLU

Málarar

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 896 6148, jig@mi.is

Þarftu að láta mála?

Alhliða málningarþjónusta. Tilboð. Uppl. í s. 698 8629 & 662 5322.

Faglærður málari getur bætt við sig verkefnum,12 ára reynsla. Sími 6961656 Tóti

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

Búslóða flutn., píanó flutn. og allir almennir flutn. Besta verðið! Aukamaður ef óskað er. MJ flutningar. S. 692 7078.

Húsaviðhald

Húsaviðhald!

Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Magnhús ehf

Alhliða viðhald fasteigna, innan og utan. S. 847 6391 & 891 9890.

Pípulagnir

Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

Viðhald, gluggar, hurðir, veggir, gólf,. Smíðalausnir. S. 899 3011.

Múrverktakar

Múrvertakar geta bætt við sig allt alment múrverk eða múrviðgerðir. Margt kemur til greina. S. 865 2782.

Afsláttur á innréttingum og baðtækjum

Til sölu gjafakort frá ALNÓ innréttingum (700 þ.) og Ísleifi Jónssyni (500 þ.) sem fást á 20% afslætti. Einstakt tækifæri til að gera endurbætur á hagstæðara verði. Upplýsingar í síma 844 4911.

Tölvur

Tölvuþjónusta

Kem á staðinn. 11 ára reynsla. Microsoft vottun. Miðnet ehf. Ríkharður s. 615 2000.

Nudd

Nudd nudd nudd heilnudd. Uppl. í s. 616 6469.

Spádómar

Englaljós S. 908 5050 & 863 1987

Er spennandi tími framundan? Hvað viltu vita um framtíðina? Andleg leiðsögn, fyrirbænir, trúnaður. Er við alla daga frá 11-01.
Lára spámiðill. Visa/Euro.

Alspá 445 5000 & 823 8280

Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Vísa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RafList
Löggildir rafverktakar

Getum bætt við okkur allri almennri raflagnavinnu, nýlagnir, vidhaldsvinna,

og fagleg ráðgjöf.
Uppl. í s. 823 8860 & 696 0502.
www.raflist.is

Trésmíði

Tökum að okkur parketlagnir, léttslípun, olíuberum og viðgerðir. Uppl. í s. 897 9332.

Ísl. Smiðir geta bætt við sig verkefnum. Vönduð vinna. Tilboð/tímav. S. 862 7657.

Önnur þjónusta

Tek að mér snjómokstur fyrir húsfélög og fyrirtæki á traktors gröfu, uppl í s. 869 9330. Smári.

Snjómokstur

Tökum að okkur snjómokstur á höfuðborgarsvæðinu allan sólarhringinn. S. 820 0070 & 577 5177, Línuborun ehf.

KEYPT & SELT

Til sölu

Stubbastandar

Viltu losna við sígarettustubbana, bæði standar og á vegg. Standur ehf. Uppl. í s. 842 2535.

Minkapelsar til sölu
yfirstærð og miðstærð, hálfsíður minkur og hálfsíður blárefur, skinnkragar, slá úr kasmír ull, ullarkápur jakkar ofl.
KS. Díana S. 551 8481.

Basarinn, nytjamarkaður Grensásvegi 7, 2. hæð. Bækur, búsáhöld, skrautmunir o. fl. Ódýrt. Opið kl. 12-17 og laugard. 13-16.

Notuð stóreldhústæki til sölu.

Pizzafæribandaofn, gufuofn, stálborð, fyrstiskápur, hitaborð, 6 skúffu ofn, ofl til sölu. Tækin eru í góðu ástandi. Upplýsingar í síma 820 6921 og 820 6926.

Þvottavélar

Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar. Tökum bilaðar upp í. Einnig varahlutir í þvottavélar. S. 847 5545. Opið um helgina.

Æfingahjól til sölu.

Til sölu lítið notað æfingahjól. Hjólið mælir púls, kaloríur, kílómetrafjölda o.fl. Hjólið kostaði áður tæpar 30.000 þúsund en selst nú á 10.000 kr. Nánari uppl. í síma 561 8028.

Hljóðfæri

Frábærar fermingargjafir!

Þjóðlagagítar pakki frá kr. 9.900. Rafmagns Gítarpakki frá kr. 19.900. Bassag.pakki frá 29.900 kr. Trommusett frá kr. 39.900. Gítarinn Stórhöfða 27 S. 552 2125 www.gitarinn.is

Harmonikkur nýjar og notaðar. Mikið úrval. EG tónar, Rvk. s. 824 7610 & Ak. s. 660 1648.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

Vélar og verkfæri

Handlyftivagnar 2.500 Kg Hraðlyfta (QL). Verð 24.900 þús. PON ehf s. 552 0110.

Til sölu lýsingartæki fyrir silkiprentun, verð 145 þús. + vsk. Uppl. í síma 695 9600.

Gullsmiðir ath til sölu stor slípirokkur 2ja sæta uppl í síma 565-4040

Til bygginga

Mótaborð (dokar) 1.545 kr/m2, timbur 1x6 & 2x4. Uppl. í s. 840 7273 og á ulfurinn.is

Til sölu vinnuskúr og mótaskór, smíða allar gerðir af mótaskóm. 8448677/8699974 www.jarnsmidi.is

Verslun

Fyrirtæki

Til sölu lítið fyrirtæki sem leigir út vatns og kaffivélar góð vefsíða fylgir. ýmis skipti koma til greina Einnig talningarvél fyrir 50 og 100 krónu peninga. upplýsingar í síma 8993540 Sóley giga@simnet.is

HEILSA

Heilsuvörur

Villtu missa 5-7 kíló? 9 daga hreinsigrógram frá Aloe Vera 14.690kr S. 6978928

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

LR Henningskúrinn. Frábær árangur! Uppl. hjá Önnu í s. 699 7379 & 662 5599.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

Whole body massage Telepone 862 0283.

Snyrting

Lashbelong augn-háranámskeið verður haldið 11. mars. Skráning hafin. iris@icelandicbeauty.is S:5619810

HEIMILIÐ

Heimilistæki

Tveir ca 145 cm háir ísskápar, annar án frysti. Seljast ódýrt. Uppl í 699 0884.

TIL SÖLU

Er að flytja, allt þarf að seljast !!

Búslóð til sölu vegna flutninga, allt milli himins og jarðar: Sófasett, LCD , heimabíó, þvottavél, þurrkari, ísskápur og margt fleira. Allt nýtt og selst á spottprís. Sjón er sögu ríkari, fyrstir koma, fyrstir fá.

Nánari upplýsingar gefur Sigurjón í s. 865 3951.

ÞJÓNUSTA

Barnagæsla

Bráðvantar dagmömmu/stúlku til að passa 13 mán stelpu á Patreksfirði frá kl. 8 - 16 alla virka daga. Þær sem hafa áhuga endilega hafa samband í s. 847 4866, Petrína. Frítt fæði og húsnæði innfalið.

Dýrahald

Hundagalleríið auglýsir
Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dals-mynni.is
Sími 566 8417 og www.dals-mynni.is

Please Pet Nutrition. Náttúrulegt nammi og bitafiskur fyrir hunda og ketti. Gefur árangur í þjálfun og leik. Fæst í Bónus. www.please.is

Mjög fallegir hreinræktaðir Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 897 8848.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Gisting

Til leigu á Spáni allan ársins hring, Barcelona, Costa Brava, Menorca, Valladolid. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

Gistiheimili sólheimar 1. 601 Akureyri
Gisting í lengri eða skemmri tíma. Uppl. í s. 897 7613 & 461 2962.

Hestamennska

Leðurtöskur kr. 5.055, ~~Tito.is - Súðarvogi 6 - S.861 7388~~

Flísábreiða með belgól kr. 3.830 kr. Tito.is Súðarvogi 6. S. 861 7388.

Ýmislegt

Apollo bassi lítið notaður og 25 watta carlsbro magnari. Til að hafa samband hringið í 554-1000 eða 695-2669. Verð 25000 kr.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

11,5fm herbergi til leigu í Hraunbænum. Aðgangur að hreinlætisaðstöðu og salerni en ekki sturtu. Til leigu strax. Upplýsingar í sima 8640276

Grafavogur, 4 bedroom appartment for rent, 160.000 kr per month info 824 4530

www.leigulidar.is
Nýjar eignir á skrá. Hafnarfjörður, Kjalarnes, Akranes og Selfoss. Sjá á www.leigulidar.is.

Gisting í boði með aðgang að eldhúsi og salerni. Í Hfn. Til skammtíma eða langtíma. Uppl. í s. 770 5451.

Til leigu 2 herb íbúð í grafarvogi á besta stað. Á jarðhæð með sérinngangi & bílastæði fyrir utan. Leigist m/ ísskáp, upppvottavél ofl. Leiga 120 þús á mánuði+hússj. & rafmagn Íbúðin er laus uppl í 699-8899

56fm íbúð til leigu í 104 Rvk. V. 85 þús. Uppl. í s. 660 6224.

Lítil studíóíbúð til leigu í 101. Tilvalin fyrir einstakling. Leiga 45 þ. á mán. 2 mán. trygging + 1 mán. fyrirfram. Uppl. í s. 695 8636.

3 herb. íbúð á jarðhæð á Grettisgötu, hentugt fyrir smáfyrirtæki t.d lager, bólstrun. smíðaverkst. S. 820 4947.

5 herb. Einbýlishús í Garðabæ Lundir (3 svefnherb.), skammtímaleiga í allt að 6 mán. Uppl í s. 898 9078.

Húsnæði óskast

Óska eftir 3-4 herb íbúð á leigu sem fyrst. Trygging inn á bók og fyrir fram greiðlsa ef óskað er. Erum reyklaus og reglusöm. Uppl. S: 8687474 Hrafnhildur

Sumarbústaðir

Sumarbústaðir til leigu (30 mín frá RVK). Heitur pottur og gasgrill. Nánari upplýsingar í síma 898 6107 eða www.nupar.is.

Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Geymsla Bílskúr í Kópavogi (upphitaður) til leigu. Kjörin fyrir búslóðir eða lager. Uppl. 692 9125

Gisting

Rooms for long term rent in Reykjavik and Hafnafjordur. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, staterlight TV and internet. Call 824 4530

ATVINNA

Atvinna í boði

Öryggisgæslan ehf.
Óskar eftir starfsfólki til næturstarfa frá 23:00 til 08:00 Vinna er í boði allar nætur, einnig um helgar eða aukavaktir í boði. Starfið felur í sér m.a. áfyllingu 30%, Þjónustu & Gæslu 70%. Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund og jákvætt hugarfar. Hreint Sakarvottorð er skilyrði. Lágmarks aldur umsækjanda er 20 ár.
Umsóknir eru á Skrifstofu Öryggisgæslunnar ehf. Auðbrekku 6, 200 Kópavogur. Opið er frá kl.10-16 virka daga. Einnig er hægt að hringja í Síma 856-5031

Ísbar/Booztbar, Kringlunni.
Óskum eftir að ráða í eftirfarandi starf. Dagvinna á tímabilinu 8.30-16.30, heilsdags eða hálfsdags starf. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.
Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is

Ísbúðin Áfheimum
Óskar eftir að ráða starfsfólk í aukavinnu dag - kvöld- og helgarvaktir.
Einungis traust og heiðarlegt starfsfólk kemur til greina. Uppl. í s. 899 9495, Jónína.

Vantar þig vinnu með skóla?
Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar í Borgartúni og Hringbraut/BSÍ. Fleiri staðir koma einnig til greina. Breytilegar vaktir í boði sem henta vel með skóla.
Hægt er að sækja um á subway.is. Nánari upplýsingar veitir Anna í síma 530 7004. Aldurstakmark er 16 ár.

Lækjarbrekka
Erum að leita eftir þjónum og aðstoðarfólki í sal um kvöld og helgar. Góð laun í boði. Erum einnig farin að taka við sumarumsóknum.
Upplýsingar gefnar á staðnum eða í síma 551 4430 milli 14-17 alla daga.

VANTAR ÞIG SMIÐI?
Reyndir menn - klárir til vinnu!
Sverrir@Proventus.is
Hringdu núna S. 661-7000

TILKYNNINGAR

Málþing Handarinnar
Þriðjudaginn 4. mars kl. 20.30, Áskirkju neðri sal.

Hvað er kvíði ?
Örsök, einkenni, úrræði.

Frummælandi er Brjánn Á. Bjarnason **sérfræðingur í geðlækningum.**
Bryndís Edda Eðvarðsdóttir viðskiptafræðingur fjallar um eigin **reynslu af kvíða.**
Fundarstjóri, Edda Jóhannsdóttir blaðamaður.

Allir velkomnir,
Kaffi og umræður.

FUNDIR / MANNFAGNAÐIR

Kynningarfundir á nýgerðum kjarasamningum Félags iðn- og tæknigreina (FIT)
verða haldnir á eftirtöldum stöðum:
- Föstudaginn 29.febrúar kl. 18:30 í Austurvegi 56, Selfossi.
- Mánudaginn 3.mars kl. 20 í Jónsbúð, Akursbraut 13 á Akranesi
- Mánudaginn 3.mars í hádeginu í Vestmannaeyjum.

Dagskrá fundanna:
1. Kynning nýgerðra kjarasamninga
2. Önnur mál

Stjórn FIT

SMÁAUGLÝSINGAR

FASTEIGNIR

Hafnarfirði, Fjarðargötu 17
Sími 520 2600, Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða www.as.is
Opið virka daga kl. 9–18

TIL LEIGU
STEINHELLA - HAFNARFIRÐI

Frum

Erum með til leigu nokkrar einingar í nýju húsi á frábærum stað rétt við Reykjanesbrautina í Hafnarfirði. Húsinu er hægt að skipta upp í 330, 660, 990 eða 1.320 fm einingar. Lofthæð 8 metrar. **Gott útipláss. Mikið auglýsingagildi. Húsið er tilbúið til útleigu strax.** ***Allar frekari uppl. á Ás fasteignasölu í síma 520 2600.***

Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali

STÓRHÚS
FASTEIGNASALA
Þóroddsstöðum

Ísak V. Jóhannsson
gsm: 822 5588

Agnar Agnarsson
gsm: 820 1002

Albert Sigurðsson
gsm: 898 3868

Kynning á Hótel Hilton laugardaginn 1. mars

Lóðir í Suður - Englandi og hótelíbúðir í Kaupmannahöfn

Frum

Laugardaginn 1. mars nk. milli kl. 14:00 og 18:00 kynnir Stórhús fasteignasala í samvinnu við Scala Landgroup áhugaverða fjárfestingarkosti sem fela í sér kaup á óskipulögðum lóðum í Suður - Englandi. Lóðarverð getur fjórfaldast þegar byggingarleyfi fæst. Nú gefst öllum tækifæri til að kaupa óskipulagt land og fá þann hagnað sem áður hefur aðeins staðið stórum fjárfestum til boða. Búið er að forkanna landið og liggja ítarleg gögn þess efnis fyrir á fundinum. Stórhús mun einnig kynna í samvinnu við Friis og Söborg hótelíbúðir (íbúðir án búsetuskyldu) á frábærum stað í Kaupmannahöfn. Tom Söborg og Greg Baker munu halda kynningar.

Kynningin verður haldin á Hótel Hilton, Suðurlandsbraut 2, í sal E.

Á meðan kynningu stendur verða sérstök kjör í boði.

Nánari upplýsingar veittar hjá Stórhús

sími 534 2000 - storhus@storhus.is - www.storhus.is

Hrafnhildur Bridde, löggiltur fasteignasali - Sigurberg Guðjónsson hdl.

Smart starfsfólk
Starfsfólk óskast á sólbaðsstofur Smart Grensásvegi & Sólvallargötu í dag-, kvöld og helgarvinnu.
Umsóknareyðublöð á staðnum.
Yngri en 18ára koma ekki til greina.

Stýrimaður óskast
Stýrimann vantar á Sigurborg SH-12 til afleysinga í mars.
Uppl. gefur Ómar í s. 847 8026.

Kvöld og helgarvinna
Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til starfa! Hringdu núna í síma 575 1500
Símstöðin ehf. simstodin@simstodin.is
www.simstodin.is

Smiðir
Óskum eftir íslenskumælandi smiðum. Mikil vinna framundan.
Upplýsingar í síma 864 7414
893 0174

Skalli Vesturlandsvegi
Starfsfólk óskast í fullt starf og aukavinnu.
Upplýsingar á staðnum.

Ertu 50+ og býrð yfir reynslu! Er að leita að samstarfsfólki í mjög áhugavert verkefni. Mjög góð þóknun nú og til framtíðar. uppl. 575-1525

Starfsfólk óskast
Fjöldi starfa í boði á vef Hendur.is. Skoðaðu hvað er í boði. WWW.HENDUR.IS

Óskum eftir að ráða bílstjóra til starfa. Vinnutími 8.00-16.00 Upplýsingar í síma 897 6096.

Vanur sölumaður óskar eftir vinnu. Uppl. í síma 770-6650.

Járnabindingar! Óskum eftir að ráða vana járnamenn, íslenska sem erlenda. Mikil vinna í boði. S. 897 1995 & 866 1083.

Starfskraftur óskast.
Helst vanur. Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs. S. 567 4468.

Starfskraftur óskast.
Gúmmísteypa Páll Lárusson ehf. Gylfaflöt 3. Uppl. í s. 567 4467.

Atvinna óskast

6 pólverjar óska eftir vinnu, aldur 27 -35 ára. Allt kemur til greina eru með meirapróf. S. 845 0772.

Vantar starfsfólk?
Skilvirkar og hagkvæmar ráðningar á netinu. WWW.HENDUR.IS

Eldri kona með góða tungumálakunnáttu, og mikla reynslu í mannlegum samskiptum leitar að vinnu eftir hádegi c.a.. 2-5 tíma á dag. Sími 8926411

Viðskiptatækifæri

Áttu þér draum? Villtu geta gert það sem þú villt þegar þér dettur það í hug? Sendu nafn og síma á sveinngg@internet.is

Garðsláttufyrirtæki til sölu. Góð sumarvinna sem gefur góð laun. Áhugasamir hafið samband í Síma 6917706

GARÐABÆR KÓPAVOGSBÆR

KYNNINGARFUNDUR Á KJÓAVÖLLUM

Skipulagsnefndir Garðabæjar og Kópavogs boða hér með til kynningarfundar þar sem tillaga að deiliskipulagi hesthúsabyggðar og keppnissvæðis að Kjóavöllum sem nú er í formlegu kynningarferli verður kynnt.

Fundurinn verður haldinn í félagsheimili Andvara á Kjóavöllum miðvikudagskvöldið 12. mars nk. og hefst hann klukkan 20.00.

Ennfremur verður tillaga að breytingu aðalskipulags Garðabæjar vegna Kjóavalla, Vífilsstaðavatns og Grunnuvatnasvæðis kynnt á fundinum.

Bent er á heimasíður Garðabæjar og Kópavogs, www.gardabaer.is og www.kopavogur.is þar sem að hægt er að kynna sér tillögurnar.

Allir velkomnir.

Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri Garðabæjar
Smári S. Smárason skipulagsstjóri Kópavogs.

Tækni- og umhverfissvið

GARÐABÆR KÓPAVOGSBÆR

AUGLÝSING UM DEILISKIPULAG Í GARÐABÆ OG KÓPAVOGI

Bæjarstjórnir Garðabæjar og Kópavogs auglýsa hér með kynningu á sameiginlegri tillögu að deiliskipulagi hesthúsabyggðar og keppnissvæðis að Kjóavöllum skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Tillaga að deiliskipulagi hesthúsa og keppnisleikvangs að Kjóavöllu

Tillagan miðar að því að á milli núverandi hesthúsasvæða við Andvara og Heimsenda rísi samfelld hesthúsabyggð auk keppnis- og æfingasvæðis, reiðhalla og verslunar- og þjónustubygginga.

Svæðið sem um ræðir er um 79ha að stærð og liggja sveitarfélagamörk Kópavogs og Garðabæjar þvert í gegn um það. Það afmarkast mót norðri af Vatnsendavegi í Rjúpnahæð og af íþróttasvæði í Kórahverfi norðan Heimsenda. Mót austri afmarkast svæðið af Vatnsendahlíð, mót suðri af Sandahlíð og mót vestri af skógræktarsvæði Garðbæinga ofan Vífilsstaðavatns.

Vesturhluti nýrrar hesthúsabyggðar á Kjóavöllum mun rísa vestan og norðan við núverandi Andvarasvæði og í hlíðum Rjúpnahæðar og kallast þau Andvarahverfi og Rjúpnahæðarhverfi.

Austurhluti nýrrar hesthúsabyggðar á Kjóavöllum mun rísa sunnan Heimsendasvæðis og í vestanverðri Vatnsendahlíð og kallast þau Heimsendahverfi og Vatnsendahlíðarhverfi.

Neðan hverfanna, á svokölluðu miðsvæði, er gert ráð fyrir aðalleikvangi Kjóavalla, í skeifulaga formi neðst í miðju dældarinnar. Á miðsvæðinu er einnig gert ráð fyrir tveimur reiðhöllum með millibyggingu, auk 6 byggingarreita fyrir ýmsa verslun og þjónustu. Þar er m.a. gert ráð fyrir húsnæði fyrir dýralækna, félagsheimili, reiðskóla, ýmsa sérverslun o.fl. tengt hestaíþróttinni. Núverandi reiðvellir neðan við Andvarasvæðið haldast að mestu óbreyttir.

Í dag eru um 23 hesthús á Andvarasvæðinu með um 800 hross og 16 hesthús á Heimsendasvæðinu með um 600 hross. Samkvæmt deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir að til viðbótar þessu geti risið um 135 ný hesthús af ólíkri stærð og gerð fyrir um 2.500 hross. Þannig getur heildarfjöldi hrossa innan Kjóavallarsvæðisins orðið mestur um 3.900 hross þegar svæðið verður fullbyggt. Götur og reiðgötur eru aðskildar, að undanskildum götum í núverandi hverfum Andvara og Heimsenda. Bílastæði eru við hvert hesthús, að lágmarki 5 við hvert hús.

Með gildistöku þessa deiliskipulags fellur úr gildi eldra deiliskipulag Andvarasvæðis og Heimsendasvæðis:

Tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2004-2016 vegna hesthúsabyggðar á Kjóavöllum, hverfisverndaðs svæðis umhverfis Grunnuvötn og friðlands Vífilsstaðavatns er kynnt samhliða deiliskipulagstillögunni. Þar er m.a. gerð grein fyrir legu reiðstíga og annarra útivistarstíga í nágrenni hesthúsabyggðarinnar.

Samsvarandi tillaga að breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 hefur þegar farið í gegnum auglýsingarferli og engar athugasemdir hafa borist. Tillagan hefur verið send til Skipulagsstofnunar með ósk um afgreiðslu til staðfestingar ráðherra.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, á bæjarskrifstofum Kópavogs og á bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá 15. febrúar til 28. mars 2008.
Einnig má sjá tillöguna á heimasíðum bæjanna, www.gardabaer.is og www.kopavogur.is .

Athugasemdum eða ábendingum skal skilað undirrituðum af þeim sem þær gera og skulu þær hafa borist bæjarskipulagi Kópavogs eða skipulagsstjóra Garðabæjar eigi síðar en klukkan 15.00 föstudaginn 28. mars 2008. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkir tillögunni.

Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri Garðabæjar
Smári S. Smárason skipulagsstjóri Kópavogs.

Tækni- og umhverfissvið

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
4.897 **-1,18%**

Fjöldi viðskipta: 619
Velta: 4.026 milljónir

MESTA HÆKKUN

ATORKA	2,27%
EIK BANKI	1,86%
EIMSKIPAFÉLAGIÐ	1,39%

MESTA LÆKKUN

SPRON	6,40%
ATLANTIC AIRWAYS	6,14%
SLÁTURFÉ. SUÐURL.	3,23%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 8,12 +2,27% ... Bakkavör 41,70 -2,11% ... Eimskipafélagið 29,25 +1,39% ... Exista 12,09 -0,90% ... FL Group 9,56 -2,45% ... Glitnir 17,00 -0,29% ... Icelandair 25,10 -0,40% ... Kaupþing 729,00 -0,55% ... Landsbankinn 26,90 -2,36% ... Marel 91,30 -1,08% ... SPRON 5,41 -6,40% ... Straumur-Burðarás 11,85 -1,90% ... Teymi 5,23 -0,76% ... Össur 92,50 -0,43%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Fær lægri bónus

Árangurstengd laun Guðmundar Haukssonar, forstjóra SPRON, lækka um sextíu prósent vegna afkomu sparisjóðsins í fyrra sem var talsvert lakari en árið á undan.

Hagnaður bankans í fyrra nam 3,3 milljörðum króna í fyrra samanborið við rúmlega níu milljarða króna hagnað árið á undan. Árangurstengd laun Guðmundar lækka í samræmi við það.

Þetta kom fram í máli Hildar Petersen, fyrrverandi stjórnarformanns SPRON, á aðalfundi sparisjóðsins á miðvikudag. Hildur fór yfir launamál Guðmundar, sem hafði rúmar 61,3 milljónir króna í laun og aðrar sporslur á síðasta ári. Hrein laun námu rétt rúmum helmingi upphæðarinnar, sem svarar til 2,7 milljóna króna á mánuði.

GUÐMUNDUR HAUKSSON Forstjóri SPRON verður af háum bónusgreiðslum vegna minni hagnaðar sparisjóðsins á síðasta ári.

Árangurstengd laun Guðmundar í ársskýrslunni nú miðast við afkomu sparisjóðsins árið 2006 og færast til bókar fyrir síðasta ár í næsta ársuppgjöri sparisjóðsins. **- jab**

SPRON heldur fast í Existu-hlutina

„Exista hefur skilað okkur mjög góðri ávöxtun alla tíð. Þetta er langtímafjárfesting og við höfum ekki skipt um skoðun," segir Guðmundur Hauksson, forstjóri SPRON.

Stjórn SPRON var spurð að því á aðalfundi sparisjóðsins á miðvikudag hvort til greina hefði komið að selja eignarhlutinn í Existu eftir skráningu félagsins haustið 2006. Gengi Existu hækkaði mikið í kjölfarið, fór hæst í rúmar fjörutíu krónur á hlut 19. júlí síðastliðinn áður en það gaf eftir líkt og fleiri félög í Úrvalsvísitölunni. Gengið hefur fallið um sjötíu prósent síðan þá. Existuhlutirinn nemur 7,6 prósentum af heildareignum SPRON, er stærsta eign sparisjóðsins og hefur haft áhrif á afkomu hans. Hreyfingar á gengi fjármálaþjónustufyrirtækisins og SPRON, sem hefur fallið um 71 prósent frá skráningu, helst oft í hendur hvort sem gengið hækkar eða lækkar.

„Við stóðum að stofnun Existu á sínum tíma. Eignir Existu eru góðar og áhættan dreifð. Við höfum því viljað vera í hluthafahópnum. Þessar forsendur hafa ekki breyst," segir Guðmundur. **- jab**

Tveir í stjórn

Samningar hafa tekist um að Novator fái tvo fulltrúa í stjórn finnska fjarskiptafyrirtækisins Elisa.

ORRI HAUKSSON Lýsir ánægju með stjórnarsætið í Elisa.

Novator hefur sóst eftir stjórnarsæti um nokkurt skeið. Fulltrúar félagsins í stjórninni verða Orri Hauksson og Tómas Ottó Hansson.

„Helstu hluthafar hafa líka náð saman um stefnu félagsins," segir Orri, en vill ekki ræða hana frekar. Novator vildi að Elisa yrði klofin í fjárfestingararm og rekstrararm. Til þess þarf breytingar á samþykktum. „Það kemur ekki til breytinga á samþykktum," segir Orri. **- ikh**

Milljarðabréf gefin út í gær

Alþjóðabankinn tilkynnti í gærmorgun útgáfu krónabréfa upp á fjórtán milljarða króna að nafnvirði til eins árs. Bréfin bera 11,5 prósenta vexti.

Þetta er önnur krónubréfaútgáfan í mánuðinum en áður höfðu verið gefin út krónubréf fyrir tvo milljarða króna og átta milljarðar fallið á gjalddaga á sama tíma.

Greiningardeild Glitnis sagði í gær að bréf fyrir 27 milljarða að nafnvirði féllu á gjalddaga í næsta mánuði. Búast mætti við að töluverðum hluta gjalddaganna yrði mætt með nýjum útgáfum. **- jab**

BEN BERNANKE Margir reikna með að bandarískir seðlabankinn lækki stýrivexti um 50 punkta á næsta fundi sínum.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Líkur á frekari lækkun vaxta

Mjög dró úr hagvexti í Bandaríkjunum á síðasta ársfjórðungi í fyrra, samkvæmt bandarískra viðskiptaráðuneytinu í gær.

Hagvöxtur mældist 0,6 prósent á fjórðungnum, sem er undir væntingum. Mestu munar um samdrátt á bandarískum fasteignamarkaði og minni einkaneyslu. Þá hefur gengi Bandaríkjadals lækkað samfara snarpri lækkun stýrivaxta vestanhafs frá á haustdögum.

Næsti stýrivaxtaákvörðunardagur bandaríska seðlabankans er 18. mars næstkomandi og reikna markaðsaðilar með því að bankinn lækki stýrivexti um allt að 50 punkta. Gerist það fara stýrivextir í 2,5 prósent. **- jab**

Tjöruþvottur

UMRÆÐAN
Umhverfismál

JÓN BALDUR ÞORBJÖRNSSON

Hér á síðum Fréttablaðsins birtist fyrir skömmu viðtal við starfsmann hjólbarðaverkstæðis í borginni, sem réttilega benti á að tjara sem sest á hjólbarða minnkar veggrip þeirra til muna. Starfsmaðurinn kvað í því sambandi nauðsynlegt að tjöruþvo dekkin reglulega til að viðhalda veggripinu, sem er í sjálfu sér rétt ef tjaran úr malbikinu hefur sest á sólann.

En þessum tjöruþvotti fylgir gríðarlegt álag á umhverfið. Ef við gefum okkur að hver bíleigandi noti til jafnaðar einn lítra af tjöruleysi til að hreinsa hjólbarða bílsins að vetri til (sumir nota 10-20 lítra), og ef við segjum að bílar á höfuðborgarsvæðinu séu 100.000 talsins, þá er verið að nota 100 þúsund lítra af þessu bráðertandi og skaðlega leysiefni á hverjum vetri í hjólbarðaþvott, burtséð frá öllum öðrum tjöruþvotti. Og hvert fer þetta efni? Jú, niður í holræsin og út í hreinan sjóinn umhverfis landið, það af því sem ekki hverfur ofan í jarðveginn þegar tjaran hreinsast af dekkjunum.

Það hlýtur að vera betri kostur að fá tjöruna alls ekki á hjólbarðann. Það næst með því að sleppa því að nota nagla sem spæna tjöruna upp úr malbikinu. Það sem við bíleigendur getum því gert er að hætta notkun nagladekkja og losna þar með við tjöruna. Þannig viðhaldast náttúrulegir viðloðunareiginleikar, þ.e. gripgeta gúmmísins, bæði í snjó og hálku. Í stað nagla eigum við að vanda betur val á hjólbörðum og ekki kaupa nema að yfirlögðu ráði ódýr og óþekkt merki sem oft nota harðara gúmmí í sólann til að auka endingu á kostnað viðloðunar og veggrips. Þar að auki höfum við, sem stundum þurfum að aka á grófmunstruðum hjólbörðum, val á að láta fínskera („míkróskera“) sólann til að auka grip hans. Það er ólíkt betri aðgerð en negling. Og veldur hvorki ryki né hávaða.

Miðað við ókosti nagla og tjörumyndunar undrar mig að umhverfis- og gatnasvið sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu skuli ekki hafa gengist fyrir ítarlegri úttekt á kostum og göllum negldra hjólbarða, bæði út frá öryggis- og umhverfissjónarmiðum. Þetta er stórmál, því nauðsyn notkunar nagladekkja er ekkert lögmál. Á meðan ekki verður hugarfarsbreyting meðal almennings erum við að sóa hundruðum milljóna árlega í óþarfa sem leiðir af sér óþverra. Við megum ekki festast í rásinni, eins og leigubílstjóri einn sem ók mér heim seint í apríl á síðastliðnu vori. Þegar ég spurði hann hvers vegna hann æki (enn) á nagladekkjum, svaraði hann: „Jú, þeir spá snjókomu í næstu viku!“

Höfundur er bílatæknifræðingur.

SPOTTIÐ

Olíuhreinsistöð á Vestfjörðum

UMRÆÐAN
Olíuhreinsistöð

JÓN FANNDAL ÞÓRÐARSON

Von er á rússneskum verkfræðingi til að líta á þá tvo staði á Vestfjörðum sem fórna á undir olíuhreinsistöð ef af verður. Þessir staðir eru Hvesta í Arnarfirði og Sandar og Hólar í Dýrafirði. Mörgum spurningum er enn ósvarað.

Ólafur Egilsson, annar forsprakkinn í þessum leik, sagði í sjónvarpi eftir málþingið á Ísafirði að verkfræðingurinn mundi kanna hvort einhverjir hnökrar væru á því að byggja olíuhreinsistöð á þessum stöðum. Hvort hann finnur einhverja hnökra á veit ég að sjálfsögðu ekki.

Ég ætla að bera fram nokkrar spurningar sem flokkast gætu undir hnökra. Vonandi fæ ég svör en beini spurningum mínum til forsvarsmanna íslensks hátækniiðnaðar.

1) Hvaða fyrirtæki, rússnesk eða annarra þjóða, eru það sem þið eruð umboðsmenn fyrir? Ef ekki er hægt að gefa upp nöfn þeirra, hver er þá ástæða þess?

2) Fram hefur komið að 500 manns munu vinna við olíuhreinsistöina fullbúna. Hvað er áætlað að margir muni vinna við byggingu stöðvarinnar?

3) Á byggingartímanum má gera ráð fyrir afar miklum flutningum á efni og mannskap (ca. 1000 störf.) Teljið þið að núverandi hafnarmannvirki, vegir og flugvellir á svæðinu séu í stakk búin til að taka við þessum flutningum? Ef svo er ekki, hverjir munu standa straum af þeim kostnaði, íslenska ríkið eða huldufyrirtækin, sem áhuga hafa á að byggja olíuhreinsistöð?

4) Hvað áætlið þið að mörg prósent starfsmanna verði Íslendingar?

5) Er æskilegt að ykkar mati, að fá rússneska nýlendu í Arnarfjörð eða Dýrafjörð?

6) Því hefur verið haldið fram að olíuhreinsistöð af þessari stærðargráðu þurfi um 4 terawött af rafmagni. Það eru um 10% af allri virkjanlegri orku í landinu.

Vefengið þið þessar tölur? Ef svo er ekki, hvernig ætlið þið þá að afla þeirrar orku sem þið þurfið og hve mikill hluti orkunnar verður frá vatnsaflsstöðvum og hve mikill hluti frá olíukyntum stöðvum?

7) Fyrir nokkrum árum fylltist Dýrafjörður skyndilega af hafís. Óttist þið nokkuð að þannig ástand geti orðið hættulegt?

8) Teljið þið, að ekki sé háskalegt að sigla risastórum olíudrekum vestur fyrir Horn í stórsjó og náttmyrkri inn á einhvern fjörðinn fyrir vestan? Olíuslys á þessum slóðum er það hryllilegasta sem hent gæti þjóðina og þá ekki síst Vestfirðinga.

9) Framkvæmdastjóri Landhelgisgæslunnar telur æskilegt að ferðir olíuskipa verði eins langt austur af landinu og mögulegt er. Norðmenn, ásamt fleiri þjóðum, hafa miklar áhyggjur af stórauknum ferðum risaolíuskipa í norðurhöfum. Komið hefur til tals að banna ferðir þessara skipa um sundið milli Íslands og Grænlands. Ef svo yrði, myndi það ekki setja strik í reikninginn varðandi staðsetningu olíustöðvar á Vestfjörðum?

Eflaust mætti spyrja fleiri spurninga en þetta er nóg í bili. Í upphafi þessa olíuhreinsunarstöðvarmáls ritaði ég grein þar sem ég benti á að þetta væri svo arfavitlaus hugmynd að ekki ætti að eyða púðri á hana. Ég fékk þau svör að sjálfsagt væri að skoða málið. Það var gert og sendinefnd frá

Teljið þið, að ekki sé háskalegt að sigla risastórum olíudrekum vestur fyrir Horn í stórsjó og náttmyrkri inn á einhvern fjörðinn fyrir vestan? Olíuslys á þessum slóðum er það hryllilegasta sem hent gæti þjóðina og þá ekki síst Vestfirðinga.

sveitarstjórnum á Vestfjörðum fór til Hollands og víðar til að skoða olíuhreinsistöðvar. Einn sendinefndarmaður saðist ekki hafa fundið neina lykt í stöðinn né í nágrenni hennar og taldi því að engin mengun stafaði af olíuhreinsistöðvum. Kannske var maðurinn bara kvefaður.

Fjórðungssamband Vestfirðinga lét upp á sinn reikning mæla dýpið í mynni Dýrafjarðar en ný sjókort vantar.

Mín skoðun er sú að olíuhreinsistöð verði aldrei byggð á Vestfjörðum, Guði sé lof. Vestfirðir eru sá staður á jarðarkringlunni sem er vitlausastur til hýsa olíuhreinsistöð.

Það var ljótur leikur hjá þeim fóstbræðrum Ólafi Egilssyni og Hilmari Foss að kasta þessari smjörklípu framan í Vestfirðinga sem eru í sárum út af kvótamissi.

Þið hafið haft fjölda Vestfirðinga að fíflum. Ykkar mottó hlýtur að vera: Ekkert borgarhlið svo hátt að asni klyfjaður gulli komist ekki þar yfir. Biðjið Vestfirðinga afsökunar.

Höfundur er verslunarmaður.

Leiðin til árangurs

UMRÆÐAN
Lýðræði í Rússlandi

ANNA PÁLA SVERRISDÓTTIR

Hagvöxtur og lýðræði fara ekki alltaf saman eins og aðstæður í Rússlandi nútímans sýna. Margir Rússar hafa raunar notið góðs af aukinni velmegun þar í landi og því haft tækifæri til að búa sér betra líf. Þá nýtir vaxandi fjöldi Rússa sér möguleika á að ferðast eða stunda nám erlendis. Búist er við að hagvöxtur verði áfram tiltölulega mikill og stöðugur.

En í byrjun tíunda áratugarins fékk lýðræði á sig slæma sýn í hugum margra Rússa vegna stöðugra spillingarskandala og óheftrar einkavæðingar og kapítalisma. Þegar Vladimír Pútín var fyrst kjörinn forseti voru hagvöxtur og stöðugleiki því forgangsmál. Það er eðlilegt að eftir stormasömu árin verði þessi mál áfram í forgangi en það má hins vegar ekki leiða til þess að lýðræðisleg gildi og réttindi og frelsi borgaranna séu fótum troðin. Í dag sér þess merki að aðeins einn stjórnmálaflokkur skilgreini öll pólitísk markmið, hafi áhrif á umfjöllun fjölmiðla og lagi skipulag ríkisins og stjórnsýslunnar að eigin þörfum. Sú þróun er svo sannarlega áhyggjuefni.

Fólk á rétt á frjálsum fjölmiðlum og það að láta í ljós skoðanir andstæðar ríkisstjórninni á að vera sjálfsögð mannréttindi. Stjórnarandstöðuflokkar og frjáls félagasamtök þurfa að geta starfað, haldið samkomur og ráðið ráðum sínum að eigin vild. Þar að auki þarf almenningur að geta treyst því að lög og réttur nái jafnt til allra og að spilling verði ekki umborin.

Traust til ríkisins og forsendur velferðarþróunar byggja á því að þeir sem stjórna virði þessar reglur. Nýjar hugmyndir fæðast við frjáls skoðanaskipti og þegar fólk veit að það getur haft áhrif á eigin veruleika. Almenningur er líklegri til að virða stjórnskipunina þegar það liggur fyrir að sömu reglur eiga við um alla og að þeim er framfylgt. Þá eru þau lönd þar sem reglur eru virtar og spilling ekki umborin líklegri til að laða að sér vestræna fjárfestingu.

Forsendur raunverulegs lýðræðis eru ekki fyrir hendi í Rússlandi í dag. Norðurlöndin og Evrópusambandið bera því þá skyldu að styðja við þróun í átt til þátttöku almennings og frjálsra fjölmiðla í Rússlandi. Það er líka mikilvægt að við mótum sameiginlega stefnu í samskiptum okkar við Rússland og byggjum þar á gagnkvæmum skilningi.

Samstarfsnefnd ungra jafnaðarmanna á Norðurlöndum krefst þess að rússnesku forsetakosningarnar verði réttlátar og gagnsæjar. Þegar til lengri tíma er litið verður vexti í efnahagslífi og velferð fólksins ekki eingöngu viðhaldið með ríkisforsjá og útflutningi náttúruauðlinda, heldur þarf líka að opna samfélagið og styrkja stoðir lýðræðisins.

F.h. samstarfsnefndar ungra jafnaðarmanna á Norðurlöndum – FNSU:
Anna Pála Sverrisdóttir, Ungum jafnaðarmönnum – UJ
Jacob Bjerregaard, Danmarks Socialdemokratiske Ungdom – DSU
Jytte Guteland, Sveriges Socialdemokratiska Ungdomsförbund – SSU
Martin Henriksen, Arbeidernes Ungdomsfylking – AUF
Heta Välimäki, Sosialidemokraattiset Nuoret – SDY
Mikko Koskinen, Sosialidemokraattiset Opiskelijat – SONK
Kairit Pohla, Noored Sotsiaaldemokraadid – SotsdemIrina
Vojevoda, Jaunatnes Socialdemokratiska Savieniba – JSS
Kajsa Borgnäs, Socialdemokratiska Studentförbundet – SSF

Markaðurinn alla daga
vísir
Fyrstur með fréttirnar!

Merki sem þú getur treyst

Frá árinu 1944 höfum við hjá Ali lagt megináherslu á að gera góðar matvörur úr fyrsta flokks svínakjöti.
Undanfarin ár hefur vöruflokkum verið fjölgað og hafa viðtökurnar verið afar ánægjulegar
og ætlum við að halda áfram að kynna nýjar og spennandi vörutegundir.

Ali

2872 / TAKTIK 11.2.2008

JA RULE ER FÆDDUR Á HLAUPÁRSDAG ÁRIÐ 1976.

„Það er eitthvað slæmt í öllum trúarbrögðum.“

Ja Rule er bandarískur rappari og leikari.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 29. FEBRÚAR 1884

Fjallkonan hóf göngu sína

Fyrsta tölublað Fjallkonunnar kom út á hlaupársdag árið 1884. Ritstjóri var þrjátíu og tveggja ára gamall Bárðdælingur, Valdimar Ásmundsson, sem var nákominn Jóni Ólafssyni, þá ritstjóra Þjóðólfs. Fjallkonan var ætluð alþýðufólki og kom út tvisvar í mánuði. Áskriftarverðið var lægra en áður hafði þekkst, aðeins 2 krónur á ári en 1.50 ef borgað var fyrirfram. Meðal þeirra sem stóðu að baki útgáfunni var Steingrímur Thorsteinsson skáld sem þá var kennari í Reykjavík. Sigmundur Guðmundsson sem þótti einn snjallasti prentari landsins var líka bakhjarl útgáfunnar til að byrja með og prentaði Fjallkonuna fyrsta hálfa árið.

FJALLKONAN

Hann átti eigin prenstmiðju sem var óvenju vel búin leturtegundum og þótti nýja blaðið vel uppsett og með skýrum og góðum fyrirsögnum. Forsíðumyndir sáust samt ekki til að byrja með.

Fjallkonan gekk kaupum og sölum fyrstu tvö árin en í janúar 1886 eignaðist Valdimar ritstjóri blaðið sjálfur. Upp úr því óx því fljótt fiskur um hrygg og í ársbyrjun 1887 fóru að koma út þrjú blöð í mánuði í stað tveggja, án þess að verðið hækkaði. Vorðið 1889 voru kaupendurnir 2.160, þar af 250 í Reykjavík. Útgáfan stóð til 1911.

FYRSTA TÖLUBLAÐ FJALLKONUNNAR.

MERKISATBURÐIR

1912 Almennur borgarafundur í Reykjavík mótmælir framferði landsstjórnarinnar í Bankamálinu.

1948 Vatnavextir í Varmá valda miklum skemmdum á brúm og gróðurhúsum í Hveragerði.

1952 Eyjan Helgoland kemst aftur undir stjórn Þjóðverja.

1968 Mikil flóð verða í Ölfusá með jakaburði sem valda miklum skemmdum á Selfossi.

1992 Reykjavíkurborg heldur upp á að íbúafjöldinn hafi náð eitt hundrað þúsund manns. Í tilefni þess er öllum 100 ára Reykvíkingum og eldri boðið til veislu í Höfða.

80 ára afmæli

Árnað heilla
áttatíu ára

Halldóra Guðmundsdóttir

frá Hólmavík er áttatíu ára í dag 29. febrúar.
Halldóra fagnar afmælínu á Kanaríeyjum.

UNGLINGURINN „Ég nefndi aldrei 29. febrúar þegar ég var lítill, sagðist bara eiga afmæli síðasta febrúar.“ MYND/SIGRÍÐUR BÁRA.

STEINÞÓR TORFASON Á HALA: SEXTUGUR Á HLAUPÁRSDAG 2008

Finnst ég stundum vera 15 ára

Steinþór Torfason, bóndi á Hala í Suðursveit, er sextugur í dag. Hann fæddist á hlaupársdag árið 1948 og því er þetta fimmtándi afmælisdagurinn. Skyldi hann ætla að halda uppá tímamótin? „Það er nú eiginlega ekkert sem má segja frá en við hjónin verðum að heiman,“ segir hann frekar leyndardómsfullur og bætir við glettnislega að ekki borgi sig að trúa blaðamönnum fyrir hverju sem er.

Samkvæmt afmælisdagafjöldanum er Steinþór enn á unglingsaldri og útlitið bendir líka sterklega til að svo sé. Fílar hann sig kannski eins og fimmtán ára? „Stundum, svarar hann eftir smá umhugsun. „Þegar ég er innan um ungt fólk þá finnst mér ég vera einn af því.“

Aðspurður kveðst Steinþór svo heppinn að hafa haft margt ungt fólk í kringum sig lengst af. Foreldrar hans, Ingibjörg Zophoníasdóttir og Torfi Steinþórsson skólastjóri, hafi eignast níu börn og hann sé annar í röðinni. Fjölnir, bróðir hans búi líka á Hala með sína fjölskyldu og elsta systirin Torfhildur á næsta bæ sem nefnist Gerði. Einnig sonur hennar, Björn. Breiðabólsstaður sé líka á sömu torfu og þar hafi verið búið til skamms tíma.

Sjálfur á Steinþór þrjú börn með konu sinni, Ólöfu Önnu Guðmundsdóttur. Þau eru Hilmir, Berglind og Sigríður Bára. Tvö þau eldri eru komin með fjölskyldur, Hilmir í Reykjavík, Berglind á Höfn, en Sigríður Bára er ýmist heima eða í Reykjavík. En hvað fæst Steinþór við? „Við hjónin rekum eitt stykki kúabú,“ svarar hann með hægð. Segir vinnudaginn frekar langan og alltof lítið um tómstundir.

En þótti það ekki sérstakt í Suðursveit að eiga afmæli þennan dag þegar hann var barn? „Ég fann svo sem lítið fyrir því. Það var haldið upp á afmælið árlega og svo var enn meiri viðhöfn þegar það bar upp á réttan dag svo eftir á að hyggja hef ég líklega bara grætt á þessu. Þetta ruglaði mig samt svolítið í ríminu þegar ég var lítill. Ég nefndi ekki 29. febrúar þegar ég var spurður hvenær ég væri fæddur, sagðist bara eiga afmæli síðasta febrúar. Sennilega hefur það verið diplómatísk lausn hjá litlu barni.“

Steinþór rifjar upp að þegar hann var 16 ára við nám í héraðsskólanum á Laugarvatni hafi annar nemandi þar verið fæddur sama dag. Það hafi þótt mjög sérstakt. Hann man líka eftir 12 ára afmælisdeginum því þá fékk hann handfærarúllu í afmælisgjöf og var ánægður með það. Var búinn að fara einu sinni á sjó og líkaði vel. „Eitt af því sem einkenndi pabba var spenningur í kringum sjósókn en upp úr 1964 var samt hætt að róa héðan enda veiddist bókstaflega ekkert undir lokin. Eftir það varð faðir minn að láta sér nægja að horfa til hafs og spá í hvort það væri sjóveður eða ekki.“

En veit hann hvernig foreldrum hans varð við þegar hann kom í heiminn á þessum degi árið 1948? „Nei, ég held þetta hafi ekki hrist mikið upp í þeim,“ svarar hann kíminn. „Það raskaði þeim nú fátt.“ **gun@frettabladid.is**

†

Ástkær faðir, tengdafaðir og afi,

Ragnar Halldórsson

rafvélavirki

lést í Víðinesi mánudaginn 25. febrúar. Útförin fer fram frá kirkju Óháða safnaðarins mánudaginn 3. mars kl. 15.00.

Björgvin Ragnarsson
Halldór Ragnarsson
Ólafur Hafsteinn Einarsson
Ingimundur Guðmundsson
Hólmfríður Oddsdóttir
Andrea Ólafsdóttir
Oddný S. Magnúsdóttir
Þórunn Katrín Björgvinsdóttir
Jóhann Ari Björgvinsson
Ragnar Mikael Halldórsson
Þórarinn Ingi Halldórsson
Sigríður Birna Ingimundardóttir
Karen Mjöll Björgvinsdóttir
Hinrik Örn Halldórsson
Þóra Björg Ingimundardóttir

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigríður Jónsdóttir

Múlavegi 3, Seyðisfirði,

sem lést á sjúkrahúsinu á Seyðisfirði 24. febrúar sl. verður jarðsungin frá Seyðisfjarðarkirkju laugardaginn 1. mars kl. 14.00.

Guðlaug Vigfúsdóttir
Jón Grétar Vigfússon
Borghildur Vigfúsdóttir
Ólafur Vigfússon
Gunnar Árni Vigfússon
og fjölskyldur þeirra.
Gunnar Ragnarsson
Jóhanna Sigurjónsdóttir
Árni Arnarson
Ágústa Berg Sveinsdóttir

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Árni Helgason

fyrrverandi stöðvarstjóri Pósts og síma,

lést á St. Franciskusspítalanum í Stykkishólmi miðvikudaginn 27. febrúar. Jarðarförin auglýst síðar.

Gunnlaugur A. Árnason
Halldór Árnason
Helgi Árnason
Vilborg Anna Árnadóttir
afa- og langafabörn.
Sigrún Valtýsdóttir
Anna Björg Eyjólfsdóttir
Aðalbjörg Jónasdóttir
Jón Trausti Jónsson

Úthlutun frá Safnaráði

Safnaráð hefur úthlutað úr safnasjóði fyrir árið 2008. Hlutverk sjóðsins að styrkja rekstur safna sem sinna varðveislu og miðlun menningarminja í samræmi við safnalög og alþjóðlegar siðareglur safna.

Safnasjóður heyrir undir menntamálaráðuneyti og tók á móti 59 umsóknum þar sem 36 söfn úthlutað styrkjum. 25 þessara safna eru á landsbyggðinni, tvö söfn eru á Akureyri og níu á höfuðborgarsvæðinu.

Styrkur úr Safnasjóði er mikilsverð staðfesting á að viðkomandi safn uppfylli faglegar kröfur sem gerðar eru til safna sem koma að söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknum og miðlun íslensks menningar- og náttúruarfs.

Starfandi framkvæmdastjóri Safnaráðs er Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR er eitt þeirra safna sem fengu styrkveitingu frá Safnaráði.

NAFNIÐ MITT: VALENTÍNA BJÖRNSDÓTTIR

Hét upphaflega Valla en breytti tíu ára

Valentína Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Móðir náttúru, heitir í höfuðið á föðurömmu sinni. Sú hét Valentína Finnrós og var ætíð kölluð Valla. Þegar Valentína var skírð, í Ingjaldssandskirkju á Snæfellsnesi, fékk hún einungis gælunafn ömmunnar og hét Valla Björnsdóttir fram að tíu ára aldri.

Einn dag fannst henni það hins vegar ekki alveg nóg. „Fólk var stöðugt að spyrja fyrir hvað Valla stæði og var duglegt við að búa til hin ýmsu nöfn á mig. Mér fannst það svo leiðinlegt að ég fór til pabba og sagði að ég vildi heita fullu nafni. Þá spurði hann hvað ég vildi heita og að sjálfsögðu valdi ég fullt nafn ömmu minnar heitinnar," segir Valentína Björnsdóttir, sem á meira að segja forsetabréf frá Kristjáni Eldjárn, þáverandi forseta Íslands, um staðfestingu á nafnabreytingu.

„Amma var alíslensk ættuð af Snæfellsnesi þar sem mér skilst að þetta nafn hafi verið töluvert notað. Sérstaklega hérna áður fyrr. Því miður veit ég hins vegar ekki hvaðan amma fékk það og það er kannski kominn tími til að ég reyni að komast að því," segir Valentína sem á ekki margar nöfnur. „Hér áður fyrr átti ég eina nöfnu sem var rússneska sendiherrafrúin, þáverandi," segir Valentína og heldur áfram: „Í dag hefur þeim hins vegar aðeins fjölgað. Amma lést því miður mjög ung að aldri og ég hitti hana því aldrei." Hún segist ætíð hafa fengið góð viðbrögð við nafninu og segir marga vera forvitna um tilurð þess. Sjálf hefur hún haldið í ákveðna hefð því fyrra nafn dóttur hennar er Kristín eftir móður Valentínu.

VALENTÍNA Hefur ætíð fengið góð viðbrögð við þessu óvenjulega og fallega nafni.

Landnámssýning á netinu

Minjasafn Reykjavíkur opnar í dag, föstudaginn 29.febrúar, nýtt vefsetur með fjölbreyttu og vönduðu margmiðlunarefni sem tengist Landnámssýningunni Reykjavík 871±2.

Slóðin er á vefsetrinu www.reykjavik871.is. Þar má finna margs konar upplýsingar varðandi landnám Íslands, landnámsmenn, landkosti í Reykjavík og margt fleira.

Efnið byggist á nýjum rannsóknum fræðimanna í ýmsum greinum. Ekki síst fornleifafræði, sagnfræði og náttúrufræði. Framsetning þess er bæði skýr og skilmerkileg og forsvarsmenn taka fram að landnámssýningin hafi hlotið einstaklega góð viðbrögð gesta. Auk fagverðlauna á sviði safnastarfs og miðlunar. Svo sem Íslensku safnaverðlaunin og norræn safnaverðlaun á sviði margmiðlunar.

Einnig kemur fram í fréttatilkynningu frá forsvarsmönnum að Minjasafn Reykjavíkur keppir nú til úrslita um fagverðlaunin European Museum of the Year 2008. Verðlaunin fyrir safn ársins verða kunngjörð í Dublin í maí á þessu ári.

Samhliða sýningunni er fyrirlestraröð á vormisseri um landnám í Reykjavík. Þar koma fram sérfræðingar í ýmsum fræðigreinun og fjalla um Reykjavík við landnám út frá ólíkum sjónarhornum. Fyrirlestrarnir eru haldnir annan hvern þriðjudag kl. 17.00 í Aðalstræti 16. Aðgangur að fyrirlestrunum er ókeypis og öllum heimill.

RAFRÆNT LANDNÁM Landnámssýningin í Reykjavík hefur fengið gríðarlega góða dóma og aðsókn. Í dag verður hún opnuð á nýju vefsetri með fjölbreyttu margmiðlunarefni.

- **Þriðjudaginn 4. mars** mun Ari Trausti Guðmundsson jarðfræðingur fjalla um aldursgreiningu fornleifa út frá gjóskulögum og eldgosum.
- **Þriðjudaginn 18. mars** flytur Hjörleifur Stefánsson arkitekt erindi sem hann nefnir „Kitlandi frásögn um fortíðina. Landnámssýningin Reykjavík 871±2".
- **Þriðjudaginn 1. apríl** flytur Helgi Þorláksson sagnfræðingur fyrirlesturinn „Hvað vitum við helst um Reykvíkinga á 9. og 10. öld? Ritaðar heimildir og niðurstöður fornleifarannsókna".
- **Þriðjudaginn 15. apríl** flytur Per Thorling Hadsund forvörður erindið „Hvernig er hægt að varðveita torfrúst frá 10. öld?"

Þekkir einhver þessar stúlkur?

Kvennasögusafnið leitar eftir nöfnum á stúlkum sem voru á myndum er fylgdu Teofani-sígarettum á árunum 1929 og 1930. Safnið á allmargar ómerktar myndir og biður lesendur Fréttablaðsins um aðstoð. Ef einhver ber kennsl á stúlkurnar á myndunum er hann beðinn að hafa samband við Kvennasögusafnið í síma 525-5779 eða í tölvupósti á netfangið audurs@bok.hi.is

†

Ástkæra móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Sigurlína Ásta Jóhannsdóttir

lést á heilbrigðisstofnun Siglufjarðar þriðjudaginn 26. febrúar. Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 8. mars nk. kl 14.00.

Börn hinnar látnu og aðrir aðstandendur.

†

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Guðjónsson

lést í Reykjavík mánudaginn 11. febrúar. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

Þórdís Guðmundsdóttir
Björn Guðmundsson
Örn Guðmundsson
Guðjón Guðmundsson
börn og barnabörn.

Jóhannes Bjarnason
Ragnheiður Ágústsdóttir
Björg Ólafsdóttir

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Sigríðar Ingimundardóttur,
Árskógum 8, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Seljahlíðar fyrir einstaka alúð og umönnun.

Finnbogi Haukur Sigurjónsson
Bára Marteinsdóttir
Bragi Finnbogason
Birgir Finnbogason
Lárus Finnbogason
Reynir Eggertsson
Guðný Guðgeirsdóttir
Margrét Ásgeirsdóttir
Hulda Rós Rúriksdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jónas Reynir Jónsson
frá Melum, Sólheimum 23, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Langholtskirkju föstudaginn 29. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans, er bent á líknarstofnanir.

Elín Þórdís Þórhallsdóttir
Elsa Jónasdóttir
Ína H. Jónasdóttir
Þóra Jónasdóttir
Birna Jónasdóttir
barnabörn og fjölskyldur.

Gunnar Guðjónsson
Eggert Sv. Jónsson
Gunnar F. Vignisson

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Ársæll Hermannsson,
Dynskógum 9, Hveragerði,

sem lést á Landspítala Fossvogi fimmtudaginn 21. febrúar, verður jarðsunginn frá Hveragerðiskirkju laugardaginn 1. mars kl. 14.00.

Ragnheiður Guðrún Þorgilsdóttir
Margrét Ársælsdóttir
Hafsteinn Már Ársælsson
Hermann Ársælsson
Hjálmar Brynjúlfsson,
Helga J. Sigurjónsdóttir
Sigríður Sigmundsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Einar Bjarni Sturluson
skipasmiður,
frá Hreggsstöðum,

lést að Hrafnistu í Reykjavík mánudaginn 25. febrúar. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 6. mars kl. 11.00.

Kristín Andrésdóttir
Valgerður Björk Einarsdóttir
Guðný Alda Einarsdóttir
Þórdís Heiða Einarsdóttir
Sturla Einarsson
Andrés Einar Einarsson
Guðrún Björg Einarsdóttir
María Henley
Freyja Valgeirsdóttir
Halldóra B. Brynjarsdóttir
Helgi G. Bjarnason
Kristján Ólafsson
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær móðursystir mín, systir, okkar og frænka,

Valgerður Sigurðardóttir,

lést 24. febrúar síðastliðinn. Jarðarförin fer fram í kyrrþey.

Þorbjörg Friðriksdóttir
Erla Sigurðardóttir
Þórhildur Sigurðardóttir
Reynir Sigurðsson
og aðrir aðstandendur.

†

Elskuleg kona mín, móðir okkar, amma og langamma,

Rannveig Eiríksdóttir
Skerjavöllum 8, Kirkjubæjarklaustri,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands að kvöldi 25. febrúar.

Einar Bárðarson, börn, barnabörn og barnabarnabörn.

STUÐ MILLI STRÍÐA Beinverkir, hitaköst og skelfilegt óráð

ROALD VIÐAR EYVINDSSON VAKNAÐI UPPI Í RÚMI MEÐ ÓKUNNUGUM MANNI



Sjálfsagt fengu margir hland fyrir hjartað þegar þeir flettu skrítlusíðunni í gær og uppgötvuðu að pistil eftir átrúnaðargoðið vantaði. Ástæðuna má rekja til þess að hetjan lá veik heima í rúmi.

Veikindin hófust um nóttina með hroll sem ágerðist smám saman þar til ég nötraði og skalf af kulda. Svo komu beinverkirnir, hitaköstin og óbærilegur höfuðverkurinn. Óráðið var verst en á meðan það gekk yfir furðaði ég mig á því hvaða ókunnugi en skuggalega myndarlegi maður svæfi við hliðina á mér. Undir morgun var ljóst að ég færi ekki neitt nema í mesta lagi fram úr til að sinna frumþörfunum.

Það er fátt eins agalegt og að vera veikur heima. Sérstaklega þegar maður er of slappur til að geta gert nokkuð af viti, en samt nógu hraustur til að vera með á nótunum. Þá er betra að vera með ofsa hita og vakna aftur til rænu þegar veikindin eru að mestu yfirstaðin.

Minn veikindadagur var heila eilífð að líða. Í fyrstu beið ég þess að veikjast almennilega og veðjaði frekar á ælupest en kvef. Þegar gubban lét hvergi á sér kræla fylltist ég afneitun og reyndi að druslast í vinnuna. Sortnaði þá fyrir augum og seig vonleysislega niður í rúm. Þá tók eirðarleysið við og kvaldi mig þar til ég var að því kominn að naga af mér vinstri fótinn. Loks var ekki um annað að velja en sætta sig við ástandið: Ég var veikur!

Næstu tímarnir fóru í að hringja í vini og vandamenn og rekja raunir mínar fyrir öllum sem heyra vildu. Vældi svo utan í manninum mínum þegar hann kom heim og lét hann hjúkra mér aftur til heilsu með því að skutlast eftir hamborgara og nudda á mér bakið.

Mikið var ég lifandi feginn að komast aftur í vinnuna daginn eftir. Annar veikindadagur hefði sjálfsagt riðið mér að fullu eða í það minnsta kostað mig annan fótinn.

FORSÍÐULEIKUR
VISIR.IS

Forsíðuleikur á visir.is færir þér lukku

Gerðu visir.is að upphafssíðu og taktu þátt í vinningsleik, fjöldi frábærra vinninga – utanlandsferðir, dvd-myndir, áskrift að Stöð 2, bíómiðar o.fl.

Þú hlustar á Í bítið þegar þér hentar á visir.is. Í bítið á Bylgjunni kemur landsmönnum af stað inn í daginn með lifandi frétta- og dægurmálaumræðu sem skiptir okkur máli. Heimir Karlsson og Kolbrún Björnsdóttir taka fyrir málefni líðandi stundar ásamt Gissuri Sigurðssyni sem stendur fréttavaktina. Fréttir, íþróttir, og þjóðfélagsumræða á mannamáli alla virka daga frá 6.50 til 9.00 á Bylgjunni.

VÍSIR.IS
...ég sá það á visir.is

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

1.250 kr/kg. áður 1.785 kr/kg.
Goða hunangsgrísakótilettur

30% afsláttur
af öllum Casa fiesta vörum

635 kr/kg. áður 1.059 kr/kg.
Goða blandað hakk pre pc

299 kr/kg. áður 498 kr/kg.
Ísfugl veisluvængir

989 kr/kg.
Danpo kjúklingabringur

799 kr/pk.
Easy þvottaduft BIO - 3,15 kg

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Vikurfréttir

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 28. febrúar. til 2. mars eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

Þjóðleikhúsið
Á öllum sviðum lífsins

Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00.
Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



Leikskáld framtíðarinnar
Svartur hattur - úrslitakvöld örleikrita-samkeppni Þjóðleikhússins og LHÍ
lau. 1/3 kl. 20 á Stóra sviðinu
Ókeypis aðgangur – allir velkomnir

Alþýðulist fyrir vestan

Nóg er um að vera í menningarlífi landsins nú um helgina og einskorðast áhugaverðir viðburðir og sýningar ekki við höfuðborgarsvæðið. Ljósmyndasýningin „Alþýðulistamaðurinn Sigurgeir Bjarni Halldórsson“ verður opnuð á sunnudag í Safnahúsinu á Ísafirði sem er í gamla sjúkrahúsinu. Markmiðið með sýningunni er að heiðra minningu Sigurgeirs og þá list sem hann stundaði í sínum frístundum.

Listsköpun Sigurgeirs var tvíþætt þar sem hann stundaði bæði ljósmyndun og málun ljósmynda sinna. Með þeim hætti breytti hann svart-hvítum ljósmyndum síns tíma í litljósmyndir.

Ljósmyndirnar á sýningunni eru teknar um og eftir 1940. Sigurgeir tók myndavélina með sér hvert sem hann fór og sótti sér því myndefni víða að. Hann var sjómaður og því fylgir eðlilega að hafið, skip, sjómennska og sjávarpláss eru fyrirferðarmikil á ljósmyndum hans. Ísafjörður var honum einnig hugleikinn og er til mikið af myndum sem teknar eru yfir bæinn úr fjallshlíðunum í kring.

Safn hans sem telur um 900 myndir hefur nú verið sett á tölvutækt form og verður sett í heild sinni inn á vef Ljósmyndasafns Ísafjarðar. Opnað verður fyrir aðgang að myndum hans á netinu á sunnudaginn næstkomandi, um leið og sýningin verður opnuð í Safnahúsinu. Þá munu aðstandendur Sigurgeirs afhenda Ljósmyndasafni Ísafjarðar safn mynda hans til varðveislu í tilefni af 100 ára fæðingarafmæli hans.

- vþ

LÍFIÐ UM MIÐJA SÍÐUSTU ÖLD Ein af ljósmyndum Sigurgeirs Bjarna Halldórssonar.

COSMOMAMA Verk eftir Jón Henrysson.

Geimvera með heimþrá

Myndlistarmaðurinn Jón Henrysson opnar myndlistarsýninguna „Að skilgreina heilastarfsemi ástarpiltsins“ í Anima galleríi, Freyjugötu 27, í dag kl. 17. Á sýningunni getur að líta myndir af ástarpilti, undanrennu, morgunkorni, hjartalaga apahaus og geimveru með heimþrá. Einnig má sjá brosandi andlit, forgengilegan striga, fallandi himin og alls engan ástarsöng.

Jón Henrysson hefur verið búsettur í Danmörku undanfarinn áratug. Hann sýndi nýlega á Akureyri og Seyðisfirði en þetta er hans fyrsta sýning í Reykjavík eftir heimkomuna.

Sýningin stendur til 22. mars og er opin frá fimmtudegi til laugardags, frá kl. 13-17.

Salurinn
ÞRIÐJUDAGUR 4. MARS KL. 20
TÍBRÁ: KVIKHLJÓÐ.
TÓNLIST ÞURÍÐAR JÓNSDÓTTUR OG SCIARRINO Í SAMTALI VIÐ MYNDLIST OG VÍDEÓ.
LAUGADAGUR 8. MARS KL. 13
MEISTARI MOZART.
STRENGJA-OG PÍANÓKVINTETT
TÓNLEIKAR KENNARA TÓNÓ KÓP.
LAUGADAGUR 8. MARS KL. 20
TÍBRÁ: SÖNGBÓK JAZZINS.
TÓNLIST COLES PORTERS.
KRISTJANA STEFÁNS & FÉLAGAR.
SUNNUDAGUR 9. MARS KL. 16
SÖNGLÖG JÓRUNNAR VIÐAR.
HELGA RÓS OG GUÐRÚN DALÍA
BYR SPARISJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

VOX ACADEMICA Metnaðarfullur kór sem ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur.

Alíslensk sálumessa Verdis

Kórinn Vox academica hefur gert samkomulag við fjóra stórsöngvara um að taka þátt í flutningi kórsins á sálumessu Verdis í Hallgrímskirkju í byrjun apríl.

Söngvararnir eru Sólrún Bragadóttir sópran, Rannveig Fríða Bragadóttir alt, Gissur Páll Gissurarson tenór og Kristinn Sigmundsson bassi. Nokkuð mun liðið síðan sálumessan var flutt hér eingöngu með íslenskum einsöngvurum og er það því spennandi fyrir íslenska tónlistarunnendur að Vox Academica hafi fengið þennan einvala hóp til liðs við sig. Einnig mun hljómsveitin Jón Leifs Camerata taka þátt í flutningnum undir stjórn Hákons Leifssonar.

Tónleikarnir verða haldnir 5. apríl næstkomandi og verður aðeins selt í 700 sæti í Hallgrímskirkju svo tryggt sé að allir áheyrendur njóti tónleikanna sem best. Miðasala fer fram í Tónastöðinni í Skipholti, 12 Tónum við Skólavörðustíg og hjá kórfélögum.

- vþ

VÍMA Verk eftir Söru Björnsdóttur.

Víma Söru

Enn dregur til tíðinda í hinu unga og kraftmikla Gallerí Ágúst. Myndlistarmaðurinn Sara Björnsdóttir opnar þar einkasýningu sína Víma/Intoxication á morgun kl. 16.

Sara Björnsdóttir er án efa einn af okkar fremstu myndlistarmönnum og hefur farið um víðan völl í myndlist sinni. Hún hefur unnið ötullega að sinni myndlist og sýnt bæði hér heima og erlendis á undanförnum árum. Verk hennar má finna í safnaeign Listasafns Íslands en Sara er eflaust þekktust fyrir myndbandsverk sín og gjörninga. Á sýningunni Víma/Intoxication mun Sara sýna ljósmyndir og myndbandsverk.

Ljósmyndirnar sem Sara sýnir í Gallerí Ágúst voru áður á einkasýningu hennar í Gallery Crystal Ball í Berlín í lok síðasta árs. Myndbandsverkið á sýningunni, Salem Lights, var sýnt á Sequences listahátíðinni síðastliðið haust.

Sýningin Víma/Intoxication stendur til 5. apríl. Gallerí Ágúst er staðsett á Baldursgötu 12 og er opið miðvikudaga til laugardaga frá kl. 12 til kl. 17 og eftir samkomulagi.

- vþ

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Stórviðburður í sögu blússins

„Það er stórviðburður í sögu blússins á Íslandi að fá þennan mann hingað," segir Halldór Bragason, skipuleggjandi Blúshátíðar Reykjavíkur, um Magic Slim sem hefur verið tilnefndur til þrennra Blues Music-verðlauna. Hann er tilnefndur sem blúsmaður ársins, fyrir bestu plötuna og fyrir hljómsveit sína, The Teardrops. Verðlaunin verða afhent í Bandaríkjunum í 29. sinn í maí.

Slim er ein af lifandi goðsögnum Chicagoblússins og hefur marga fjöruna sopið í bransanum. „Hann er algjört sjarmatröll. Það að hann skuli hafa verið tilnefndur sýnir hvað menn bera mikla virðingu fyrir þessum manni," segir Halldór.

Á meðal annarra sem koma fram á blúshátíðinni er hljómsveitin The Yardbirds, sem gat af sér gítarsnillingana Eric Clapton, Jeff Beck og Jimmy Page, blúsdívan Deitra Farr, Bláir skuggar og norska sveitin Jolly Jumper & Big Moe og The Nordic All Stars Blues Band sem kemur fram í fyrsta sinn. Er hún skipuð úrvali norrænna blúsmanna.

Í tilefni af fimm ára afmæli hátíðarinnar koma einnig fram allir heiðursfélagar Blúsfélags Reykjavíkur frá upphafi, Magnús Eiríksson, Björgvin Gíslason, Andrea Gylfadóttir og KK. Miðasala á hátíðina, sem fer fram 18. til 21. mars, er í fullum gangi á midi.is og á blues.is.

MAGIC SLIM Blúsarinn Magic Slim er á leiðinni til Íslands í næsta mánuði.

SJÁLFSTÆÐ LEIKHÚS Í BORGARLEIKHÚSINU

Samkvæmt samkomulagi Leikfélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar skal Leikfélag Reykjavíkur "tryggja hið minnsta tveimur öðrum leikflokkum afnot af húsnæði í Borgarleikhúsinu til æfinga og sýninga eins verkefnis á hverju ári. Leikflokkarnir skulu hafa endurgjaldslaus afnot af húsnæði en greiða útlagðan kostnað L.R. vegna vinnu þeirra í Borgarleikhúsinu."

Hér með er óskað eftir umsóknum leikflokka vegna leikársins 2008/2009. Með umsókn skal senda greinargerð um verkefnið þar sem greint er skilmerkilega frá verkefninu, aðstandendum þess, framkvæmdaaðilum, listrænum stjórnendum og þátttakendum öllum ásamt vandaðri fjárhagsáætlun. Umsóknir berist leikhússtjóra Leikfélags Reykjavíkur, merkt „samstarf", Listabraut 3, 103 Reykjavík eigi síðar en miðvikudaginn 19. mars 2008.

Einnig er hægt að senda inn umsókn með tölvupósti, merktum „Samstarf", á borgarleikhus@borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

New Orleans dagar

Meistarakokkur frá New Orleans leikur listir sínar dagana 28. feb. - 9. mars

Todd Pulsenelli frá New Orleans verður gestakokkur á Rauðará í tilefni af Food and Fun. Þessa daga mun Todd ásamt Guðmundi Viðarssyni og Hinrik Carl Ellertssyni bjóða upp á veislumáltíðir að hætti íbúa New Orleans, sem enginn matgæðingur má láta fram hjá sér fara.

New Orleans matseðill / Menu

Forréttur / First Course:
Louisana „Gumbó" með krabbakjöti
Crab "Gumbo" Louisana style

Fiskréttur / Second Course:
Humar- og kjúklingacanaloni með tómat og aspas
Lobster and chicken canaloni with tómató and aspargus

Aðalréttur / Main Course:
Lamb á tvo vegu, grillaður hryggur og brasserað framfille með kartöflumauki
Lamb prepared two ways with whipped potatos

Eftirréttur / Dessert:
Djúpsteiktur brauðbúðingur að hætti New Orleans með súkkulaðisúpu og vanilluís
New Orleans Breadpudding with chocalatesoup and vanilla ice cream

– ástríðufullur veitingastaður með fersku yfirbragði

Todd Pulsenelli, gestakokkur frá New Orleans

RAUÐARÁ
RESTAURANT
RAUÐARÁRSTÍG 37
SÍMI 562 6766
WWW.RAUDARA.IS

ÍSLENSKA/SIA.IS/RAU 41324 02/08

DR. DOG

DOLLY PARTON

> Í SPILARANUM

Dr. Dog - Passed Away
Beach House - Devotion
Nick Cave & the Bad Seeds - Dig, Lazarus, Dig!
American Music Club - The Golden Age
Dolly Parton - Backwoods Barbie

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Fortíðardraugar Barða

Barði Jóhannsson stendur nú í ströngu við að leggja lokahönd á þriðju plötu Bang Gang, þá fyrstu síðan platan Something Wrong kom út árið 2003. Vinnuheiti nýju plötunnar er Ghosts From The Past og segir Barði að búast megi við að hún komi út á Íslandi í mars eða apríl. Cod Music gefur út á Íslandi, Diskograf í Evrópu og Ryko í Bandaríkjunum.

ÞRIÐJA PLATAN Á LEIÐINNI Barði er þungur með Bang Gang.

Að sögn Barða er þetta þyngsta Bang Gang platan til þessa. Það eru engir augljósir smellir á plötunni en mörg lög sem eiga engu síður heima í útvarpinu. Barði syngur öll lögin sjálfur fyrir utan tvö. Þau eru sungin af frönsku söngkonunni Keren Ann Zeidel, sem Barði hefur áður unnið með, og Anthony Gonzalez úr franska rafrokkbandinu M83.

Barði er fjölhæfur tónlistarmaður. Hann er nýbúinn að setja mark sitt á Eurovision, en tekur svo virkan þátt í Listahátíð í Reykjavík í sumar. Hinn 5. júní munu hann, Keren Ann og Sinfóníuhljómsveit Íslands leiða saman hesta sína í Háskólabíói. Dagskrá tónleikanna spannar feril Barða og Kerenar í nýjum sinfónískum útsetningum og þau munu einnig stíga á svið sem dúettinn Lady & Bird.

- glh

> Plata vikunnar

Poetrix - Fyrir lengra komna

★★★★

„Fyrir lengra komna er mjög vel heppnuð frumsmíð. Mörg laganna eru flott og Poetrix sprettur fram sem sannfærandi rappari með alvöru boðskap.“

TJ

TÓNNINN GEFINN
Trausti Júlíusson

Goldfrapp gírar niður

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að það sé meira spunnið í þá tónlistarmenn sem reglulega prófa nýja hluti heldur en þá sem hjakka í sama farinu. Það er auðvitað misjafnt hversu hraðar breytingarnar eru. Hjá sumum er stöðug þróun sem lætur lítið yfir sér frá plötu til plötu, en aðrir taka stór stökk. Gott dæmi um hið síðarnefnda er David Bowie á hápunkti ferilsins á áttunda áratugnum. Þróunin frá Hunky Dory til Heroes er ótrúleg.

Það er auðvitað ekki sanngjarnt að gera kröfur til tónlistarmanna almennt um svo ofboðslega sköpunargleði en það er alltaf virðingarvert þegar menn söðla um og halda óhræddir á nýjar slóðir.

Goldfrapp er dúó þeirra Alison Goldfrapp og Wills Gregory. Þau hafa verið að búa tónlist saman síðan árið 1999 og voru að senda frá sér fjórðu Goldfrapp-plötuna, Seventh Tree. Sú fyrsta, Felt Mountain, kom árið 2000, Black Cherry kom 2003 og Supernature 2005. Að auki sendu þau frá sér tónleikamynddiskinn Wonderful Electric árið 2004.

Það skemmtilega við Seventh Tree er hvað tónlistin á henni er ólík tónlistinni á fyrri plötunum. Í staðinn fyrir glyskenndu rafdanstónlistina sem einkenndi hina frábæru Supernature þá hafa þau hægt á tempóinu og einfaldað hljóðheiminn. Tónlistin á nýju plötunni er þjóðlagaskotin með smá sýruáhrifum og enskan hljóm sem minnir meira á Pink Floyd í upphafi ferilsins heldur en glam-diskóið sem þau voru orðin hvað þekktust fyrir. Yfirbragðið er hlýlegt og nærandi. Tónlistin er melódísk og nær að vera mjög áhrifamikil. Smáskífan A&E er góður forsmekkur en engan veginn besta lag plötunnar.

Seventhe Tree er afbragðsplata. Hún sannar að Goldfrapp var ekki einnar hugmyndar gaman. Ekki sveit sem slysaðist niður á flottan hljóm sem hún hangir svo í það sem eftir er, heldur sveit skipuð alvöru hæfileikafólki.

Hlynur með útgáfuteiti

Tónlistarmaðurinn Hlynur Ben heldur útgáfutónleika á Gauki á Stöng í kvöld í tilefni af útgáfu fyrstu plötu sinnar, Telling Tales, sem kemur út á síðunni Tónlist.is í dag. Kemur hún síðan í plötubúðir í næstu viku.

HLYNUR BEN Tónlistarmaðurinn Hlynur Ben heldur útgáfutónleika á Gauki á Stöng í kvöld.

„Þetta verður rosa gaman. Ég ætla að flagga öllu. Þarna verður fólk eins og Helgi Valur sem er frábær trúbador og Erna Hrönn úr Bermuda. Þetta verður mikill stjörnufans og allir sem komu að plötunni munu spila,“ segir Hlynur Ben. Hann segist ekki vera búinn að bjóða nafna sínum Pétri Ben á tónleikana. „Mér skilst að hann sé úti. Ætli kallinn taki ekki í mig þegar hann heyrir af þessu.“

Tónlistarhetjan frá Kanarí

Hann er einn umtalaðasti tónlistarmaður netheimsins um þessar mundir og menn keppast við að lofa hann í bak og fyrir. Steinþór Helgi Arnsteinsson skellti sér í dynjandi danssveiflu með El Guincho, nýja undrabarninu frá Spáni.

NÝ STJARNA El Guincho vekur athygli um allan heim fyrir tónlist sína.

Á tímum netvæðingar er algengt að tónlistarmenn séu hlaðnir lofi, svo miklu oft að hægt er að tala um oflof. Nær daglega er hæglega hægt að finna netmiðil sem titlar listamenn hið „nýja-þetta“ eða hið „næsta-hitt“. Þegar hins vegar miðlar á borð við Pitchfork, Drowned in Sound og Stereogum (líklegast stærsta tónlistarblogg veraldar) hafa allir tekið af skarið og sagt að eitthvað sé spunnið í viðkomandi listamann, þá er óhætt að trúa því að eitthvað sé á bak við lofið.

Þannig er akkúrat farið með tónlistarmanninn El Guincho og plötu hans Alegranza! Að platan hafi fengið svo mikið lof, svo snemma, er jafnvel enn merkara fyrir þær sakir að platan kom út á Spáni rétt fyrir síðustu áramót og hefur enn sem komið er aðeins fengið almennilega dreifingu í heimalandinu.

Frá Kanarí til Barcelona

Maðurinn undir El Guincho dulargervinu er piltur að nafni Pablo Díaz-Reixa. Pablo fagnar á þessu ári aldarfjórðungs afmæli sínu en hann fæddist og ólst upp á hinum sólríku Kanarí-eyjum. Á Kanarí stundaði Pablo nám við tónlistarskóla en hætti rétt eftir fermingu og leitaði frama á sviði íþrótta, bæði í knattspyrnu og tennis, sem gekk ekki alveg sem skyldi.

Um tvítugt flutti Pablo loks til Barcelona þar sem hann hóf að sinna tónlistinni á ný. Þar stofnaði hann nokkrar sveitir, meðal annars hiphop-sveitina Los Feriantes, en merkilegust þeirra er líklegast sveitin Coconot sem enn er starfandi í dag.

Eldurinn fljótur að breiðast út

Eftir gegndarlausa hlustun á krautrokk- og tropicália-plötur kom út plata með Coconot árið 2006 sem vakti athygli í heimalandi og fór sveitin á dágóðan tónlistarrúnt í kjölfar þess. Á þeim tíma hóf Pedro að huga að sínu eigin einmenningsverkefni, El Guincho, og með Roland SP samplera að vopni hóf hann að skapa sinn kynngimagnaða hljóðheim. Afraksturinn voru tvær plötur sem litu dagsins ljós í fyrra. Foliás hét frumburðurinn en hin áðurnefnda Alegranza! var meistarastykkið. Spænskir fjölmiðlar máttu vart vatni halda og áður en mánuður leið seldist platan upp. Núna, eingöngu um tveimur mánuðum seinna, er restin af heimunum að uppgötva snilli El Guinchos en Alegranza! fer í alheimsdreifingu í næstu viku.

Sólríkur bræðingur

El Guincho er nánast alls staðar kynntur til leiks sem spænska útgáfan af Panda Bear (einmenningsverkefni Noah Lennox úr Animal Collective. Sendi frá sér frábæra plötu í fyrra að nafni Person Pitch) en notast þeir við mjög svipaða tækni í uppbyggingu laga sinna. Þar eru sólskinsbjartir og taktfastir hljóðbútar endurteknir í sífellu og við fallegan harmóníusöng birtast manni guðdómleg popplög.

Á meðan Panda Bear minnir einna helst á Brian Wilson og Beach Boys eru áhrif El Guincho meiri bræðingur. Tropicália, Afrobeat, diskó, gamaldags rokk og ról sveifla og kalypso eru allt lýsingar sem eiga vel við tónlist El Guincho. Fyrir utan Panda Bear eru Gang Gang Dance og High Places einnig samtímanöfn sem vel er hægt að bera saman við spænska snillinginn.

Reyndar finnst mér undarlegt að nafn Manu Chao komi sjaldan fyrir þegar tónlist El Guincho ber á góma. Fyrir utan að eiga margt sameiginlegt tónlistarlega séð finnst mér El Guincho verðugur arftaki Manu Chao sem kyndilberi spænskrar nýmóðinstónlistar um heim allan.



ÚTSALAN HELDUR ÁFRAM Í SKÍFUNNI SMÁRALIND

NÝJIR TITTLAR HAFA BÆST Í HÓPINN

OPIÐ
LAU: 11-18
SUN: 13-17

S·K·Í·F·A·N

> GEFA ÚT BÓK

Olsen-tvíburarnir Ashley og Mary-Kate munu senda frá sér tískubókina Influence í haust. Í henni verður að finna myndir af systrunum ásamt viðtölum þeirra við helstu áhrifavalda þeirra úr tískuheiminum. Miðað við viðtökur á fatalínu systranna, The Row, ætti bókin að falla vel í kramið hjá aðdáendum þeirra.

fólk

folk@frettabladid.is

Tvíburar bætast í hópinn

Brad Pitt hefur staðfest það við vini sína að hann og Angelina Jolie eigi von á tvíburum. Orðrómur þess efnis hefur verið á kreiki töluvert lengi, en þau hafa hins vegar verið fámál um það. Þau hafa enn ekki staðfest opinberlega að barna sé að vænta en eftir að Angelina mætti í þröngum svörtum kjól á afhendingu Independent Spirit-verðlaunanna um síðustu helgi efast enginn um að von sé á fjölgun í fjölskyldunni. Með komu tvíburanna stækkar fjölskyldan upp í átta manns, en fyrir eiga Brad og Angelina börnin Maddox, Pax, Zahöru og Shiloh.

„Brad hefur verið mjög þögull um óléttuna hingað til en þessa helgi ákvað hann að leysa frá skjóðunni. Hann hefur sagt öllum sínum nánustu frá þessu, því að hann hefur þurft að hagræða vinnu til að geta undirbúið sig undir fæðinguna," segir heimildarmaður á vefsíðu Daily Mail. „Þau eiga von á tvíburum, Angelina er heilbrigð og hann er himinlifandi yfir því að hann sé að verða faðir aftur. Þau skipulögðu þungina ekki beinlínis en þau langaði í fleiri börn og Brad segir að Angelina hafi verið meira en til í að eignast þau sjálf," segir hann.

Samkvæmt sömu heimildum vill Brad að Angelina fæði börnin í Bandaríkjunum, en eina líffræðilega dóttir þeirra, Shiloh, fæddist í Namibíu í maí 2006. „Ég held að Brad vilji ekki einangra sig og fjölskylduna eins og hann gerði þegar Shiloh fæddist."

NORDICPHOTOS/GETTY

ÁTTA MANNA FJÖLSKYLDA Með fæðingu tvíbura stækkar fjölskyldu ofurparsins Angelinu Jolie og Brad Pitt upp í átta manns.

Flensa herjar á Bubba-söngvara

Sá fyrsti úr tíu söngvara úrtaki Bubba í sjónvarpsþætti hans datt út í síðustu viku og í kvöld er komið að þeim næsta til að yfirgefa skútuna. Keppendur eru misvel fyrirkallaðir því fimm söngvarar hafa legið í bælinu með skæða flensu. Þór Freysson, aðalmaðurinn bak við tjöldin, fékk líka hrottalega flensu sem og margir starfsmenn, en dómnefndin virðist hafa sloppið – enn, að minnsta kosti. Að sjálfsögðu verður öllum tiltækum ráðum læknavísindanna beitt til að söngvararnir geti komið fram og gert sitt besta.

Boðið verður upp á níu lög í kvöld. Allt er sungið á íslensku sem fyrr, enda skilyrði í þætti Bubba, sem finnst íslenskan tær sem lækur. Þrjú lög erlend eru með nýjum íslenskum textum, Heaven Bryans Adams, Piece Of My Heart eftir Janis Joplin og Long train running með Doobie-bræðrum. Íslensku lögin sex eru Maístjarnan, Þú ert mér allt sem Ellen Kristjáns söng, Bíddu pabbi Vilhjálms Vilhjálmssonar, Besti vinur KK, Er hann birtist með Hljómum og Utangarðsmannaslagarinn Hírósíma.

Auk Bubba, sem situr sem kóngur í hásæti, sjá Björn Jörundur og Villi naglbítur um dómgæslustörf. Villi hefur eytt vikunni í stífu prógrammi til að læra nöfn keppenda. Það er söngkonan Margrét Eir sem er gestadómari kvöldsins. **- glh**

SLUPPU VIÐ FLENSUNA - ENN AÐ MINNSTA KOSTI Hljómsveitin hans Bubba. Fimm af keppendum í þáttunum hafa legið í flensu í vikunni.

Garðar tilnefndur til Brit-verðlauna

Plata tenórsins Garðars Thors Cortes hefur verið tilnefnd til bresku tónlistarverðlaunanna sem besta sígilda plata ársins.

Garðar Thor er í hópi með níu breskum listamönnum sem tilnefndir eru til verðlaunanna. Eru þetta einu verðlaunin sem hægt er að kjósa um á vef Classical FM, classicalbrits.co.uk. Meðal helstu keppinauta Garðars eru Alfie Boe, Hayley Westerna og Natasha Marsh. Ekki ómerkari maður en Sir Paul McCartney hlaut þessi verðlaun í fyrra og veitti þeim viðtöku við glæsilega athöfn í Royal Albert Hall. Verðlaunin verða afhent í maí á sama stað og er hefð fyrir því að allar skærustu og stærstu stjörnur sígildrar og popptónlistar sæki hana heim.

Garðar sjálfur var reyndar ekkert alltof bjartsýnn á að hljóta verðlaunin þegar Fréttablaðið náði tali af honum. En aldrei þessu vant var tenórinn hvorki staddur í flughöfn né lestarstöð heldur á leiðinni út í bakarí í höfuðstað Norðurlands, Akureyri. „Nei, ég held að ég vinni þetta ekki en það er voðalega gaman að fá að vera í þessum hóp," segir Garðar sem er í heimsókn hjá eiginkonu sinni, leikkonunni Tinnu Lind Gunnarsdóttur, sem er að gera góða hluti í Fló á skinni. Garðar hefur verið í afslöppun í heila viku og bjóst jafnvel við að liggja með tærnar upp í loft í eina viku í viðbót. Enda nóg fram undan. Garðar mun troða upp á Rhode Island við New York í sumar og svo er á teikniborðinu tónleikar í Peking á svipuðum tíma og Ólympíueldurinn verður tendraður þar. „Við erum ekki búnir að fá það staðfest en vonumst til að láta það verða að veruleika," segir Garðar.



STÓR ÁFANGI Garðar Thor Cortes hefur verið tilnefndur til bresku tónlistarverðlaunanna, Brit Awards, í flokknum besta sígilda plata ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Einar Bárðarson, umboðsmaður Garðars í Bretlandi, var að vonum kátur. Mikið hefur verið lagt í að koma Garðari á framfæri hjá Bretunum sem eru þekktir fyrir að hampa sínu fólki fram yfir aðra. „Þetta er náttúrlega gríðarlega mikil viðurkenning á því starfi sem hefur farið fram og þeim hæfileikum sem Garðar hefur og staðfesting á því sem ég hef alltaf haldið fram, að hann sé einhver besti tenór í heimi," segir Einar. „Við erum náttúrlega óendanlega þakklát fyrir að þeir skyldu tilnefna okkur, ekki síst í ljósi þess að við erum útlendingar," segir Einar sem sagðist vona að Íslendingar tækju virkan þátt í kosningunni á classicalbrits.co.uk en hún hefst 6. mars. **freyrgigja@frettabladid.is**

Dana International semur sigurlag

„Ke'ilo kan", kraftballaða eftir kynskiptinginn Dönu International, verður framlag Ísraela í ár. Dana sigraði Eurovision sem kunnugt er árið 1998. Lagið, sem Dana samdi með Shai Kerem, bar sigur úr býtum í sjónvarpskeppni á þriðjudaginn þar sem söngvarinn Boaz Mauda söng öll lögin fimm sem kepptu til úrslita. Boaz er um þessar mundir ein skærasta stjarnan í Ísrael eftir að hann sigraði í fimmtu seríu hæfileikakeppninnar í sjónvarpinu, Kokhav Nolad. Ákveðið var að Boaz myndi syngja öll lögin sem komust í úrslit og undirstrika Ísraelar þar með að Eurovision er ekki keppni um besta flytjandann heldur er verið að velja besta lagið. Boaz mun svo syngja lagið á hebresku og ensku og flytur hann lag sitt á fyrra undanúrslitakvöldinu.

EUROVISION

85 DAGAR TIL STEFNU

Stóri BÓKAMARKAÐURINN Perlunni

Alla daga til 9. mars
Opið 10–18

áður ~~4.990~~
nú 1.990

áður ~~2.590~~
nú 1.290

áður ~~4.480~~
nú 1.990

Mikill afsláttur
Bók fylgir öllum seldum Nýhilbókum!



1.490
Takmarkað magn

áður ~~4.480~~
nú 1.990



áður ~~3.480~~
nú 890

áður ~~4.490~~
nú 2.490

áður ~~4.490~~
nú 1.490



áður ~~4.280~~
nú 1.990



áður ~~9.367~~
nú 4.990

áður ~~5.480~~
nú 1.980



áður ~~5.900~~
nú 590

áður ~~4.490~~
nú 1.990

Stóri bókamarkaðurinn er í Perlunni!

Frábært úrval. Ótrúlegt verð.
Yfir 10.000 titlar. Allt að 90% afsláttur!

Rétta bókin bíður þín hjá okkur.

Nýir titlar daglega!

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000			REGNBOGINN SÍMI 551 9000		
BE KIND REWIND	kl. 5.45 - 8 - 10.15		BE KIND REWIND	kl. 5.45 - 8 - 10.15	
BE KIND REWIND LÚXUS	kl. 5.45 - 8 - 10.15		THE DIVING BELL AND THE BUTTERFLY	kl. 5.40 - 8 - 10.15	7
27 DRESSES	kl. 5.30 - 8 - 10.30		27 DRESSES	kl. 5.30 - 8 - 10.20	
JUMPER	kl. 6 - 8 - 10.10	12	BEFORE THE DEVIL KNOWS	kl. 5.30 - 8 - 10.20	16
BRÚÐGUMINN	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	7			
ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM	kl. 3.40 ÍSLENSKT TAL				

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919			BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500		
THE KITE RUNNER	kl. 6 - 9	12	BE KIND REWIND	kl. 8 - 10	
THERE WILL BE BLOOD	kl. 5.50 - 9	16	THE KITE RUNNER	kl. 8 - 10.10	12
INTO THE WILD	kl. 5.20 - 10.10	7	27 DRESSES	kl. 6	
ATONEMENT	kl. 8 - 10.30	14	BRÚÐGUMINN	kl. 6	7
BRÚÐGUMINN	kl. 5.50 - 8	7			

ÁLFABAKKA		
DARK FLOORS	kl. 6 - 8 - 10:10	14
UNDRAHUNDURINN M/- ÍSL TAL	kl. 4 - 6	L
NO COUNTRY FOR OLD MEN	kl. 6 - 8 - 10:30	16
THERE WILL BE BLOOD	kl. 5:15 - 8:30 - 10:40	16
THERE WILL BE BLOOD	kl. 5:15 - 8:30	VIP
STEP UP 2	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	7
DEATH AT A FUNERAL	kl. 4	7
P.S. I LOVE YOU	kl. 8:20	L

KRINGLUNNI		
JUNO	kl. 4 - 6:10 - 8 - 10:10	7
DARK FLOORS	kl. 8:20 - 10:30	14
UNDRAHUNDURINN M/- ÍSL TAL	kl. 4 - 6	L
STEP UP 2	kl. 8:20 - 10:30	7
SWEENEY TODD	Engin sýning í dag	16

SELFOSS		
UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL	kl. 6	7
STEP UP 2	kl. 8	7
MEET THE SPARTANS	kl. 8	L
NO COUNTRY FOR...	kl. 10:10	16
RAMBO	kl. 10:10	16
BRÚÐGUMINN	kl. 5:50	7

AKUREYRI		
UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL	kl. 6	L
JUNO	kl. 8 - 10	7
MR. MAGORIUMS	kl. 6	L
STEP UP 2	kl. 8 - 10	7

KEFLAVÍK		
NO COUNTRY FOR...	kl. 10:10	16
UNDERDOG M/ÍSL TALI	kl. 6	L
STEP UP 2: THE STREETS	kl. 8	7
P.S. I LOVE YOU	kl. 8 - 10:20	L
ÁSTRÍKUR ... M/ÍSL TALI	kl. 5:30	L

ÓSKARSMYNDIRNAR ERU Í SAMBÍÓUNUM

Brian Eno á Listahátíð í Reykjavík

Brian Eno mætir á Listahátíð í Reykjavík. Hann er einn af þátttakendum í opnunaratriði hátíðarinnar, Tilraunamaraþoninu, sem verður lifandi tilraunamennska og spilagaldrar í Hafnarhúsinu á opnunarhelgi hátíðarinnar, 15. til 18. maí. Viðburðinum má skipta í tvo hluta, annars vegar maraþon þar sem hver tilraunin rekur aðra alla opnunarhelgi Listahátíðar og hins vegar sýning á fjölda innsetninga sem stendur í Hafnarhúsinu mestan hluta sumars. Í sýningunni taka þátt listamenn, vísindamenn, arkitektar, fræðimenn og hugsuðir, en stjórnandi Tilraunamaraþonsins er Hans Ulrich Obrist og meðstjórnandi Ólafur Elíasson.

Brian Eno er tvímælalaust með merkustu núlifandi tónlistarmönnum. Raftónlistin hefur alltaf verið hans aðal og hann hefur oftast verið langt á undan sinni samtíð. Eftir listaskólanám spilaði hann á hljóðgervil með Roxy Music og vakti athygli fyrir djarft útlit. Hann einbeitti sér að sólóferlinum eftir að hann spilaði með Roxy Music á tveimur fyrstu plötum bandsins. Mínímalísk nálgun hans á viðfangsefninu varð til þess að hann skóp einn og óstuddur hina svokölluðu ambient-tónlist. Eno er líka einn eftirsóttasti upptökustjóri rokksins enda er ferilskrá hans á þeim vettvangi rosaleg. Hann gerði Berlínar-tríólógíuna svokölluðu með David Bowie, tók upp tilraunakenndustu plötur Talking Heads og gerði fjórar plötur með U2, þar á meðal The Unforgetable Fire og The Joshua Tree. Eno vinnur nú með U2 að tólftu stúdíóplötu sveitarinnar auk þess að vera maðurinn á bakvið takkana á næstu plötu Coldplay, sem nú er í upptökum. Það er ljóst að allir tónlistarnördar landsins munu flykkjast í Hafnarhúsið í maí til að berja þennan snilling augum. **- glh**

MÆTIR Á LISTAHÁTÍÐ Brian Eno er snillingur.

Verslingar í hefndarhug

Lið Menntaskólans í Reykjavík og Verzlunarskóla Íslands mætast í átta liða úrslitum Gettu betur í Smáralind í kvöld. Skólarnir hafa í gegnum tíðina ekki verið þekktir fyrir sérstakan hlýhug sín á milli, og má þykja ljóst að hans verði ekki heldur vart í kvöld.

Árni Már Þrastarson, formaður Nemendafélags Verzlunarskóla Íslands og meðlimur í Gettu betur liðinu, sagði liðið vel stemmt fyrir kvöldið. „Þetta eru erfiðir andstæðingar, en við erum ekkert hræddir við það. Það er langskemmtilegast að mæta erfiðum andstæðingum," segir Árni. Með honum í liðinu sitja þeir Stefán Þórsson og Finnur Ágúst Ingimundarson. „Ég held að MR hafi alltaf unnið þegar þessir skólar mætast, en við ætlum að snúa því við núna," segir Árni, sem segir stemninguna í skólanum afar góða. „Menn eru líka í hefndarhug eftir að við töpuðum fyrir MR í Morfís," bætir hann við.

Eins og við má búast eru MR-ingar ekki á sama máli, en lið skólans í ár skipa þeir Björn Reynir Halldórsson, Magnús Þorlákur Lúðvíksson og Vignir Már Lýðsson. „Við ætlum að innsigla þrjú núll sigur á Versló," segir Björn Brynjúlfur Björnsson, Inspector Scholae í MR. „Við unnum þá í Morfís og á MR-VÍ deginum, sem er þemavika sem nær hámarki með ræðukeppni á föstudegi. Gettu betur er síðasta stóra keppnin," útskýrir Björn. Skólinn hefur unnið Gettu betur fjórtán sinnum frá upphafi og segir Björn stefnuna vera að hækka töluna upp í fimmtán í ár. „Það er samt ekkert gefið í þessu og þeir eru mjög verðugir andstæðingar."

INNSIGLA ÞREFALDAN SIGUR? Lið MR skipa þeir Björn Reynir, Magnús Þorlákur og Vignir Már. Ef þeir vinna í kvöld innsiglar MR þrefaldan sigur yfir Versló á skólaárinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í HEFNDARHUG Þeir Árni Már, Stefán og Finnur Ágúst ætla sér sigur í viðureigninni í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Valgeir ríður á vaðið

„Þetta er mjög djúpstæð reynsla og áhrifamikil,“ segir tónlistarmaðurinn Valgeir Guðjónsson sem verður spyrill og dómari í Pop-Quiz-spurningakeppni sem verður haldin í fyrsta sinn á Organ í kvöld klukkan 18.

„Maður þarf að leggast í svolitla rannsóknarvinnu. Ég blanda saman mínum eigin gagnabanka og gagnabanka veraldarvefsins,“ segir hann um spurningarnar sem hann útbjó. Þetta er í fyrsta sinn sem Valgeir tekur þátt í keppni sem þessari og hlakkar hann mikið til. „Þetta er skemmtilegt tækifæri og ég hlakka til að fá að upplifa þetta alveg í gini ljónssins,“ segir hann og er síður en svo taugatrekktur. „Það hjálpar manni yfirleitt aldrei að vera nervus.“

Spurður hvort keppendur þurfi að vera sérfræðingar í sögu Stuðmanna segir hann það ekki nauðsynlegt og hann segist heldur ekki gera sér grein fyrir því hversu erfiðar spurningarnar eru. „Ég hef ekkert viðmið því ég hef aldrei séð þetta áður en ég hugsa að sumar spurningarnar þyki sérkennilegar.“

Valgeir hefur haft öðrum hnöppum að hneppa en tónlistariðkun undanfarið þó svo að hann hafi á dögunum samið grípandi lag fyrir Geymslu-auglýsinguna. Leit hann því á það sem góða tilbreytingu að taka þátt í Pop-Quiz, sem hann segir skemmtilegt tiltæki.

VALGEIR GUÐJÓNSSON Stuðmaðurinn Valgeir varar keppendur við sérkennilegum spurningum.

Nýr spyrill mun semja spurningar í hverri viku á Organ og í fótspor Valgeirs munu á næstunni feta þau Ágúst Bogason útvarpsmaður, og blaðamennirnir Helga Þórey og Steinþór Helgi. **- fb**

Óharðnaðir unglingar

Nýr heimur bíður Juno þegar hún þarf að leysa vandamál sem hún hefur ekki þurft að kljást við áður: Hún er ólétt eftir besta vin sinn og hvorugt þeirra hefur þroska til þess að leysa vandamálið án stuðnings góðra vina og hvors annars.

Juno er lítil sjálfstæð framleiðsla í leikstjórn Jason Reitman, sem er hérna að leikstýra annari kvikmynd sinni. Handrit myndarinnar er frumraun fatafellunnar og bloggarans Diablo Cody. Hér er á ferðinni hjartnæm og falleg mynd – litla myndin sem gat. Myndin hlaut á dögunum fjórar Óskarstilnefningar, þ.á.m. fyrir bestu mynd, leikstjórn og handrit, og hlaut styttuna fyrir það síðastnefnda.

Jason Reitman, sonur leikstjórans Ivans Reitman, leikstýrði hinni ágætu satíru Thank You For Smoking fyrir nokkrum árum. Hann kemur sterkur inn ásamt Judd Apatow og félögum í nýja bylgju af þroskuðum gamanmyndum þar sem handrit og góður leikur hefur tekið stakkaskiptum frá gamanmyndum síðastliðinna ára. Handrit Juno er einstaklega hnyttið og skemmtilegt, og orðaleikir Codys eru afar vel skrifaðir og skemmir ekki fyrir skrautlegur orðaforði sem kemur sífellt á óvart. Ýmsar tilvísanir í poppmenningu á borð við Thundercats og leikstjórann Dario Argento passa vel inn í myndina.

Ungstirnið Ellen Page fer hreint á kostum sem hin 16 ára ólétta Juno. Allir taktar og stælar mætti halda að væru Page eins eðlilegir og að anda; hún fer með þvílíkt ferskar og skrautlegar, óþvingaðar setningar sem maður gæti haldið að væru skáldaðar á staðnum. Þrátt fyrir að látast vera hörð af sér er Juno óharnaður unglingur með hjartað á rétt um stað, og tekst Page frábærlega að koma því til skila. Faðir barnsins, Bleeker, er leikinn af Michael Cera sem sumir hverjir þekkja úr þáttunum Arrested Development. Líkt og þar, sem og í myndinni Superbad, leikur Cera sams konar vandræðalegan en fyndinn aula. Það er svo alltaf jafn ánægjulegt að sjá Jason Bateman í góðri rullu en hann lék einmitt föður Cera í Arrested Development. Aðrir leikarar á borð við Jennifer Garner, Rainn Wilson og þá sérstaklega J.K. Simmons standa sig vel.

Tónlistin í myndinni er frábær; frá upphafslaginu til lokalagsins sem slær þægilega botninn í myndina. Frumleg og sjaldheyrð „indie“ tónlist fer myndinni mjög vel.

Þær eru ekki margar sem leyna á sér jafn mikið og Juno, og í raun er hún ekki ólík Little Miss Sunshine sem kom fyrir rúmu ári; hugljúf og falleg mynd sem slær á létta strengi en hefur þroskaða sögu í fyrirrúmi. **Vignir Jón Vignisson - Topp5.is**

KVIKMYNDIR

Juno

Leikstjóri: Jason Reitman. Aðalhlutverk: Ellen Page, Michael Cera.

★★★★

Hugljúf og falleg mynd á léttum nótum. Frábær leikur unglinganna og gott handrit gerir þessa mynd ógleymanlega.

5 MÁLSHÆTTIR SEM FRIÐRIK ÓMAR HEFÐI LÍKA GETAÐ KLÚÐRAÐ

1. Oft steypir lítil þúfa þungu hlassi

„Ég meina sko, þetta var til-einkað barþjóni sem var dónalegur við mig sko, eh...“

2. Eigi er kálhausinn sopinn þótt í ausuna sé kominn

„Nei nei, ekki þeir sko, strákarnir, heldur sko, einhver sem kallaði mömmu mína ljótum nöfnum...“

3. Sá hlær langbest sem síðast hlær

„Þetta var nú bara sagt í hita augnabliksins, sko, um, sko, búningana hjá Dr. Spock...“

4. Dramb er við hliðina á falli

„Ha, Valli Sport? Nei nei, ég var að tala um sko, þarna, stelpu sem hrækti í áttina að Regínu...“

5. Auðkenndur er asninn á tunnunum

„Æi, ég meinti... sko, það voru dónalegir strákar á aftasta bekk sem ulluðu á mig...“

> Ragna aftur upp um eitt sæti

Bamdintonkonan Ragna Ingólfsdóttir hækkar sig upp um eitt sæti á nýjum heimslista Alþjóða badmintonsambandsins og er komin í 54. sæti listans, en þetta var annað skiptið í röð sem hún fer upp um eitt sæti. Ragna er í 19.sæti yfir bestu einliðaleikskonur í Evrópu og staða hennar með tilliti til Ólympíuleika er mjög góð. Það er hinsvegar heimslistinn 1. maí sem segir til um hverjir keppa í Peking næsta haust en það er ljóst að Ragna ætti að komast þangað haldi hún uppteknum hætti.

sport
sport@frettabladid.is

BJARNÓLFUR LÁRUSSON: EKKI ENN BÚINN AÐ SEMJA VIÐ KR OG ÆTLAR EKKERT AÐ GEFA SIG Í VIÐRÆÐUNUM

Til í að sitja áfram í tvö ár ef á þarf að halda

Enn hefur ekki fengist lausn í máli Bjarnólfs Lárussonar og KR. Bjarnólfi var tilkynnt í nóvember að hann væri ekki í plönum Loga Ólafssonar, þjálfara KR, og í kjölfarið var ákveðið að semja um starfslok sem og að Bjarnólfur íhugaði að leggja skóna á hilluna. Bjarnólfur segir að samningaviðræðum miði afar hægt en málið kom upp í nóvember síðastliðnum.

„Þeim miðar afar hægt. Ég heyri í KR annað slagið. Ég kíki ekkert daglega á einkabankann og athuga hvort þeir séu búnir að leggja inn og sé það ekkert endilega gerast alveg strax," sagði Bjarnólfur léttur en hann segir engin leiðindi vera í málinu þó svo að það taki sinn tíma.

„Nei, alls ekki, og ég á ekki von á því Þetta verður leyst í góðu og engar harðar kröfur. Menn verða bara að standa við sitt. Ég á tvö ár eftir og vil fá eitthvað af því. Það er alveg ljóst," sagði Bjarnólfur en hvað finnst honum um þá sem segja að hann eigi ekki að fá neitt þar sem hann sé ekkert að spila?

„Ég er þá bara alveg tilbúinn að vera áfram. Það er tvennt í stöðunni fyrir mig; að vera áfram hundfúll í tvö ár og slæm fyrirmynd fyrir ungviðið eða losa mig út svo allir fari sáttir frá borði. Þetta er einfalt mál fyrir mér. Ég get alveg verið þarna í tvö ár og byrjað að æfa aftur en ég held að það sé ekki góð reynsla af því hjá KR að láta menn hanga þegar þeir eru dottnir út," sagði Bjarnólfur en hann vill gjarna fara að ljúka málinu. „Ég hefði viljað gera það í nóvember."

Bjarnólfur hefur ekkert verið að æfa síðan málið kom upp og hann segist ekki sakna fótboltans.

„Það er bara fínt að vera ekkert í boltanum lengur og ég sakna boltans ekkert enn sem komið er. Síðustu ár voru ekkert svakalega skemmtileg og ég get ekki neitað því að ánægjan af því að spila fótbolta hafði farið minnkandi. Ég er vissulega hættur eins og stendur og það kæmi mér verulega á óvart ef það breyttist eitthvað ef ég á að segja alveg eins og er," sagði Bjarnólfur að lokum.

STEVEN GERRARD Ekki sáttur við tímabilið. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Steven Gerrard vonsvikinn:

Óglatt þegar ég sé stigatöfluna

FÓTBOLTI Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, á erfitt með að leyna vonbrigðum sínum með gengi Liverpool í ensku úrvalsdeildinni í vetur. Liverpool er sautján stigum á eftir toppliði Arsenal og er í mikilli baráttu um fjórða sætið sem gefur þátttökurétt í Meistaradeildinni á næstu leiktíð.

„Mér verður hálfóglatt þegar ég sé stigatöfluna og bilið sem er á milli okkar og Arsenal. Ég er orðinn þreyttur á að segja sama hlutinn hvað eftir annað," sagði Gerrard en Liverpool hefur ekki orðið enskur meistari síðan 1990.

„Við töldum okkur hafa mannskapinn til þess að berjast um titilinn en það er sá bikar sem við vildum mest allra. Ég tel okkur reyndar enn hafa mannskapinn til þess að gera mun betur," sagði Gerrard svekktur.

- hbg

Held að KR sé búið að ákveða að selja mig

Jóhann Þórhallsson býst ekki við því að eiga framtíð fyrir sér hjá KR. Nokkur félög hafa gert tilboð í framherjann og Fram er talið koma sterklega til greina. KR-ingar eru á höttunum eftir dönskum miðjumanni í stað sóknarmanns.

FÓTBOLTI Framherjinn Jóhann Þórhallsson segist ekki vera inni í myndinni hjá Loga Ólafssyni, þjálfara KR, og býst ekki við að eiga framtíð hjá félaginu. Tækifæri hans hafa verið af skornum skammti og sjálfur segist hann vilja vera hjá liði þar sem hann fái að spila. Keflavík, Grindavík og Fram eru á meðal þeirra liða sem hafa borið víurnar í Jóhann.

„Ég veit voðalega lítið hver staðan er en ég hef heyrt um áhuga einhverra félaga. Ég mun ræða við KR-inga um mín mál fljótlega," sagði Jóhann við Fréttablaðið í gær. Baldur Stefánsson, stjórnarmaður hjá KR-Sporti, staðfesti að KR hefði fengið einhver tilboð í Jóhann. Hann sagði að ef Jóhann ætti að fara þyrfti að ganga saman kaupverð sem og áhugi leikmannsins á að ganga til liðs við viðkomandi félag. Það hefði ekki enn gerst.

„Mér finnst eins og ég sé ekki inni í myndinni og er því að skoða mína stöðu. Mér finnst ég aldrei hafa fengið almennileg tækifæri. Ég tel mig vera framherja fyrst og fremst. Ég var inn og út úr liðinu í fyrra og hef lítið fengið að spila í vetur. Ég held að KR sé búið að ákveða að selja mig," sagði Jóhann, sem hefur rætt málið við þjálfara liðsins.

„Ég hef aðeins rætt við Loga og hann segir félagið vera með of marga framherja en sagðist ekkert vera búinn að ákveða hvaða leikmenn hann vildi láta fara. Hann fékk þau skilaboð að hann þyrfti að losa mann í einhverri stöðu til að fá miðjumann. Ég er örugglega ofarlega á þeim lista og þá kannski sérstaklega þar sem það eru komin tilboð í mig," sagði Jóhann en Rúnar Kristinsson, yfirmaður knattspyrnumála hjá KR, kom einmitt frá Danmörku á miðvikudag þar sem hann var að skoða 28 ára gamlan danskan miðjumann.

Rúnar vildi ekkert láta hafa eftir sér með möguleikann á að Daninn gengi í raðir KR, sagði málið á byrjunarstigi. Hann sagði þó leikmanninn álitlegan og að hann hefði tjáð sér að hann vildi breyta til og væri opinn fyrir því að koma til Íslands.

Jóhann segir að ekki komi til greina að leika með liðum utan höfuðborgarsvæðisins.

„Það gengur ekki upp með Grindavík og Keflavík vegna vinnunnar minnar. Annars kemur flest annað til greina hjá mér. Mér litist mjög vel á Fram. Ég tel mig ekki eiga mikla framtíð hjá KR. Hjá mér snýst málið fyrst og fremst um að fá að spila fótbolta," sagði Jóhann Þórhallsson.

henry@frettabladid.is

Á FÖRUM FRÁ KR? Jóhann Þórhallsson er að öllum líkindum á leið úr Vesturbænum. Ekki er ólíklegt að hann spili með Óðni Ásgeirssyni og félögum í Fram næsta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Vandræði hjá Liverpool:

Carragher handtekinn

FÓTBOLTI **Jamie Carragher, varnarmaður Liverpool, var handtekinn og síðan sleppt með viðvörun eftir að hafa lent í útistöðum við mann úti í vegarkanti.**

Carragher var á leið á æfingu þegar eitthvað kom upp sem síðar leiddi til þess að maðurinn sem hann lenti í útistöðum við kærði varnarmanninn.

Talið er að Carragher hafi hrækt á manninn eða stjakað við honum. **- hbg**

1. deild karla í körfubolta:

Pétur tekur við Ármanni/Þrótti

KÖRFUBOLTI Pétur Ingvarsson hefur snúið aftur í þjálfun því hann hefur tekið við 1. deildarliði Ármanns/Þróttar af Gunnlaugi Elsusyni sem mun einbeita sér að spilamennsku með liðinu. Þetta kom fyrst fram á Karfan.is.

Pétur lét af störfum hjá Hamri fyrr í vetur eftir að hafa þjálfað liðið í heilan áratug en mun nú stjórna Ármanni/Þrótti í tveimur síðustu deildarleikjunum og svo í úrslitakeppninni.

Ármann/Þróttur er eins og er í 4. sæti deildarinnar en liðin í sætum 2 til 5 komast í úrslitakeppnina þar sem í boði er eitt sæti í Iceland Express-deildinni.

- óój

NÆSTUM NÝIR PAJERO JEPPAR

MITSUBISHI MOTORS | HEKLA

Opið 10-18 virka daga og 10-14 laugardaga

Laugavegi 174 | sími 590 5040 | www.bilathing.is
Kletthálsi 11 | sími 590 5040 | bilathing@bilathing.is

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

FordEscape AWD

Auktu öryggi þitt. Kynntu þér nýja SoundScreen tækni Ford Escape.

Nýtt tákn um gæði

FORD ESCAPE AWD
5 dyra, sjálfskiptur
Verð frá 3.390.000 kr.*

Nýr Ford Escape. Auka þögn.

Hljóð eru þrýstingsbylgjur sem berast í gegnum efni. Sífellt áreiti á hljóðhimnurnar geta valdið þreytu og hættu í umferðinni. Horfðu á hljóð sem öryggisatriði. Auktu öryggi þitt. Kynntu þér nýja **Sound-Screen** tækni Ford Escape. Komdu í Brimborg – þar sem orðið hljóð merkir einnig þögn. Veldu Ford Escape AWD í dag.

visthæf skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

Spurðu um hvað fyrirmyndarþjónusta Brimborgar þýðir fyrir þig

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bíll á mynd er Ford Escape Limited með krómpakka. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

GCI GROUP

ÚRSLITIN Í GÆR

Iceland Express-deild karla:

Fjölnir-Snæfell 61-114 (31-60)
Stig Fjölnis: Anthony Drejaj 13, Kristinn Jónasson 12, Tryggvi Pálsson 8, Þorsteinn Sverrisson 6, Níels Páll Dungal 6, Árni Þór Jónsson 5, Valur Sigurðsson 4, Ægir Þór Steinarsson 4 Sean Knitter 3.
Stig Snæfells: Justin Shouse 24 (8 stoðs.), Jón Ólafur Jónsson 17 (7 frák., 17 mín.), Slobodan Subasic 12, Hlynur Bæringsson 12 (17 frák.,22 mín.), Magni Hafsteinsson 10, Árni Ásgeirsson 10, Sigurður Þorvaldsson 8, Guðni Valentínusson 7, Daníel A. Kazmi 5 (10 frák. á 7 mín.), Atli Rafn Hreinsson 5 , Sveinn A. Davíðsson 4 (6 stoðs á 14 mín.).

Grindavík-ÍR 105-107 (94-94)(52-48)
Stig Grindavíkur: Páll Axel 39, Jonathan Griffin 26, Páll Kristinsson 12, Adam Darboe 10, Þorleifur Ólafsson 9, Igor Beljanskji 8
Stig ÍR: Nate Brown 31, Tahirou Sani 24, Sveinbjörn Claessen 21, Ólafur Sigurðsson 15, Eiríkur Önundarson 6, Þorsteinn Húnfjörð 6, Steinar Arason 4

Skallagrímur-Þór Ak. 83-88

Tindastóll-Njarðvík 87-96 (48-51)
Stig Tindastóls: Philip Perre 25, Joshua Buettner 19, Svavar A. Birgisson 14, Samir Shaptahovic 12, Ísak S. Einarsson 8, Serge Poppe 5, Halldór Halldórsson 4.
Stig Njarðvíkur: Damon Bailey 28, Brenton J. Birmingham 26, Hörður Axel Vilhjálmsson 15 (9 stoðs.), Sverrir Þór Sverrisson 11, Friðrik E. Stefánsson 10, Daníel G. Guðmundsson 3, Jóhann Á. Ólafsson 2, Guðmundur Jónsson 1.

N1-deild kvenna:

Valur-Akureyri 38-22 (18-12)
Mörk Vals: Íris Ásta Pétursdóttir 7, Hafrún Kristjánsdóttir 6, Kristín Guðmundsdóttir 5, Éva Barna 4, Ágústa Edda Björnsdóttir 4, Katrín Andrésdóttir 3, Kristín Collins 3, Dagný Skúladóttir 2, Rebekka Skúladóttir 2, Anna María Guðmundsdóttir 1, Sigurlaug Rúnarsdóttir 1.
Mörk Akureyrar: Ester Óskarsdóttir 6, Auður Ómarsdóttir 4, Inga Dís Sigurðardóttir 4, Anna Teresa Morales 3, Þórsteina Sigurbjörnsdóttir 2, Jóhanna Tryggvadóttir 1, Lilja Þórisdóttir 1, Monika Rukorska 1.

Reykjavíkurmótið í fótbolta:

Fram-ÍR 0-1
0-1 Jón Hafsteinn Jóhannsson (93.).

Meistarad. í körfubolta:

AXA FC Barcelona-Lottomatica Roma 86-57
Jón Arnór Stefánsson lék í 15 mínútur með Roma og tók 4 fráköst en náði ekki að skora.

FÖGNUÐUR Baldvin Jón Hallgrímsson, fyrirliði ÍR, heldur sigurlaununum hátt á lofti í leikslok í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Reykjavíkurmót karla í fótb.:

ÍR meistari í fyrsta sinn

FÓTBOLTI ÍR sigraði Fram 1-0 í úrslitaleik Reykjavíkurmótsins í Egilshöll í gærkvöld.

Jón Hafsteinn Jóhannsson skoraði eina mark leiksins í uppbótartíma. Þetta var fyrsti Reykjavíkurmótstitill ÍR í sögu félagsins og jafnframt í fyrsta skipti sem liðið lék til úrslita í keppninni.

Ekki er þó fyrirséð hvort úrslit leiksins í gær muni standa þar sem samkvæmt heimasíðu Vals þá ákvað félagið í gær að áfrýja úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þess efnis að úrslit leiks Vals og KR í Reykjavíkurmótinu hinn 14. febrúar síðastliðinn skyldu standa óbreytt. KR vann leikinn eins og kunnugt er 0-4 en Valur heldur því fram að Vesturbæjarliðið hafi teflt fram ólöglegum leikmanni og því skuli Val dæmdur 3-0 sigur. Ef Val yrði á endanum dæmdur sigur hefði liðið réttilega átt að spila til úrslita í gær í stað ÍR. - óþ

Dagur Sigurðsson, fyrrverandi landsliðsfyrirliði, tekur að öllu óbreytttu við landsliði Austurríkis á næstunni:

Vinnuumhverfi þjálfara annað og betra

HANDBOLTI Dagur Sigurðsson tilkynnti í viðtali við í íþróttaþættinum Utan vallar á Sýn í gærkvöld að hann muni að öllu óbreyttu taka að sér þjálfun landsliðs Austurríkis í handbolta á næstunni en hann neitaði þjálfarastarfinu hjá íslenska landsliðinu.

„Ég var í viðræðum við austurríska handknattleikssambandið á sama tíma og ég ræddi við hið íslenska og kom því hreint fram við HSÍ í þeim málum. Vinnuumhverfið sem mér bauðst í Austurríki var allt annað og betra og hentaði mér betur," sagði Dagur sem heldur áfram sem framkvæmdarstjóri Vals ef hann tekur við austurríska landsliðinu.

„Ég hef oft verið sagður hafa tekið skrýtnar ákvarðanir á handboltaferli mínum en þetta hefur spilast vel fyrir mig hingað til. Verkefni mitt hjá Austurríki verður að móta lið sem tekur þátt á EM 2010 og það er því spennandi uppbyggingarstarf framundan," sagði Dagur sem stefnir þó að því að þjálfa íslenska liðið í framtíðinni.

„Ég mun þjálfa Ísland einhvern tímann," sagði Dagur í Utan vallar í gær - óþ

TIL AUSTURRÍKIS Dagur Sigurðsson tekur líklega við austurríska landsliðinu á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Háspennuleikur í Röstinni

ÍR gerði góða ferð til Grindavíkur í Iceland Express-deild karla í gærkvöld og vann mikilvægan 105-107 sigur í æsispennandi framlengdum leik.

KÖRFUBOLTI Grindavík og ÍR buðu upp á sannkallaðan háspennuleik í Grindavík í kvöld er liðin áttust við í Iceland Express-deildinni í körfuknattleik. ÍR-ingar gáfust aldrei upp þrátt fyrir dökkt útlit á köflum í leiknum og sigruðu einstaklega dýrmætan sigur, 107-105, í framlengdum leik.

Mikið jafnræði var með liðunum á upphafsmínútum leiksins. Páll Axel, leikmaður Grindavíkur, var heitur í þristunum og setti tvo niður snemma í leikhlutanum. Staðan var 16-16 eftir rúmar 5 mínútur og mikið fjör á vellinum. Páll Axel bætti tveim þristum til viðbótar áður en leikhlutinn var allur og leiddu heimamenn 30-24. Grindavík byrjaði annan leikhluta virkilega vel með þá Pál Axel og Jonathan Griffin í fararbroddi og komust í 42-32 eftir fjórar mínútur en ÍR-ingar komu sterkir til baka og minnkuðu muninn í fjögur stig, 47-43, en þá tók Friðrik Ragnarsson, þjálfari Grindavíkur, leikhlé. Lið skiptust á að skora fram að hálfleik og var staðan eftir tvo leikhluta 52-48 fyrir Grindavík.

Þriðji leikhluti var bráðskemmtilegur. Liðin skiptust á að leiða leikinn, glæsileg tilþrif litu dagsins ljós sem og vafasamir dómar. Grindavík var samt sem áður með undirtökin og voru fjórum stigum yfir, 75-71, þegar síðasti leikhlutinn hófst. Í hvert einasta sinn sem Grindavík var búið að byggja upp forskot komu gestirnir ávallt til baka og gerðu heimamönnum lífið leitt með baráttu sinni. Spennan á lokasekúndunum var hroðaleg og jafnaði Nate Brown leikinn fyrir ÍR 94-94 og rúmlega tvær sekúndur eftir af leiknum. Adam Darboe átti lokaskotið sem geigaði og því framlenging staðreynd.

Framlengingin var skemmtun af bestu gerð. Liðin skiptust á að skora og þegar átta sekúndur voru eftir af henni var staðan 107-105 fyrir ÍR og Grindavík með boltann. Lokaskotið fór í súginn og ÍR sigraði í frábærum leik.

MIKILVÆGUR SIGUR ÍR-ingar gáfust aldrei upp gegn Grindavík í gær og uppskáru mikilvægan sigur í hörkuspennandi framlengdum leik. VÍKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN

Páll Axel Vilbergsson var yfirburðamaður hjá Grindavík í kvöld og hann var ekki sáttur í leikslok.

„Þetta er alveg ótrúlegt. Ég ætla alls ekki að segja allt sem ég er að hugsa en þetta var einfaldlega dapurt. Við erum með betra lið en ÍR en svo virðist vera að við séum alltaf í jöfnum leikjum. Eflaust myndum við leika jafnan leik við Reyni Sandgerði, með fullri virðingu fyrir þeim."

Eiríkur Önundarson var mun sáttari heldur en Páll Axel af eðlilegum ástæðum.

„Þetta var frábært alveg. Við gefumst aldrei upp og þegar við náum að halda haus allan leikinn þá erum við full keppnisfærir. Veturinn hefur ekkert verið spes hjá okkur en við ætlum að reyna að mjaka okkur upp töfluna. Leikurinn í kvöld sýndi það að við gefumst aldrei upp og leggjum okkur fram í þau verkefni sem við tökum að okkur." -höþ



ÖFLUGUR LeBron James er að slá hvert metið á fætur öðru. NORDICPHOTOS/GETTY

LeBron James í 10.000 stig:

Bætti met Kobe um meira en ár

KÖRFUBOLTI LeBron James hefur verið duglegur að koma sér í metabækurnar í NBA-deildinni í körfubolta og ekki síst fyrir það að ná hinum ýmsu áföngum fyrstur þegar litið er á aldur leikmanna.

James varð í fyrrinótt yngsti leikmaðurinn til þess að skora 10 þúsund stig í NBA-deildinni en hann náði því í 87-92 tapleik gegn Boston. James meiddist í fyrri hálfleik og þurfti að yfirgefa völlinn en sneri til baka og skoraði 26 stig sem dugðu þó skammt.

James bætti met Kobe Bryant um meira ein ár en James er einnig sá yngsti til þess að skora 50 stig í leik, ná þrefaldri tvennu og skora yfir 30 stig að meðaltali á tímabili. - óój

YNGSTIR TIL ÞESS AÐ SKORA 10.000 STIG:

LeBron James	23 ára, 59 daga
Kobe Bryant	24 ára, 194 daga
Tracy McGrady	24 ára, 272 daga
Bob McAdoo	25 ára, 147 daga
Shaquille O'Neal	25 ára, 341 daga
Michael Jordan	25 ára, 343 daga
K. Abdul-Jabbar	25 ára,343 daga

Þórsarar unnu óvænt í Borgarnesi og stigu stórt skref í átt að úrslitakeppni Iceland Express-deildarinnar.

Bikarmeistarar Snæfells léku sér að Fjölni

KÖRFUBOLTI Bikarmeistarar Snæfells voru komnir niður á jörðina eftir bikarsigurinn á sunnudaginn og unnu ótrúlegan 53 stiga sigur á Fjölni, 61-114, í Grafarvoginum í gær. Þórsarar stigu á sama tíma stórt skref í átt að úrslitakeppninni með óvæntum 83-88 sigri á Skallagrími í Borgarnesi.

Snæfell vann Fjölni í bikarúrslitaleiknum á dögunum með 23 stiga mun en það var aldrei í spilunum að Fjölnismenn biru eitthvað meira frá sér í gær. Snæfell var 13 stigum yfir eftir fyrsta leikhluta, 19-32, 29 stigum yfir í hálfleik, 31-60, og var komið 38 stigum yfir fyrir lokaleikhlutann, 47-85. Þar fengu ungu strákarnir að njóta sín og bættu bara í en sérstaka athygli vakti Daníel Ali Kazmi sem tók 10 fráköst á aðeins 7 mínútum. Það mætti halda að Hlynur Bæringsson væri með hann í læri en Hlynur var sjálfur með 17 fráköst á 22 mínútum.

Snæfellsliðið er farið að vinna eins og vel smurð vél og það skipti engu þótt hetja bikarúrslitaleiksins, Sigurður Þorvaldsson, hafi kólnað niður frá bikarúrslitaleiknum.

Fjölnismenn eru því komnir hálfa leið niður í 1. deild og eiga aðeins tölfræðilega möguleika á að halda sér uppi. Þeir hafa tapað tveimur síðustu heimaleikjum sínum með samtals 98 stiga mun og það er ljóst að öll trú á að bjarga sér er farin úr Grafarvoginum.

LÉTT Gunnlaugur Smárason sækir hér að körfu Fjölnismanna en Þorsteinn Sverrisson er til varnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bárður Eyþórsson leyfði íslensku leikmönnunum að spila seinni hálfleikinn og lét útlendingana Sean Knitter og Anthony Drejaj sitja skömmustulega á bekknum. Knitter lét Hlyn Bæringsson pakka sér saman annan leikinn í röð og Hlynur vann hann samtals 20-15 í stigum og 35-6 í fráköstum í þessum leikjum.

Hrafn Kristjánsson, þjálfari Þórs á Akureyri, er greinilega að koma með sína menn upp á réttum tíma því Akureyrarliðið er búið að vinna þrjá af síðustu fjórum leikjum sínum. - óój

FERMINGARPAKKINN FÆST HJÁ ATT.IS

VIÐ ERUM OG VERÐUM ALLTAF ÓDÝRARI!!

att.is ER MEÐ FRÁBÆR FERMINGARTILBOÐ. ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF ÞESSU!!

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

INTEL TÖLVUPAKKI 3

- 2.66GHz Intel Core2Duo E6750
- 2GB DUAL DDR2 XMS 800MHz
- 500GB WD SATA2 - 16MB
- 512MB Geforce NX8600GT
- 22" Acer skjár, 5ms DVI
- Windows Vista Home Premium

119.950

INTEL TÖLVA 1

- Intel Core2Duo E2180
- 1GB DDR2 667MHz
- 160GB SATAII WD - 8MB
- 256MB Geforce 7100
- Vista Home Basic

@tt.is

49.950

AMD TÖLVA 2

- X2 DualCore 4600+
- 2GB DDR2 667MHz
- 320GB SATAII WD - 16MB
- 512MB Geforce NX8500GT
- Vista Home Premium

@tt.is

69.950

TURNUPPFÆRSLA 4

- Intel Core2Duo E6750
- 2GB DUAL DDR2 667MHz
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 512MB Geforce NX8600GT

64.950

ACER 22" AL2216WBD

Acer 22" viewable AL2216WBD TFT LCD, svartur breiðtjaldsskjár 1680x1050 í upplausn, 700:1 í skerpu, 5ms

acer 23.950

ACER 20" AL2051WB



Hágæða 20" Gamers LCD Crystalbrite tölvuskjár með 1680x1050 upplausn, 1000:1 í skerpu og 2ms

acer 27.950

LOGITECH MX518

Logitech MX518 Gaming Grade Optical mús stórglæsileg og þægileg með fullt af flýtitökkum

Logitech 5.450

LOGITECH LX710

Logitech LX710 þráðlaust lyklaborð með flýtihnöppum, ábrenndir ísl. stafir. Þráðlaus geislamús fylgir

Logitech 7.950

INTEL TÖLVA 5

- 2.4GHz Intel Core 2 Quad Q6600
- 4GB DUAL DDR2 XMS 800MHz
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 512MB Geforce NX8800GT
- Vista Home Premium

@tt.is

124.950

500GB ICYBOX

500GB IcyBox margmiðlunar-spilari m. LCD skjá, spilar kvikmyndir og tónlist fullkomin fjarstýring fylgir.

21.950

SAROTECH DVP370

Sarotech margmiðlunar-spilari fyrir SATA harða diska spilar kvikmyndir og tónlist án tövu. Fjarstýring fylgir.

15.750

ACER ASPIRE 5520-40



- 1.9Ghz AMD Turion64 X2
- 2GB DUAL DDR2 667MHz
- 160GB SATA 5400rpm
- 256MB DDR Geforce 8400 GS
- 15.4" CrystalBrite skjár

acer 89.950

LOGITECH Z4



Logitech Z-4 hátalarkerfi 40W RMS, 2 öflugir hátalarar, fjarstýring og risa bassabox

Logitech 13.950

SANDISK 2GB MP3

Flottur 2GB MP3 spilari frá Sandisk, getur tekið upp tal, kemur með snúru um hálsinn og heyrnartólum

5.950

500GB MY BOOK

Nýr og enn betri My Book utanáliggjandi diskur frá WD tengist í USB2. Tilbúin til notkunnar.

WD Western Digital 14.750

160GB WD PASSPORT

Lítill og nettur utanáliggjandi diskur frá WD tengist í USB2. Tilbúin til notkunnar.

WD Western Digital 12.950

SENNHEISER HD-202

Öflug Sennheiser HD-202 heyrnartól. Frábær hljómur, frábært verð

2.750

2GB MINNISLYKILL



Corsair 2GB Usb lykill vatnsþéttur, höggþolinn og með 10 ára ábyrgð

1.950

ACER ASPIRE 7720-60

- 2.2GHz Intel Core 2 Duo T7500
- 2GB DUAL DDR2 667MHz
- 320GB, SATA 5400rpm
- 256MB DDR Geforce 8400
- 17" CrystalBrite skjár

acer 144.950

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

dagskrá

> Jessica Alba

Jessica Alba sem verður 27 ára á þessu ári er í frí frá leiklistinni eins og stendur. Hún og kærastinn hennar Cash Warren eiga von á barni sem á að fæðast í byrjun sumars. Jessica Alba leikur í kvikmyndinni Into the Blue sem er sýnd í kvöld á Stöð 2 kl. 22.25.

VIÐ TÆKIÐ: JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON FÆR KVEF YFIR EVRÓPSKUM ÞÁTTUM

Rigningin í Evrópu og brosið hennar Evu

Ég verð að viðurkenna það að ég hef ósköp lítinn áhuga á evrópsku sjónvarpsefni yfirleitt. Það er sama hvað þessir dönsku og bresku sakamálaþættir eru lofsamaðir, mér tekst bara ekki að horfa á þá. Þó hef ég gert nokkrar tilraunir til þess en ávallt fundist ég verða blautur og kvefaður af allri rigningunni og grámyglunni sem skipar stórt hlutverk í þessum þáttum. Ég næ lurðunni ekki úr mér fyrr en ég er kominn á vettvang lýtalæknanna sólbrúnu í Nip/Tuck og allra þeirra föngulega kvenna sem þar koma við sögu. Svo væsir ekki um mig á Bláregnsslóð í nágrenni Aðþrengdu eiginkvennanna þar sem aldrei rignir og enginn talar dönsku.

Reyndar þykir það ekki góð latína að hallmæla evrópsku sjónvarpsefni eða kvikmyndum, sérstaklega ekki ef bandarísku efni er hampað í sömu andrá. Enda fæ ég venjulega orð í eyra

frá móður minni og systrum þegar ég læt þessa skoðun í ljós. Þó get ég varla verið einn um hana því þó svo að evrópskir þættir og kvikmyndir verði sífellt fyrirferðarmeiri hér á landi á bandarískt efni mun meira fylgi að fagna. Enda þekkir hvert mannsbarn urmul af bandarískum leikurum og leikkonum meðan þeir sem meðaljóninn þekkir úr evrópskum myndum og þáttum eru teljandi á fingrum annarrar handar.

En kannski hefur þetta eitthvað með það að gera að ég er jafnan þreyttur þegar ég kveiki á imbanum og vil því síður fá skammt af raunveruleikanum sem hefur þreytt mig nóg yfir daginn. Mig langar ekki í rigningu og raunamætt fólk þegar ég er að hvíla mig á hversdagsleikanum. Miklu frekar kýs ég óraunverulegar sögur lýtalæknanna tveggja og svo eitt bros frá Evu Longoria.

EKKI MISSA AF

19.00 Hollyoaks SIRKUS

20.00 Bullrun SKJÁREINN

20.00 Logi í beinni STÖÐ2

20.10 Gettu betur SJÓNVARPIÐ

22.00 Derailed STÖÐ2BÍÓ

SJÓNVARPIÐ

16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Spæjarar
17.55 Bangsímon, Tumi og ég
18.20 Þessir grallaraspóar
18.25 07/08 bíó leikhús e.
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
▶20.10 Gettu betur Í síðasta þætti átta liða úrslita keppa lið Verzlunarskóla Íslands og Menntaskólans í Reykjavík í beinni útsendingu úr Vetrargarðinum í Smáralind. Spyrill er Sigmar Guðmundsson, spurningahöfundur og dómari er Páll Ásgeir Ásgeirsson og um dagskrárgerð sér Andrés Indriðason.
21.15 Barnaby ræður gátuna - Mærin og riddarinn (Midsomer Murders: Maid in Splendor) Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við dularfull morð í ensku þorpi.
22.55 Tilboðið (The Proposition) Áströlsk bíómynd frá 2005. Löggæslumaður handsamar útlaga og setur honum þá afarkosti að drepi hann ekki eldri bróður sinn innan níu daga verði yngri bróðir hans tekinn af lífi. Leikstjóri er John Hillcoat og meðal leikenda eru Richard Wilson, Noah Taylor, Guy Pearce og Ray Winstone. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
00.35 Ginostra e.
02.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Spanglish
08.10 The Full Monty
10.00 Cloak and Dagger
12.00 Hot Shots!
14.00 Spanglish
16.10 The Full Monty
18.00 Cloak and Dagger
20.00 Hot Shots! (Flugásar)
▶22.00 Derailed
00.00 The Manchurian Candidate
02.05 Birth
04.00 Derailed

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.10 Oprah
08.50 Í fínu formi
09.05 The Bold and the Beautiful
09.25 La Fea Más Bella
10.10 Studio 60
11.15 60 mínútur
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Neighbours
13.10 Wings of Love
13.55 Wings of Love
14.45 Bestu Strákarnir (e)
15.15 Man´s Work
15.55 Barnatími Stöðvar 2
17.28 The Bold and the Beautiful
17.53 Neighbours
18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður
18.30 Fréttir
18.50 Ísland í dag og íþróttir
19.35 The Simpsons
▶20.00 Logi í beinni Nýr spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Þátturinn verður laufléttur, með frjálsu sniði og það eina sem lagt er upp með er að hann verði skemmtilegur; bjóða uppá skemmtilega viðmælendur, skemmtilega tónlist og skemmtilegar uppákomur. Þátturinn verður sendur út beint, með áhorfendum í sal.
20.45 Bandið hans Bubba (5:12) Einn stærsti viðburður Stöðvar 2 árið 2008. Rokkóngurinn leggur allt undir í leit að sannri rokkstjörnu framtíðarinnar, einhverjum sem syngur á íslensku, fyrir íslenska rokkþjóð. Þátturinn verður í beinni útsendingu og einn keppandi fellur úr leik hverju sinni, þar til eftir stendur nýr söngvari fyrir Bandið hans Bubba.
22.25 Into the Blue (Undirdjúp) Hörkuspennandi ævintýramynd með Jessicu Alba og Paul Walker. Þau leika kafara sem finna sögulegan fjársjóð skammt frá liggur einnig flugvélabrak með miklu magni af kókaíni og nú reynir á úrræðasemi þeirra þar sem hættulegir glæpamenn falast eftir góssinu. 00.10 Hackers (Tölvuþrjótar)
01.55 Das Boot
05.15 Fréttir og Ísland í dag
06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SÝN besta sætið

16.10 Middlesbrough - Sheffield. Utd FA Cup 2008 Útsending frá leik Middlesbrough og Sheffield Utd. í ensku bikarkeppninni.
18.35 Inside the PGA Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og tímabilið framundan skoðað.
19.00 Gillette World Sport Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið yfir víðan völl. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bakvið tjöldin.
19.30 Utan vallar
20.15 Spænski boltinn - Upphitun Upphitun fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
20.40 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu Vandaður fréttaþáttur úr Meistaradeild Evrópu þar sem síðustu umferðir eru skoðaðar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
21.10 World Supercross GP Að þessu sinni er keppt á Georgia Dome leikvanginum í Atlanta í World Supercross GP.
22.00 Heimsmótaröðin í póker 2007
22.55 Heimsmótaröðin í Póker 2006
23.45 NBA körfuboltinn (NBA 2007/2008 - leikur af NBA TV)

SÝN 2

17.30 Man. City - Everton Útsending frá leik Man. City og Everton í ensku úrvalsdeildinni.
19.10 Liverpool - Middlesbrough Útsending frá leik Liverpool og Middlesbrough í ensku úrvalsdeildinni.
20.50 Premier League World
21.20 Enska úrvalsdeildin - Upphitun Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.
21.50 PL Classic Matches
22.20 PL Classic Matches
22.50 Season Highlights Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
23.45 Enska úrvalsdeildin - Upphitun Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.

SKJÁREINN

07.30 Game tíví (e)
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
16.25 Vörutorg
17.25 Less Than Perfect (e)
17.45 Rachael Ray
18.30 Game tíví (e)
19.00 One Tree Hill (e)
▶20.00 Bullrun Raunveruleikasería þar sem fylgst er með æsispennandi götukappakstri um þver og endilöng Bandaríkin. Það eru 12 lið sem hefja leikinn á heimasmíðuðum tryllitækjum og það lið sem kemur fyrst á áfangastað snýr heim með 13 milljónir í farteskinu.
21.00 The Bachelor - Lokaþáttur Andy og stúlkan sem hann valdi líta um öxl og ræða ástina og hvað framtíðin ber í skauti sér. Hann þarf líka að svara spurningum frá stúlkunum sem hann hafnaði.
22.00 Law & Order Bandarískur þáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Líkamshlutar finnast í nokkrum mismunandi ruslagámum. Grunur beinist að kærustu fórnarlambsins eftir að blóð finnst í íbúð hennar. En þegar í ljós kemur að kærastan er ekki sú sem hún virtist vera breytist rannsóknin.
22.50 The Boondocks
23.15 Professional Poker Tour Á meðal keppenda eru lifandi goðsagnir í pókerheiminum. Keppt er á fimm mótum í flottustu spilavítum heims þar sem allt lagt undir. Í hverju móti er hálf milljón dollara í pottinum.
00.45 C.S.I. Miami (e)
01.35 Da Vinci's Inquest (e)
02.25 The Dead Zone (e)
03.15 World Cup of Pool 2007 (e)
04.05 C.S.I. Miami (e)
04.50 C.S.I. Miami (e)
05.35 Vörutorg
06.35 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

Stöð 2 kl. 20.45
Bandið hans Bubba

Níu keppendur standa eftir í Bandinu hans Bubba. Úrslitakeppnin er í beinni útsendingu en hver keppandi flytur eitt lag fyrir Bubba Morthens og dómarana Björn Jörund og Villa Naglbít. Í hverjum þætti þiggja þeir aðstoð frá einum gestadómara og að þessu sinni mun Margrét Eir veita þeim hjálparhönd. Þátturinn verður í beinni útsendingu og fellur einn keppandi úr leik hverju sinni, þar til eftir stendur nýr söngvari fyrir Bandið hans Bubba.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
The Bachelor LOKAÞÁTTUR
Skjár einn kl. 21

Bandarísk raunveruleikasería þar sem myndarlegur piparsveinn leitar að draumadísinni. Þetta er tíunda þáttaröðin og piparsveinninn að þessu sinni er bandarískur hermaður. Hann heitir Andy Baldwin og er mikill sjarmör. Andy og stúlkan sem hann valdi líta um öxl og ræða ástina og hvað framtíðin ber í skauti sér. Hann þarf líka að svara spurningum frá stúlkunum sem hann hafnaði.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.05 Morgunvaktin
08.00 Morgunfréttir
09.05 Óskastundin
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Sagnaslóð
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Vítt og breitt
14.03 Stjörnukíkir
15.03 Útvarpssagan: Dauðinn og mörgæsin
15.30 Dr. RÚV
16.00 Síðdegisfréttir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Pollapönk
20.30 Brot af íslenskri menningarsögu: Feministar
21.10 Flakk
22.12 Lestur Passíusálma
22.20 Svörtu sönggyðjurnar
23.00 Kvöldgestir
00.07 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

16.00 Hollyoaks (134:260)
16.30 Hollyoaks (135:260)
17.00 Skífulistinn
17.50 Totally Frank (22:26)
18.15 Hollywood Uncensored
▶19.00 Hollyoaks (134:260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.
19.30 Hollyoaks (135:260)
20.00 Skífulistinn X-factor stjarnan Rakel Magnúsdóttir fer yfir vinsælustu lögin á Íslandi í hverri viku.
20.50 Totally Frank (22:26) Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn. Leiðin á toppinn er ströng og stelpurnar þurfa að standa saman ef þær eiga að standast freistingarnar sem bíða þeirra. 2005.
21.15 Hollywood Uncensored Hvað gerist á bak við tjöldin í Hollywood. Hér verður öllum spurningum svarað.
22.00 My Name Is Earl
22.25 Flight of the Conchords
22.55 Numbers
23.40 Falcon Beach Paige, Lane og Erin eru öll í frí á Falcon Beach. Paige er ung og snobbuð dekurrófa sem vill frekar vera að vinna í fyrirtækinu hjá pabba sínum heldur en að hanga á ströndinni með mömmu sinni en þegar hún hittir Jason, aðaltöffara bæjarins, fara málin að flækjast.
00.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

INN

20.00 Mér finnst Raunveruleikasjónvarp þar sem konur tjá sig hispurslaust um allt sem stendur og situr, rís og hnígur, vakir og sefur á þessari plánetu. Umsjónarkonur eru Ásdís Olsen og Kolfinna Baldvinsdóttir. Katrín Júlíusdóttir er gestur þáttarins ásamt leynigesti.

DR 1

11.00 TV Avisen **11.10** Ærlig talt **11.35** Aftenshowet **12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Natur til hele banden **12.50** Rabatten **13.20** Sporløs **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Boogie Listen **16.00** Hannah Montana **16.30** Det kongelige spektakel **16.45** Alfons Åberg - novra **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** X Factor **20.00** TV Avisen 2**0.30** X Factor Afgørelsen **20.55** The Life of David Gale **23.00** Nedtælling

NRK 1

12.05 Rally-VM 2008: Rally Mexico **12.15** V-cup kombinert: Hopp **13.10** V-cup kombinert: 15 km langrenn **14.00** Megafon **14.30** Dinosapiens **14.55** Sketsj **15.05** Hannah Montana **15.30** Fin fredag **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Newton **16.55** Nyheter på tegnspråk **16.59** Barne-tv **17.00** Ørneredet **17.05** Mamma Mirabelle viser film **17.15** Rorri Racerbil **17.30** Store maskiner **17.35** Miniplanetene **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Showbiz **19.55** Nytt på nytt **20.25** Grosvold **21.10** Detektimen: Lewis **22.00** Kveldsnytt 2**2.15** Detektimen: Lewis **23.00** Sju historier om rock **23.50** 30 Rock **0.10** Kulturnytt

SVT 1

11.00 Rapport **11.05** Grön glädje **12.35** Melodifestivalen 2008: Deltävling 3 **14.10** Törnfåglarna **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Klass 9A **16.30** Plus **17.00** Bolibompa **17.25** Balduin kloakråttan **17.30** Evas superkoll **17.40** Felix och Fenix **18.00** Familjen Ouf **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Så ska det låta **20.00** Robins **20.30** Den siste samurajen **23.00** Rapport **23.10** Kulturnyheterna **23.25** Dubbat **23.55** Flirting with disaster **1.25** Sändningar från SVT24



ENNEMM / SÍA / NM32370

Þegar þú sérð gullstjörnuna getur þú treyst því að þátturinn sé fyrsta val Íslendinga undir 50 ára á sínum útsendingartíma.

SUNNUDAGA KL. 21.30
Á SKJÁEINUM

HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?

„Við lentum mun neðar en við áttum skilið.“

Jón Kjell Seljeseth, höfundur Þá veistu svarið, sem lenti í 13. sæti í Eurovision 1993.

„Sagði ég það? Sýnin á þetta hefur nú breyst svolítið með árunum. En þetta voru vonbrigði á þessum tíma, því þá fóru allir héðan út til þess að vinna. Það hófst með Gleðibankanum og tók dágóðan tíma að rjátlast af fólki,“ segir Jón Kjell nú.

Hemmi Gunn hitti Herra Lordi

„Þetta er ágætis náungi, ég mátti auðvitað ekki taka myndir en mér skilst að Þráinn tæknimaður hafi gert það,“ segir Hermann Gunnarsson, einn örfárra í heiminum sem hafa séð Hr. Lordi án allra tækja og tóla. Finnska Eurovision-hetjan er mætt til landsins og verður viðstödd frumsýningu kvikmyndarinnar Dark Floors í kvöld.

Rokkhetjan er samkvæmt heimildum Fréttablaðsins þó engu minni rokkari en skrímslið sjálft og er til að mynda klæddur í forlátan Kiss-jakka með sítt og mikið hár og töluvert skegg. Finninn kom hingað ásamt aðstoðarfólki sínu enda lætur hann ekki sjá sig opinberlega án þess að vera í búningi. Og þarf einhvern mannskap til að breyta honum í þetta skrímsli. Lordi borðar þó eins og annað fólk og skellti sér meðal annars á Þrjá frakka og hélt vart vatni yfir hvalnum þar. Hann brá sér síðan í Bláa lónið á eftir og slakaði vel á fyrir átökin.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ætlar finnska skrímslið síðan að gera allt brjálað í miðborg Reykjavíkur og skemmta sér með höfuðborgarbúum langt fram á nótt. Og verður að sjálfsögðu í búningnum, allan tímann. **- fgg**

MÆTTUR Herra Lordi lætur ekki sjá sig opinberlega án þess að vera í búningi og hyggst kíkja á næturlífið í Reykjavík í fullri múnderingu.

HITTI GOÐIÐ Hemmi Gunn hitti söngvarann úr Eurovision-bandinu Lordi á förnum vegi í gær. Vel fór á með þeim félögum.



LÁRÉTT
2. vanþóknun **6.** samtök **8.** langar **9.** margsinnis **11.** 2000 **12.** kvenvargur **14.** heppni **16.** sjó **17.** málmur **18.** svelgur **20.** grískur bókstafur **21.** heiti.

LÓÐRÉTT
1. land í asíu **3.** tveir eins **4.** gufuskip **5.** angan **7.** færa úr fötum**10.** efni **13.** gerast **15.** einsöngur **16.** taug **19.** frá.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. svei, **6.** aa, **8.** vil, **9.** oft, **11.** mm, **12.** skass, **14.** lukka, **16.** sæ, **17.** eir, **18.** iða, **20.** pí, **21.** nafn.

LÓÐRÉTT: 1. laos, **3.** vv, **4.** eimskip, **5.** ilm, **7.** afklæða, **10.** tau, **13.** ske, **15.** aría, **16.** sin, **19.** af.

VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á bls. 8.

1. Þórir Guðmundsson.
2. Hrafn Bragason.
3. José Manuel Barroso.

VÍSIR.IS
“...ég sá það á vísi”

BIRGITTA INGA: ÓSÁTT VIÐ FRÉTTINA „Í SLEIK Á NASA“

Saka Séð & heyrt um þjófnað á Tarantino-myndum

Inga Birna Dungal ætlar að krefja tímaritið Séð & heyrt um greiðslur fyrir birtingu mynda af vinkonu sinni, Birgittu Ingu Birgisdóttur, og bandaríska leikstjóranum Quentin Tarantino. Myndirnar birtust í 2. tölublaði blaðsins í janúar síðastliðnum og mun Vilhjálmur H. Vilhjálmsson héraðsdómslögmaður hafa tekið málið að sér. Hann staðfesti það í samtali við Fréttablaðið.

Inga Birna segir tímaritið hafa stolið myndunum af læstu myndsvæði hennar á netinu. Og hún segir að sér hafi brugðið í brún þegar hún sá myndirnar á forsíðu blaðsins undir fyrirsögninni „Í sleik á Nasa“. „Ég hafði ekki hugmynd um þetta. Ég hafði heyrt af því að það væri einhver kona að selja myndir á netinu en vissi ekki að þetta væru mínar myndir,“ segir Inga sem ætlar ekkert að gefa eftir í baráttunni við glanstímaritið. „Það eru auglóslega mínar myndir sem selja þetta umrædda blað.“

Loftur Atli Eiríksson, annar ritstjóri Séð & heyrt, segir blaðið hafa fengið myndirnar sendar frá vinkonu Ingu, Birgittu Ingu. Hann sagðist ekki trúa því að eitthvert mál yrði gert úr þessu. „Við stálum þeim ekki, hún sendi okkur þetta sjálf.“

Birgitta Inga Birgisdóttir sagðist í samtali við Fréttablaðið vissulega hafa sent Séð & heyrt einhverja mynd. Þær hafi hins vegar aldrei birst í blaðinu heldur hafi aðrar myndir af læstu vefsvæði Ingu verið teknar ófrjálsri hendi og birtar á forsíðu blaðsins. Birgitta var einnig afar ósátt með framsetningu fréttarinnar og fyrirsögnina „Í sleik á Nasa“. „Nei, við vorum ekkert í sleik og þetta skapaði mikla spennu á heimili mínu enda á ég kærasta. Hann þurfti að útskýra fyrir allri sinni fjölskyldu hvert málið væri,“ segir Birgitta.

Athygli vakti að aðeins viku seinna birti Séð & heyrt frétt um að breska götublaðið News of the World hefði sýnt myndunum áhuga. Loftur Atli segir að ekkert hafi orðið úr sölu á myndunum og því hafi Birgitta og Tarantino ekki birst á síðum þess blaðs. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun lögmaður Ingu ætla að senda greiðslukröfu til tímaritsins en koma verður í ljós hvort málið rati alla leið fyrir dómstóla.

freyrgigja@frettabladid.is

ÓSÁTTAR Þær Birgitta Inga (til vinstri) og Inga Birna eru ósáttar með Séð & heyrt og segja blaðið hafa stolið myndum af læstri vefsíðu. Því neitar ritstjóri blaðsins.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Þórhallur Gunnarsson og félagar í Efstaleiti hafa væntanlega opnað kampavínsflösku af gleði þegar ný áhorfsmæling Capacent birtist í gær. Samkvæmt henni ber RÚV höfuð og herðar yfir aðrar sjónvarpsstöðvar landsins. Nítján af tuttugu vinsælustu þáttum landsins eru á dagskrá Ríkissjónvarpsins og þar ber hæst að tæp áttatíu prósent þjóðarinnar horfðu á Eurobandið vinna lokaþátt Laugardagslagamaraþonsins sem Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir stýrði.



En Stöðvar 2-menn gátu þó huggað sig við eina staðreynd. Og hún er sú að **Bandið hans Bubba** er smám saman að klifra upp vinsældalistann. Í síðustu mælingum komst rokkkóngurinn ekki einu sinni inn á topp þrjátíu en hefur sótt í sig veðrið og er nú annar vinsælasti þáttur Stöðvar 2, er í 21. sæti á heildarlistanum. Áhorf á bæði Ísland í dag og fréttir Stöðvar 2 hefur dalað frá síðustu mælingum. Þau **Svanhildur Hólm**, ritstjóri Íslands í dag, og **Steingrímur Sævarr**, fréttastjóri Stöðvar 2, þurfa að hrista rækilega upp í hlutunum ef dagskrárliðirnir tveir eiga ekki að detta út af topp þrjátíu.

Meira af **Bubba Morthens**. Hann vann sem kunnugt er mál gegn **Eiríki Jónssyni** og tímaritinu Hér og nú um árið og fékk fyrirsögnina „Bubbi fallinn“ dæmda dauða og ómerka. Bubbi og Eiríkur höfðu litla ástæðu til að umgangast mikið í framhaldi af þessu máli, en þeir rákust þó á hvor annan í matvörubúð á dögunum. Eiríkur mun hafa leikið við hvern sinn fingur og reynt að kynna Kónginum kosti dööðlubrauðs. Bubbi mun hafa haldið kúlinu og ekki labbað út með dööðlubrauð. **- fgg/glh**

Hársnyrtinemar athugið

Staða laus á Rauðhettu og Úlfinum

Upplýsingar í síma 511-4004

Reykherbergi Barsins rifið

Nýir eigendur skemmtistaðarins Barsins, Elmar Guðmundsson og Páll Gunnar Ragnarsson, létu það verða sitt fyrsta verk að rífa umdeilt reykherbergi sem fyrrverandi eigendur staðarins, þeir Baldvin Samúelsson og Ragnar Magnússon, létu reisa.

Elmar og Páll tóku við staðnum í síðustu viku og hyggjast koma honum í gott horf en ætla þó ekki að loka á meðan. Elmar sagði að fundin yrði einhver lausn á reykvanda ölþyrstra gesta staðarins sem allir gætu sætt sig við. „Þetta herbergi hentar einfaldlega ekki þeim hugsjónum sem við höfum um framtíð staðarins,“ segir Elmar. „Við ætlum okkur að finna einhverja aðra lausn á þessum vanda í góðu samstarfi við borgina og yfirvöld.“

Töluverður styr stóð um reykherbergið fyrr á þessu ári sem endaði meðal annars með því að nokkrir staðir leyfðu reykingar í almennum rýmum. Í kjölfarið brá Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra á það ráð að gagnrýna reykherbergið sem er í Alþingishúsinu og sagði þá fáránlegt að þingið væri með sitt eigið reykherbergi. „Einhvern veginn finnst mér að löggjafarsamkoman verði að ganga á undan með góðu fordæmi,“ sagði Guðlaugur. Samkvæmt upplýsingum frá Alþingishúsinu verður reykherberginu lokað 1. júní og varð Barinn því á undan sjálfu löggjafarvaldinu. **- fgg**

HORFIÐ Hið umdeilda reykherbergi á Barnum er horfið og kemur aldrei aftur að sögn nýrra eigenda. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SIMPLY CLEVER

ALVÖRU KRAFTUR ENGIN EYÐSLA

Skoda Octavia 1,9 TDI® – 4,9 lítrar á hundraðið
Nýja TDI® vélin í Skoda Octavia er ein vandaðasta dísilvél sem völ er á. Hún skilar miklu og jöfnu afli en eyðir þó aðeins 4,9 lítrum á hundraðið í blönduðum akstri. Veldu vandaðan verðlaunabíl í fullri stærð með pláss fyrir alla fjölskylduna, rúmgott farangursrými og frábæra aksturseiginleika – og eigðu nóg afgangs til að ferðast um landið, sumar jafnt sem vetur.

Verð kr. **2.630.000**
Skoda Octavia 1,9 TDI®



Ríkulegur staðalbúnaður Octavia

ESP stöðugleikakerfi og spólvörn	Sex hátalarar	Hraðastillir (cruise control)	Hiti í speglum
Aksturstölva	Hanskahólf með kælibúnaði	Þokuljós í framstuðara	Loftkæling
Tengi fyrir iPod	Sex loftpúðar	Hiti í sætum	Hæðarstillanleg sæti

HEKLA · Laugavegi 172-174 · Sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranes · Ísafjörður · Reyðarfjörður · Reykjanesbær · Selfoss

HEKLA

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

visir.is
"...ég sá það á vísi"

BAKÞANKAR
Þórgunnar Oddsdóttur

Innipúkar í afneitun

Í nýlegri sjónvarpsauglýsingu frá 66 gráðum norður situr ungur strákur við útvarpið að morgni dags og hlustar spenntur á þulinn lesa upp nöfn þeirra skóla þar sem kennsla fellur niður vegna veðurs. Það er ekki oft sem ég verð meyr yfir auglýsingum en þessi kallar fram svo notalegar tilfinningar að ég gæti horft á hana aftur og aftur. Mér finnst litli strákurinn vera ég sjálf við eldhúsborðið heima fyrir allt of mörgum árum síðan og heyri í anda röddina í útvarpinu þylja upp nöfn skólanna á svæðinu uns hún nefnir loksins Þelamerkurskóla í Hörgárdal – skólann minn.

Í minningunni jafnast þetta andartak næstum því á við það þegar klukkan slær sex á aðfangadagskvöld og þulurinn segir gleðileg jól. (Merkilegt hvað útvarpsþulir geta veitt manni mikla gleði.) Ekki það að mér hafi leiðst í skólanum. En skemmtilegur skóladagur jafnast seint á við sæluna sem fylgir því að staulast á fætur í kolniðamyrkri, heyra stórhríðina bylja á gluggunum og fá síðan leyfi, í útvarpi allra landsmanna, til þess að skríða aftur undir hlýja sæng.
Einhverra hluta vegna er sú mýta lífseig að Íslendingar séu hraustmenni sem láta veðrið ekki á sig fá. Við grípum jafnan til hennar sjálf þegar útlendingar spyrja hvort það sé ekki óskaplega kalt á Íslandi. Fyrst reynum við að sjálfsögðu að sannfæra viðkomandi (og í leiðinni okkur sjálf) um að veðrið hér sé bara alveg bærilegt og minnumst ekki einu orði á þá staðreynd að fáar þjóðir kvarta jafn mikið undan veðrinu og við. Ef viðmælandinn er tortrygginn drepum við efasemdirnar með því að dásama dug íslenskra víkinga sem arka af stað út í daginn hvort sem það er sólskin eða bylur.

Kannski stafa þessar ranghugmyndir af reynsluleysi. Sannleikurinn er nefnilega sá að fæst höfum við hugmynd um hvernig veðurfar er hér á landi. Í þau fáu skipti sem við hættum okkur út undir bert loft er það aðeins til þess að setjast upp í heitan bíl, helst einn af þessum óteljandi jeppum sem engin þjóð á jafn mikið af.

MIG grunar að víkingunum forfeðrum okkar, þessum sem við erum svo gjörn á að bera okkur saman við, þætti dugur okkar heldur lítill þar sem við sitjum föst í snjóskafli á Miklubrautinni á nýja Landkrúsernum okkar og bölvum því að þurfa að fara út og skafa. Hinn íslenski víkingur er nefnilega ekki dugmeiri en svo að innst inni óskar hann þess einskis heitar en að röddin í útvarpinu gefi honum leyfi til þess að fara heim og breiða upp fyrir haus.

GÓÐAN DAG!
Í dag er föstudagurinn 29. febrúar, 60. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	8.37	13.40	18.44
Akureyri	8.27	13.25	18.24

Heimild: Almanak Háskólans

WWW.UU.IS

Dublin

Njóttu frídaganna í lítilli stórborg

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

20.-24. mars (páskar)
27.-30. mars

24.-27. apríl (24. apríl er frídagur)
1.-5. maí (1. maí er frídagur)

JURYS INN - PARNELL STREET ★★★

Gott hótel sem er við O'Connel St. og Henry St., sem er ein aðal verslunargata borgarinnar. Hið líflega Temple Bar hverfi er í göngufæri við hótelið.

Verðdæmi: 49.900,-
á mann í tvíbýli með morgunverði, 27. - 30. mars

O'CALLAGHAN ALEXANDER ★★★★

Hótelið sameinar nútíma og klassík á skemmtilegan hátt. Það er vel staðsett við Merrion Square í hjarta borgarinnar, örskammt frá Trinity College, Grafton St. og Stephens Green garðinum.

Verðdæmi: 53.800,-
á mann í tvíbýli með morgunverði, 27. - 30. mars

Írar eru vingjarnlegir og þekktir fyrir að taka vel á móti gestum og hafa íslenskir ferðamenn verið sérstaklega velkomnir í Dublin. Í miðborginni er líflegt um að litast, þjóðlagatónlist ómar frá börum og fjölbreytt verk eru á fjölum leikhúsa. Úrval sérverslana og vöruhúsa er í borginni en rétt utan við hana er ný verslunarmiðstöð. Í matarmenningu er Dublin komin í hóp heimsborga og enginn má missa af því að heimsækja ekta írskan pöbb og kneyfa ölið með heimamönnum.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting með morgunverði. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

ÚRVAL-ÚTSÝN - LÁGMÚLA 4 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 585 4000 - FAX 585 4065 - INFO@UU.IS